



**SKOÐUN** Betri stjórnarstefna er möguleg, skrifar Arni Páll Arnason. **26**



**MENNING** Sóni Þjóðar sýnir MP5 sem unnið er út frá byssumálinu mikla. **42**



**LÍFID** Aðdáendur Beyoncé og Jay-Z tjá sig um Íslandsheimsóknina. **64**



**SPORT** Jón Margeir og Thelma Björg íþróttafólk ársins hjá fötluðum. **58**



Jólafrjóðungur fylgir Fréttablaðinu í dag

**TIGER**  
Villidýr á verði  
tiger.is · facebook.com/tigericeland

# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur

4. desember 2014  
285. tölublað 14. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

## FRÉTTIR



### Jóga róar leikskólabörn

Kennari jafnt sem börn í leikskólunum Öskju hlakka til jókastunda sem þar fara fram. Börnin reyna að fá foreldrana með. **20**

### Lagarfljótsormurinn strand

Skipulagsnefnd hefur hafnað hugmynd um að gera veitingaferjuna Lagarfljótsorminn að veitingastað á Egilsstöðum. **2**

**Sátt rofin um jöfnunarsjóð** Borgarstjórnin í Reykjavík segir að nái fram að ganga frumvarp um afnám lágmarksútsvars hafi sátt um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga verið rofin. **4**

### Vilja meira í heilbrigðismál

Stjórnarandstaðan hefur lagt fram sameiginlegar breytingartillögur við fjárlagafrumvarpið. **6**

## Spenna og leynd yfir nýjum ráðherra

Nýr innanríkisráðherra verður skipaður á ríkisráðsfundi í dag. Hann mun sinna öllum málaflokkum ráðuneytisins. Líklegast er að Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis og fyrrverandi landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, verði skipaður.

**STJÓRNMÁL** Boðað hefur verið til fundar í ríkisráði á Bessastöðum klukkan 13 í dag. Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu forseta Íslands mun nýr innanríkisráðherra taka við embætti á fundinum.

Heimildarmenn Fréttablaðsins telja líklegast að Einar K. Guðfinnsson verði skipaður. Hann hefur áður gegnt embættum landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra en var kjörinn forseti Alþingis eftir síðustu kosningar.

Ljóst er að Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, heldur spilunum þétt að sér. Hann gerir þingmönnum Sjálfstæðisflokksins grein fyrir

ákvörðun sinni á þingflokksfundum sem haldinn verður áður en þingfundur hefst klukkan hálf ellefu í dag.

Enginn þeirra þingmanna sem Fréttablaðið hafði samband við í gær sagðist hafa upplýsingar um hver yrði skipaður. Bjarni Benediktsson mun hafa rætt við þingmenn flokksins einslega í vikunni til þess að heyrja sjónarmið þeirra varðandi val á nýja ráðherranum.

Eftir að aðstoðarmaður Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra var ákærður fyrir trúnaðarbrot um miðjan ágúst síðastliðinn varð Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráð-

→ Nýr ráðherra mun sinna öllum skyldum í innanríkisráðuneytinu.

herra einnig dómsmálaráðherra og tók þar með við hluta af skyldum innanríkisráðherra.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins gegnir nýr ráðherra hins vegar öllum þeim skyldum sem Hanna Birna Kristjánsdóttir gegndi eftir síðustu kosningar og Ógmundur Jónsson á undan henni. Það er, öllum þeim verkefnum sem áður heyrðu undir dómsmálaráðuneytið og samgönguráðuneytið. -jnh



ÚTBLÁSTUR Hlýnun jarðar ekkert að stöðvast. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hitinn haldist yfir meðaltali:

## Ætlar að verða hlýjasta árið

**PERÚ, AP** Árið 2014 virðist ætla að verða hlýjasta ár sögunnar, samkvæmt bráðabirgðaupplýsingum frá Alþjóðaveðurstofnuninni sem kynntar voru á loftslagsráðstefnunni í Líma í gær.

Hitinn frá janúar til október er 0,57 stigum yfir meðaltali, rétt eins og sömu mánuðir voru árið 2010.

„Bráðabirgðaupplýsingar fyrir 2014 þýða að 14 af 15 hlýjustu árum skráðrar sögu hafa öll verið á 21. öldinni,“ segir Michel Jarraud, framkvæmdastjóri stofnunarinnar. „Hlýnun jarðar er ekkert að stöðvast.“ -gb



Bolungarvík	-2°	SA	3
Akureyri	-2°	SV	6
Egilsstaðir	-1°	SV	7
Kirkjubæjarkl.	-4°	SV	5
Reykjavík	0°	S	5

**ÉLJAGANGUR** Í dag verða sunnan 5-10 m/s og víða él en gengur í stífa norðanátt seint í kvöld. Kólnar í veðri til morguns. **4**

## SÉRBLAÐ

Fólk



**KÆRLEIKSKÚLAN** Systurnar Snædís Rán og Áslaug Ýr Hjartardætur tóku á móti fyrstu Kærleikskúlanum í gær. Fyrstu kúlanar eru afhentar framúrskarandi fyrirmyndum en þær hafa barist fyrir auknum réttindum fatlaðra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Jóladagatal á klósettpappír: Eitt snifsi á dag fram að jólum

**LÍFID** Rán Flygenring teiknari færði vinum sínum óvenjulegt jóladagatal að gjöf.

Rán myndskreytti rúllu af klósettpappír með heilræðum og jólateikningum. „Þetta er sem sagt dagatal þar sem maður rífur eitt snifsi á dag. Þetta virkar eins og venjulegt dagatal en er vonandi líka svona sparnaðarráð í desember,“ segir Rán. Jóladagatalið ber nafnið Ekki pissa í þig af spenningi en dagatalið vekur fólk einnig til umhugsunar um pappírssóun enda má einungis rífa eitt snifsi af á dag. -gló / sjá síðu 64



**RÁN FLYGENRING**



## Ísland er ekki í forystuhlutverki í alþjóðasamstarfi um málefni hafsins: Markmið um mengun ekki virt

**UMHVERFISMÁL** Ísland á ekki aðild að fjölmörgum alþjóðasamningum um varnir gegn mengun sjávar frá skipum. Samningum sem þegar hafa verið staðfestir er ekki framfylgt.

Ríkisendurskoðun hefur sent frá sér skýrslu til Alþingis þar sem er fjallað um aðild Íslands að, og framkvæmd á, alþjóðlegum samningum um varnir gegn mengun

sjávar frá skipum. Rauði þráður skýrslunnar er hversu óhönduglega stjórnvöldum hefur haldist á því að standa við alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist.

Stjórnvöld hafa um árabíl haft að markmiði að gegna forystuhlutverki í málefnum hafsins. Engu að síður liggur

fyrir að tíu alþjóðlegir samningar, viðbætur og bókanir sem tengjast Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO) og fjalla um varnir gegn mengun frá skipum hafa ekki verið staðfestir. Ísland framfylgir ekki heldur samningum sem þjóðin á þegar aðild að, en þeir eru í stöðugri endurskoðun. -shá / sjá síðu 12

Glaesilegar jólagjafir

Kíktu á úrvalið í vefversluninni okkar á michelsen.is

MICHELSEN  
ÚRSMÍÐIR

GJAFU AF ÖLLU  
**HJARTA**

Kringlan

SMÁRALIND  
Gleðilag jól

## SPURNING DAGSINS



Ómar, verða menn ekki á nálum af þessari olíu?

„Nei, en þeir komast í jólasap.“

Kokkarnir Ómar Stefánsson og Jónas Oddur Björnsson í Hannesarholti hafa gert olíu úr greni sem meðal annars á að bragðbæta ís.

## Stjórn Landssambands hestamannafélaga vill semja við Skagfirðinga: Finna landsmóti stað að Hólum

**ÍPRÓTTIR** Stjórn Landssambands hestamannafélaga (LH) samþykkti í gær breytt staðarval á Landsmóti hestamanna 2016. Mótsstaðurinn verður færður frá Vindheimamelum að Hólum í Hjaltadal, en tillaga þess efnis var samþykkt á fundi LH í gær. Allir sjö stjórnarmenn LH skrifuðu undir tillöguna.

Landsþing LH í október sprakk í loft upp. Stuttu fyrir þingið hafði stjórn LH slitið viðræðum við Gullhýl sem átti að halda landsmót á Vindheimamelum. Taldi LH ekki

forsvaranlegt að halda áfram viðræðum við Gullhýl. Landsþing ályktaði gegn stjórninni og taldi rétt að halda áfram viðræðum við Gullhýl og klára samning til þess að halda landsmót að Vindheimamelum.

Stjórn landssambandsins ákvað því að hálfu að verða við ályktun landsþingsins um að semja við Gullhýl um að halda landsmót árið 2016, með þeirri breytingu að færa mótið heim að Hólum í Hjaltadal. Landsmót var síðast haldið þar árið 1966.

- sa



**LANDSMÓT HESTAMANNA** Halda á landsmót á Hólum í fyrsta skipti í fimmtú ári.

## Skólastarf flutt undir eitt þak

**ÞINGEYJARSVEIT** Líklegast er að skólastarf í Þingeyjarsveit verði sameinað á einum stað, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Það hefur verið til aukasveitarstjórnarfundar um skólamála klukkan eitt í dag.

Mikill hiti er í íbúum vegna skólamála. Skýrslur sem hafa verið skrifaðar sýna að kostnaður við tvískipt skólalund er sveitarfélaginu mjög þungur. Bæði fjárhagsleg og fagleg rök hnígi að því að færa skólalund undir eitt þak.

- sa



**VIÐURKENNING** Verðlaunahafarnir, að einum undanskildum, ásamt félagsmálaráðherra við afhendinguna.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Proskahjálpar verðlaunaði frumkvöðla á alþjóðadegi fatlaðra: Fjórir tóku á móti Múrbrjótnum

**SAMFÉLAGSMÁL** Í gær, á alþjóðadegi fatlaðra, afhenti Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, Múrbrjóta Proskahjálpar. Múrbrjóturinn er viðurkenning til þeirra sem hafa stuðlað að því að brjóta niður múra sem oft umlykja líf fatlaðs fólks.

Fjórir aðilar tóku á móti viðurkenningunni. Mæðgurnar Embla Guðrúnar- og Ágústsdóttir og Guðrún Hjartardóttir voru heiðraðar sem og Stígamót. Birna Guðrún Baldursdóttir tók á móti verðlaununum við sérstaka athöfn á Akureyri.

- jõe

Rýmri heimild sveitarfélaga:

## Mega skilyrða fjárhagsaðstoð

**VELFERÐARMÁL** Samkvæmt nýju frumvarpi félagsmálaráðherra fá sveitarfélögin skýrari heimild til að skilyrða eða skerða fjárhagsaðstoð til fólks sem telst vinnufært. Markmið frumvarpsins er að koma í veg fyrir að langvarandi atvinnuleysi leiði til óvinnufærni.

Fjöldi þeirra sem þiggja fjárhagslega aðstoð hjá sveitarfélögum hefur tvöfaldast frá árinu 2007. Elín Sigurðardóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar, segir hættulegt ef verið sé að auka heimildir til skerðinga til að bregðast við því.

„Skerðingar leysa ekki vanda fólks sem er félagslega og fjárhagslega í vanda statt.“

- þká

Byrjaði á að hringja til Kína:

## Tusk hringdi í Xi Jinping

**EVROÞUSAMBANDIÐ** Eitt fyrsta verk Donalds Tusks í embætti forseta ráðs ESB var að hringja til Kína



DONALD TUSK

ad spjalla við Xi Jinping forseta. Að loknu símtalinu sendi hann frá sér tilkynningu þar sem hann sagðist leggja áherslu á að styrkja tengslin við Kína. Það muni gagnast bæði Evrópusambandinu, Kína og heiminum öllum.

Þá sagðist hann hafa rætt sérstaklega mikilvægi þess að landmæri ríkja standi óbreytt, „sem er sérstaklega mikilvægt í tengslum við Úkraínu.“

- gb

# Lagarfljótsormurinn fastur á strandstað

Veitingaferjan Lagarfljótsormurinn sem staðið hefur ónotuð á árbakkanum um árabíl er ekki á leið í nýtt hlutverk sem rútubílstjóri ætlaði skipinu með því að gera það að veitingastað á Egilsstöðum. Skipulagsnefnd hafnar hugmyndinni.

**VIÐSKIPTI** „Ég átti nú von á að þeir myndu nú að minnsta kosti vilja ræða við mig,“ segir Hlynur Bragason rútubílstjóri sem fær ekki heimild bæjaryfirvalda til að gera skipið Lagarfljótsorminn að veitingastað á Egilsstöðum.

Núverandi eigandi Lagarfljótsormsins er Sævar Jónsson í vélsmíðjunni Stálskjórnunni á Seyðisfirði, sem eignaðist skipið eftir að rekstur þess komst í þrot síðast. Lagarfljótsormurinn fór fyrst á flot eystra sumarið 1999.

Frá árinu 2011 hefur skipið verið uppi á landi ofan við Lagarfljótsbrúna. Sævar segist hafa ætlað að koma skipinu á flot aftur og verið kominn með öll leyfi en það hafi þá reynst skemmt.

„Ég hafði ekki bolmagn til að klára það og minn banki sagðist þegar hafa tapað nógu á þessu apparati. Ég ákvað þá að finna einhvern annan til að taka við keflinu,“ segir Sævar.

Hlynur Bragason er einn þeirra sem sýndu Lagarfljótsorminum áhuga. Hann spurðist fyrir um það hjá bæjaryfirvöldum Fljótsdalshéradis hvort hann gæti fengið lóð fyrir skipið í miðbæ Egilsstaða. Því hefur verið hafnað með vísun í skipulagslög.

„Meðlimir umhverfis- og framkvæmdanefndar voru að minnsta kosti ekki tilbúnir að samþykka þetta erindi eins og það var lagt upp,“ segir Björn Ingimarsson bæjarstjóri. „Ég á frekar von á að skipið verði fært, það er bara spurning hvert. En víst væri gaman ef það færi aftur á flot.“

Rekstur Lagarfljótsormsins hefur aldrei gengið vel frá því hann hóf



**LAGARFLJÓTSORMURINN** Skipið er 48 metra langt og tekur 110 manns í sæti. Það hóf siglingar á Lagarfljóti sumarið 1999.

„Meðlimir umhverfis- og framkvæmdanefndar voru að minnsta kosti ekki tilbúnir að samþykka þetta erindi.“

Björn Ingimarsson  
bæjarstjóri.

siglingar á fljótinu. Hlynur Bragason segist telja útséð með að reksturinn á fljótinu gangi. Sjálfur rekur hann rútubílafyrirtæki. „Mér datt í hug að þetta gæti verið heppilegt fyrir konuna mína en þeir blésu þetta bara út af borðinu,“ segir hann.

Sævar segir að við sölu á skipinu

„Ég hafði ekki bolmagn til að klára það og minn banki sagðist þegar hafa tapað nógu á þessu apparati.“

Sævar Jónsson,  
eigandi Lagarfljótsormsins.

hafi hann lagt áherslu á að það færi ekki úr héraðinu. Úr því Hlynur fái ekki undirtektir við sinni hugmynd geti það nú breyst enda hafi hann fengið tilboð frá aðila sem vilji fara með skipið af svæðinu. „Ég hélt að það væri meiri áhugi á Héraði fyrir Lagarfljótsorminum,“ segir Sævar.

gar@frettabladid.is

## HÁGÆÐA JÓLALJÓS LED



Frá Svíþjóð

Mikið úrval vandaðra útisería fyrir fyrirtæki, húsfélög og heimili

**Grillbúðin**  
www.grillbudin.is

Smiðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400

Skoðið úrvalið á  
www.grillbudin.is

Opíð kl. 11 - 18 virka daga  
Opíð kl. 11 - 16 laugardaga

## Skattrannsóknarstjóra veitt heimild til að kaupa upplýsingar um skattaskjól: Átakið gæti skilað milljörðum

**EFNAHAGSMÁL** Fjármálaráðherra hefur veitt skattrannsóknarstjóra heimild til að kaupa gögn um Íslendinga sem eiga aflandsfélög í skattaskjólum. Þetta er þó háð því skilyrði að kaupverðið verði ekki hærra en tiltekið hlutfall þeirra fjármuna sem tekst að endurheimta með þessum hætti.



**BJARNI BENEDIKTSSON**

„Við í ráðuneytinu höfum ekki upplýsingar um það hver á í hlut hér, þau samskipti eru öll beint við skattrannsóknarstjóra,“ segir Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra um seljendur upplýsinganna, sem ekki er vitað hverjir eru. „Það hefur þó komið fram að þessir aðilar bjóða gögnin fram meðal annars á þeirri forsendu að greiðsla verði einungis innt af hendi ef skattheimta verður niðurstaðan af upplýsingagjöfni.“

Ráðherra hefur einnig skipað starfshóp til að kanna hvort setja eigi svokölluð „amnesty“-ákvæði í íslensk skattalög. Slík ákvæði fela í sér að samið er um að menn sleppi við refsingu geri þeir sín mál upp aftur í tímann.



**HÖFUÐSTÖÐVAR SKATTRANNSÓKNARSTJÓRA** Embættinu hefur verið veitt heimild til að kaupa gögn um Íslendinga sem eiga aflandsfélög.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Frosti Sigurjónsson, formaður efnahags- og skattanefndar Alþingis, fagnar ákvörðun fjármálaráðherra. „Ég hef verið að meta í hugarreikningi, að ef Íslendingar hafa verið álfka duglegir og nágrannabjóðir okkar, þá gætu þetta verið fimm til fimmtán milljarðar sem gætu hugsanlega skilað sér í svona átaki,“ segir Frosti.

- þká

# GEFÐU GÓÐA SKEMMTUN



Gjafakort Smáralindar er tilvalin jólagjöf  
handa foreldrum, ömmum, öfum, systkinum,  
vinum, frændum, frænkum og öllum sem  
þér þykir vænt um.



**SMÁRALIND**  
Gleðileg jól

SVONA ERUM VIÐ



**50,1 milljarður er verðmæti útflutnings Íslands í síðasta mánuði.**

Vöruskipti í nóvember, reiknuð á FOB-verðmæti, voru hagstæð um 7,1 milljarð króna. Heimild: Hagstofa Íslands

Breytingartillögur sjálfstæðismanna við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar voru felldar:

# Telur að skoða þurfi velferðarþjónustuna

**REYKJAVÍK** Áslaug María Friðriksdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, segir nauðsynlegt að fjárfesta í nýsköpun í velferðarmálum ásamt því að skoða vandlega rekstrarumhverfi þjónustu Reykjavíkurborgar. Hún kveðst ósátt við hlut velferðarmála í nýrri fjárhagsáætlun borgarinnar.

„Öldruðum fjólgar mjög mikið og það þarf að breyta kerfunum sem við erum að reka núna,“ segir Áslaug. „Við veitum hvorki nógu mikla né góða þjónustu nú þegar til aldraðra og fatlaðra. Brýnt er að við áttum okkur á hvað gera þurfi.“

Fjárhagsáætlun borgarinnar var samþykkt á fundi borgarstjórnar seint á þriðjudag. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu alls fram



ÁSLAUG MARÍA FRÍÐRIKSDÓTTIR

tuttugu breytingartillögur við áætlunina en aðeins ein var samþykkt. Áslaug segist ekki skilja hvers vegna meirihluti borgarstjórnar taki ekki undir áhyggjur minnihlutans af velferðarþjónustu borgarinnar.

„Við vildum meðal annars setja tuttugu milljónir í úttekt á umhverfinu sem velferðarsviðið rekur,“ segir Áslaug.

„Átta okkur á því hvort það sé nógu skapandi eða þannig hvetjandi að fólk hafi frelsi til að fylgja nýjum hugmyndum.“



VELFERÐARVIÐ Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja þörf á úttekt á þjónustu borgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



REKIN Jaír Lapid og Tsipi Livni hafa gagnrýnt fyrirhugaða stjórnarskrárbreytingu sem skilgreinir Ísrael sem ríki gyðinga.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Ríkisstjórn Ísraels fallin: Þingrof flýtir kosningum

**ÍSRAEL, AP** Ísraelska þingið samþykkti í gær að þing yrði rofið, þannig að hægt verði að boða til kosninga snemma á næsta ári. Tvö ár eru þó enn eftir af kjörtímabilinu.

Benjamín Netanjahú forsætisráðherra rak á þriðjudag tvo af ráðherrum stjórnarinnar, þau Tsipi Livni og Jaír Lapid. Livni hefur verið dómsmálaráðherra en Lapid fjármálaráðherra.

„Undanfarnar vikur hafa ráðherrarnir Lapid og Livni harðlega gagnrýnt stjórnina sem ég stýri,“ sagði í yfirlýsingu frá Netanjahú. „Ég ætla ekki að líða lengur andstöðu innan stjórnarinnar.“

## Togari tefst frá veiðum: Bilaði áður en veðrið skall á

**SJÁVARÚTVEGUR** Ísfisktogari HB Granda, Ottó N. Þorláksson RE, verður frá veiðum í tvo og hálfan mánuð vegna vélarbilunar. Lán þykir að bilunin kom í ljós áður en Ottó hélt til veiða fyrir síðustu helgi í ljósi ofsaveðursins sem þá gekk yfir.

Á heimasíðu HB Granda kemur fram að höfuðlega í aðalvél togarans hafi gefið sig.

Ottó N. Þorláksson var smíðaður árið 1981 í Garðabæ, aðalvélun var tekin upp í sumar. Bilunin kemur Grandamönnum því á óvart.

**HÖFUÐBORGIN** Fyrirhugaðar breytingar á lögum um útsvar leggjast ekki vel í Reykjavíkurborg.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sátt yrði rofin um útsvarsgreiðslur

Reykjavíkurborg telur að ef frumvarp um afnám lágmarksútsvars nái fram að ganga sé sátt rofin um fyrirkomulag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Skattgreiðendur Reykjavíkurborgar leggja mest til sjóðsins sem rennur til minni sveitarfélaga.

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Reykjavíkurborg hefur sent frá sér umsögn um fyrirhugaðar breytingar á lögum um lágmarksútsvar sveitarfélaga. Bendir Reykjavíkurborg á að hluti af útsvari reykvískra skattborgara fari í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem áfram renni til sveitarfélaga á landsbyggðinni til reksturs skóla.

„Minni sveitarfélög fá sum meira en helming tekna sinna á þennan hátt frá skatt- og útsvarsgreiðendum í öðrum sveitarfélögum til að standa undir nauðsynlegri grunnþjónustu.“ Einnig segir í umsögninni að „þar með væri jafnframt rofin hin sæmilega sátt sem ríkt hefur um að íbúar stærri sveitarfélaga greiði útsvar til hinna minni til að þau geti veitt grunnþjónustu.“

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri gagnrýnir þá hugmynd að afnema lágmarksútsvar sveitarfélaga og telur hugmyndir þess efnis varhugaverðar.

„Lágmarksútsvar er haft til að

búa ekki til þá freistingu fyrir sveitarfélög að vera með litla þjónustu og lága skatta og treysta því svo að íbúar flytji til stærri sveitarfélaga þegar þeir þurfa á þjónustu að halda. Hugmyndir oddvita Skorradalshrepps, sem er með 58 íbúa og nær enga þjónustu, í frétt Fréttablaðsins eru ágætt dæmi um slíka hugsun. Honum finnst spennandi að laða að sér efnameira fólk sem þarf ekkert frá sveitarfélaginu, og veita því afslátt af sköttum. Væntanlega í trausti þess að það flytji svo lögheimilið aftur ef þörf á þjónustu breytist,“ segir Dagur.

Hjalti Jóhannesson, landfræðingur hjá rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri, telur varhugavert að lítil sveitarfélög sem búa við góðar tekjur vegna stóriðju og virkjana geti lækkað útsvar niður úr hófi og þannig veitt íbúum skattaafslátt. „Fljótdalshreppur er gott dæmi um slíkt sveitarfélag sem býr við þau skilyrði að fá gríðarlegar tekjur



Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri.

af stóriðju. Kárahnjúkavirkjun er í þeirra landi og því getur sveitarfélag eins og þetta gripið til þess að lækka útsvar. Þetta getur ýtt undir falda búsetu í sveitarfélaginu, að menn flytji lögheimili í sveitarfélagið en búi ekki þar að staðaldri.“

Hjalti telur það heppilegra ef sveitarfélög á stærra svæði njóti góðs af svona stórum virkjunum og stöðvarhúsum. „Þá eru meiri líkur á að peningum sé vel varið og nýtt til þeirrar þjónustu sem þarf að sinna.“

**Lágmarksútsvar er haft til að búa ekki til þá freistingu [...] að vera með litla þjónustu og lága skatta.**

sveinn@frettabladid.is

## Úrskurður í máli Mílu og GR: Rangt tengdir ljósleiðaraendar

**FJARSKIPTI** Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) hefur birt ákvörðun sína í deilumáli Mílu og Gagnaveitu Reykjavíkur (GR). Niðurstaðan er GR í óhag.

Míla taldi GR hafa farið á svig við reglur með því að sjóða strengenda ljósleiðara beint á innanhússlagn í húskassa í stað þess að nota þartilgerðan tengilista.

Hafnar PFS rökum GR um að málið heyrir ekki undir stofnunina og segir að fyrirtækin beri að tengja endana rétt. Þurfi GR að bera þann kostnað sem skapast í kjölfar úrbóta.



HJÁLPARSTARF Bónus hefur gefið góðgerðarsamtökum gjafakort.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Bónus léttir undir um jólin: Tíu milljónir til góðgerðarmála

**SAMFÉLAGSMÁL** Bónus hefur ákveðið að veita 10 milljóna króna styrk í formi gjafakorta til þrettán góðgerðarsamtaka sem aðstoða einstaklinga og fjölskyldur í landinu nú fyrir jólin. Er það von fyrirtækisins að þessi gjöf komi til með að létta undir með þeim sem á þurfa að halda í kringum jólin.

Þær stofnanir sem hljóta styrk eru útíbu Mæðrastyrksnefndar, Rauða kross Íslands og Hjálpræðishersins víða um land auk Hjálparstarfs kirkjunnar.


**JÓLAGJÖFINA HANS FINNUR ÞÚ HJÁ SELECTED**

**SELECTED HOMME**

KRINGLUNNI/SMÁRALIND

facebook.com/selected.island Instagram: @selectediceland

## Veðurspá



**KALT Í VEÐRI** Snýst í norðanátt í kvöld með heldur kólnandi veðri um allt land. Hægur vindur víðast hvar á morgun og úrkomulítið en gengur í hvassa suðaustanátt með töluverðri úrkomu annað kvöld og hlýnar.

ALUGLÝSINGAÐELDIR FRÉTTABLAÐSINS - AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal joni@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrir@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolbeins@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrnarrar Helgason hrnarrar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

Gildistími korta er um hádegi

Alicante 17°	Friedrichshafen 7°	New York 5°
Apéna 19°	Gautaborg 5°	Orlando 26°
Basel 11°	Kaupmannahöfn 5°	Ósló 2°
Berlín 4°	Las Palmas 21°	París 4°
Billund 4°	London 6°	San Francisco 17°
Frankfurt 4°	Mallorca 17°	Stokkhólmur 2°

**Á MORGUN**  
Vaxandi SA-átt með úrkomu síðdegis.

**LAUGARDAGUR**  
8-13 m/s.

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

# GEFÐU GLEÐI Á JÓLUNUM

Frábært úrval jólagjafa

**WAR**  
child

Þú styrkir barn í stríðshráðu landi til náms með hverri gjöf sem þú kaupir.



**1 Gjafakassi 4690 kr.**  
Coconut, Argan Oil, Honey, Mango, Olive, Pink Grapefruit, Shea og Strawberry



**2 Jólailmur 4390 kr.**  
Cranberry og Vanilla

**5**

**Gjafataska 3390 kr.**  
Coconut, Argan Oil, Honey, Mango, Olive, Pink Grapefruit, Satsuma, Shea og Strawberry



**3 Jólailmur 4390 kr.**  
Glazed Apple



**4 Innihaldsrík spiladós 7990 kr.**  
Strawberry og Shea

**7**



**Litlir gjafakassar 2490 kr.**  
White Musk, White Musk Libertine og White Musk Smoky Rose

**6**

**Ísbirnir 2590 kr.**  
Strawberry, Mango og Shea



**8**

**Augnfarðapalletta 3990 kr.**  
Val um tvær ólíkar litasamsetningar



**10**

**Gjafakassar fyrir herra 3690 kr.**  
White Musk Sport, Activist og White Musk



**9**

**Stór gjafakassi 7790 kr.**  
Coconut, Argan Oil, Honey, Olive, Pink Grapefruit, Shea og Strawberry



Sendum í póströfðu, sé þess óskað sími 564 6552

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða sveitarfélag hefur hug á að nota seyru til landgræðslu?
2. Hjá hvaða sænska liði var Birkir Már Sævarsson að skrifa undir?
3. Hver þykir líklegastur til að taka við sem varnarmálaráðherra BNA?

SVÖR:

1. Ölfus 2. Hammarby 3. Ashton Carter

Viðhorf fólks til forgangsröðunar skattfjár eru óháð kyni, menntun og stjórnmálaskoðunum:

# Vilja að skattpeningar fari í heilbrigðismál

Langflestir vilja að Alþingi forgangsráði fjármunum í þágu heilbrigðismála. Þetta sýnir ný könnun sem Capacent Gallup gerði fyrir þrítuga.

Af þeim sem spurðir voru settu langflestir heilbrigðismálin í forgang. Næst á eftir heilbrigðismálum komu mennta- og fræðslumál og númer þrjú kom almannaþrygginga og velferðarmál. Í fjórða sæti komu svo öryggis- og löggæslumál. Neðst í forgangsröðuninni eru svo kirkjumál.

Viðhorf fólks til þess hvernig ætti að forgangsráða skiptast ekki eftir tekjuhópum. Tekjuhæsta fólkinu, því tekjulægsta og þeim sem eru í millitekjuhópum finnst öllum mikilvægast að forgangsráða í þágu heilbrigðismála. Þá er jafnframt mjög lítil munur á afstöðu fólks eftir menntun eða stjórnmálaskoðunum.

Könnunin, sem var netkönnun, var gerð dagana 6.-20. nóvember. Tilgangurinn var að kanna

hvernig Íslendingar vilja að Alþingi forgangsráði fjármunum í fjárlögum. Úrtakið var 2.900 manns á öllu landinu, 18 ára og eldri, handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Capacent Gallup. 1.775 manns svöruðu spurningunni og var svarhlutfallið 61,2 prósent.

- jhh

## Á LANDSPÍTALA Í FOSSVOGI

Flestir landsmenn vilja að skattfé sé varið í heilbrigðismál.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



# Vilja aukin útgjöld í heilbrigðismál

Stjórnarandstaðan lagði í gær fram sameiginlegar breytingartillögur á fjárlagafrumvarpinu. Formenn flokkanna leggja áherslu á að meira fé verði varið í heilbrigðismál, að staða Ríkisútvarpsins verði styrkt og ráðist verði í uppbyggingu ferðamannastaða á landinu.

Jón Hákon Halldórsson

jonhakon@frettabladid.is

**STJÓRNMÁL** Stjórnarandstaðan á Alþingi hefur sameinast um að leggja fram breytingartillögur við fjárlagafrumvarp næsta árs.

Tillögurnar fela í sér að útgjöld aukist um 9,63 milljarða króna. Á móti kemur að gert er ráð fyrir að tekjur aukist um rúma 7,47 milljarða króna. Önnur umræða um fjárlagafrumvarpið hófst á Alþingi í gær. Fyrr um daginn kynnti stjórnarandstaðan breytingartillögur sínar á blaðamannafundi.

„Við höfum náð saman um það að leggja fram sameiginlegar tillögur við meðferð fjárlaga. Við reynum með því að sýna forgangsröðun okkar og þá sýn sem við myndum vilja sjá endurspeglast í fjárlögum,“ sagði Árni Páll Arnason, formaður Samfylkingarinnar, á fundinum.

„Við leggjum höfuðáherslu á það að kallaðar verði til baka hækkanir á kostnaðarþátttöku almennings í heilbrigðiskerfinu, sem stefnir í að verði á næsta ári 1.900 milljónir frá því sem var í tíð síðustu ríkisstjórnar,“ sagði Árni Páll. Að auki legði minnihlutinn til breytingar sem tryggir að framhaldsskólinn verði áfram opinn fólki yfir 25 ára aldri.

Þá leggur minnihlutinn til að útvarpsgjaldið hækki í 19.400 krónur á einstakling og renni óskert í ríkissjóð.

Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, sagði að það að lækka útvarpsgjaldið væru skilaboð frá stjórnarmeirihlutunum sem stönguðust á við skilaboð stjórnar RÚV. Jafnvel þótt stjórnin væri skipuð að meirihluta af fulltrúum þessara sömu flokka. „Við teljum að við þær aðstæður sem eru á fjölmiðlamarkaði sé sterkt almannaútlit



**STJÓRNARANDSTAÐAN** Formenn stjórnarandstöðuflokkanna kynntu áherslur sínar í Alþingishúsinu í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

mikilvægara en nokkru sinni fyrr. Þannig að við leggjum mjög mikla áherslu á að þetta fái að vera í þeirri upphæð sem það hefur verið og að það renni óskipt til Ríkisútvarpsins. Og erum þannig í takti við stjórn Ríkisútvarpsins,“ sagði Katrín.

Þá sagði hún að stjórnarandstaðan legði áherslu á samstarf háskóla. „Stefnu sem virðist hafa verið horfið frá í tíð núverandi ríkisstjórnar. Það voru áður fjármunir til þess að styrkja samstarfsnet háskólanna. Háskólarnir hafa gert athugasemdir við það að þessir fjármunir hafa verið teknir burt og við leggjum til að þeir verði settir inn aftur. Og við leggjum til að það verði settir fjármunir í að tryggja húsnæðismál Listaháskólans sem hafa verið í ólestri lengi,“ sagði Katrín.

Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar, lagði áherslu á áframhaldandi uppbyggingu í grænu atvinnulífi og grænu hagkerfi. Meiri peningur verði settur í það. „Núna er sá peningur að renna einhvern veginn eftir mjög óskiljanlegum leiðum í endurnýjun gamla húsa undir þeim formerkj-

um að torfbæir séu grænt hagkerfi og þessu viljum við mótmæla. Það var mjög vonduð vinna við skilgreiningu á uppbyggingarverkefni á græna hagkerfinu á síðasta kjörtímabili sem við þurfum að halda okkur við,“ sagði hann.

Þá sagði Guðmundur einnig mjög nauðsynlegt að ráðast í uppbyggingu ferðamannastaða: „Það blasir við að það þarf að setja pening í framkvæmdasjóð ferðamannastaða og við viljum gera það.“

Birgitta Jónsdóttir sagði að ný skoðanakönnun, sem gerð hefði verið að frumkvæði þrítuga, sýndi það mjög skýrt að þjóðin vildi að skattpeningum væri varið í heilbrigðis- og menntamál. Það er algjörlega yfirgefandi stuðningur við það. Mér finnst mjög ánægjulegt að verða við ákalli um aukin fjárútlát til BUGL vegna neyðarástands,“ sagði Birgitta. Efla þyrfti geðheilbrigðisþjónustu barna og unglunga almennt.

„Þá finnst okkur mjög brýnt að stytta biðlista hjá Útlendingastofnun. Það er mjög nauðsynlegt að minna innanríkisráðuneytið á þann fjárlagalið,“ sagði Birgitta.

## AUKIN ÚTGJÖLD – milljónir króna



### HEILBRIGÐISMÁL

Landspítali rekstur	1.250
Landspítali viðhald	400
Sjúkrahúsið á Akureyri	100
Greiðsluþátttaka í heilbrigðiskerfinu	1.900



### MENNTAMÁL

Framhaldsskólar yfir 25 ára nemendur	500
Listaháskóli Íslands húsnæðisframlag	40
Samstarfsnet háskóla	100
RÚV – fái allt útvarpsgjaldið og hækkun í 19.400	712



### MENNINGARMÁL

Myndlistarsjóður	25
Bókasafnsjóður rithöfunda	35
Tónlistarsjóður	25
Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis	28
Æskulýðsmál, Landssamband æskulýðsfélaga	15



### ATVINNUMÁL

Atvinnuleysisbætur	1.000
Vinumálastofnun	200
Framkvæmdasjóður ferðamannastaða	600
Hafnarframkvæmdir, Helgufjúkurhöfn	180



### ANNAÐ

Græna hagkerfið	70
Lífeyrstryggingar / tekjutrygging örorkulífeyrisþega	640
Útlendingastofnun	50
Skattrannsóknarstjóri ríkisins	50
Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða	658
Nýframkvæmdir í vegamálum	600
Polendur kynferðisofbeldis	56
Sóknaráætlun	400

## AUKIN ÚTGJÖLD SAMTALS

9.634

„Við leggjum höfuðáherslu á það að kallaðar verði til baka hækkanir á kostnaðarþátttöku almennings í heilbrigðiskerfinu, sem stefnir í að verði á næsta ári 1.900 milljónir frá því sem var í tíð síðustu ríkisstjórnar.“

Árni Páll Arnason, formaður Samfylkingarinnar.

**JÓLABAKSTUR**  
**KEX smiðjan**

Njóttu adventunnar með góðgæti frá Kexsmiðjunni. Smakkaðu jólasnákökurnar frá Kexsmiðjunni.

**Gleðileg íslensk jól**

Jólasnákökur frá Kexsmiðjunni fást í helstu verslunum

# SKEMMTILEGU JÓLAGJAFIRNAR FÁST Í HAGKAUP



Dolls that Rock  
**7.999 kr**  
nr. 925468

my little Pony



Convertible  
**6.499 kr**  
nr. 925499



Deluxe Pony  
**3.290 kr**  
nr. 925482



Fashion Pony  
**3.592 kr**  
nr. 925485

20%



Runway style  
**6.499 kr**  
nr. 925474



Hero Maskers  
**2.799 kr**  
nr. 925475



20%



Figúrur  
**699 kr**  
nr. 925501, 925502



Mousetrop spil  
**5.599 kr**  
nr. 925494

20%



Jenga  
**2.299 kr**  
nr. 925584



Elite Jolt  
**1.499 kr**  
nr. 925499



Elite Rough Cut  
**4.999 kr**  
nr. 925595



Pink Crush  
**2.999 kr**  
nr. 925594



Dubble tower  
**3.499 kr**  
nr. 925605



6 litir og form  
**1.899 kr**  
nr. 925490



Gildir til 10. desember á meðan birgðir endast.



EINFALT AÐ  
SKILA EÐA SKIPTA



**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla

## 365 miðlar hafa samið við risann Home Box Office um sýningu hérlendis: Stöð 2 verður heimkynni HBO

**VIÐSKIPTI** 365 miðlar hafa gert samning við bandaríska kapal-sjónvarpsrisann Home Box Office (HBO). Samningurinn, sem er til fimm ára, tryggir Stöð 2 viðamikil réttindi á efni HBO.

Auk þess að veita Stöð 2 rétt á efni fyrir línulega dagskrá sína og hljóðarstöðva felur samningurinn í sér þriðju kynslóðar réttindi fyrir Stöð 2 Marabon. Þar geta áhorfendur horft á heilar þáttaraðir eftir eigin hentugleikum en efni HBO er til að mynda ekki að finna á Netflix.

„Við erum himinlifandi með þennan samning enda býður HBO upp á efni í hæsta gæðaflokki,“ segir Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri 365 miðla. Hann bætir við að ánægjulegt sé að hafa landað réttinum fyrir Stöð 2 Marabon þar sem áhorfendur stöðvarinnar vilji hafa sína þætti til taks hvar sem er og hvenær sem er.

Meðal þátta sem runnir eru undan rifjum HBO má nefna Game of Thrones, True Detective, Girls og Looking.



**HANDSÖLUN** Jóhanna Margrét Gísladóttir, framkvæmdastjóri sjónvarpsviðs 365 miðla, Jennifer Bowen frá HBO og Sævar Freyr Þráinsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ÆSSE



**RÁÐHERRAR Í VANDA** Stefan Löfven forsætisráðherra, annar frá hægri, á blaðamannafundi á miðvikudaginn ásamt Gustav Fridolin menntamálaráðherra, Ásu Romson aðstoðarforsætisráðherra og Magdalenu Andersson fjármálaráðherra. NORDICPHOTOS/AFP

## Þjóðernissinnar komust í lykilstöðu

Hingað til hefur enginn flokkur á sænska þinginu viljað eiga samstarf við Svíþjóðardemókratana vegna einstrengingslegrar afstöðu þeirra í málefnum útlendinga. Engu að síður tókst þeim að fella tveggja mánaða gamla ríkisstjórn.

**SVÍÞJÓÐ** Svíþjóðardemókratarnir fengu 12,9 prósent atkvæða og 49 þingmenn í kosningunum sem haldnar voru í Svíþjóð 14. september síðastliðinn. Þar með komust þeir í lykilstöðu, því hvorki hægri- né vinstriflokkar gátu myndað meirihlutastjórn.

Niðurstaðan varð sú að Jafnaðarmenn mynduðu minnihlutastjórn með Græningjum. Stefan Löfven, leiðtogi Jafnaðarmanna, varð forsætisráðherra stjórnarinnar, en frá upphafi var ljóst að sú stjórn gæti ekki komið neinum málum í gegnum þingið nema fá til þess stuðning eða í það minnsta hlutleysi frá einhverjum hægri-flokkanna.

Þetta er sorglegt. Þrátt fyrir það lögðu Jafnaðarmenn og Græningjar fram fjárlagafrumvarp án þess að hafa fyrirfram tryggt sér meirihluta fyrir því á þinginu. Þegar hægri-flokkarnir lögðu svo fram sitt eigið mótfrumvarp, var ljóst að Svíþjóðardemókratarnir myndu í raun ráða því hvort fjárlögin yrðu samþykkt.

Hefðu þeir ákveðið að sitja hjá, eins og Löfven gerði sér greinilega vonir um, þá hefði frumvarpið náð í gegn. Þeir skýrðu hins vegar frá því á þriðjudaginn að þeir myndu greiða atkvæði gegn frumvarpinu á þingi.

Uppi varð fótur og fit og Löfven reyndi á síðustu stundu að fá hægri-flokkana til að semja um málamiðlun. Ekkert gekk og fjárlagafrumvarpið var fellt í gær með 182 atkvæðum gegn 153. Löfven beið þá ekki boðanna, sagði af sér



**MATTIAS KARLSSON** Tók við leiðtogahlutverkinu eftir að Jimmie Åkesson fór í langt veikindaleyfi. NORDICPHOTOS/AFP

### → Svíþjóðardemókratarnir

Rúmlega aldarfjórðungur er síðan Svíþjóðardemókratarnir voru formlega stofnaðir sem stjórnarmálflokkur. Flokkurinn hafði þó átt sér forsögu í fyrri flokkum og samtökum, sem tengdust nýnasistum og útlendingahræðslu. Flokkurinn er engan veginn laus við útlendingahræðslu, þótt leiðtogar flokksins hafi á seinni árum reynt að gefa henni fagaðra yfirbragð og forðist mestu gifuryrðin í almennum umræðum.

Flokkurinn fékk 5,7 prósent atkvæða árið 2010 og vann síðan töluverðan sigur nú í haust þegar 12,9 prósent sænskra kjósenda greiddu honum atkvæði. Leiðtogi flokksins er Jimmie Åkesson, en hann hefur verið í veikindaleyfi síðan upp úr miðjum október. Hann segist sjálfur útbrunninn. Við forystunni tók Mattias Karlsson, sem hefur verið helsti hugmyndafræðingur flokksins síðustu árin.

og boðaði til kosninga snemma á næsta ári.

„Þetta er sorglegt,“ hafði sænska dagblaðið Dagens Nyheter eftir Magdalenu Andersen fjármálaráðherra. „Ég skil það vel að mörgum finnst þeir vera sviknir.“

Löfven kennir hægri-flokkunum um það hvernig fór: „Þeir

láta Svíþjóðardemókratana stýra sænskum stjórnarmálum.“

Þetta þýðir líka að það verður fjárlagafrumvarp hægri-flokkanna þriggja sem tekur gildi um áramót. Vinstrimönnum í Svíþjóð líst ekkert á þau, enda fela þau í sér verulegan niðurskurð í ýmsum velferðarmálum.

gudsteinn@frettabladid.is

# 750 KR.

OG EIMSKIP FLYTJANDI KEMUR  
JÓLAPÖKKUNUM TIL SKILA



Glimrandi gott verð fyrir allt að 45 kg þungan pakka – aðeins 750 krónur hvert á land sem er. Sendu jólapakkann þinn fljótt og örugglega með Eimskip Flytjanda. Upplýsingar um næsta afgreiðslustað á [www.flytjandi.is](http://www.flytjandi.is)

**Hámarksstærð pakka er 0,5 x 0,5 x 0,5 m og hámarksþyngd 45 kg.**



**+** Minnum á fatasöfnun Rauða Krossins á móttökustöðum Eimskips Flytjanda um land allt



# Aðventukvöld!

25% afsl. af allri gjafavöru í dag!

Opið til kl. 21. Vínkyning frá Bakkus milli kl. 18 og 21.



Kertastjaki kr. 15.900,- nú kr. **11.925,-**



Glerbox frá kr. 6.200,- nú frá kr. **4.650,-**



Krukka kr. 2.400,- nú kr. **1.800,-**



Húsilmur kr. 2.900,- nú kr. **2.175,-**



Skál kr. 8.700,- nú kr. **6.525,-**



Skál kr. 6.700,- nú kr. **5.025,-**



Karalla kr. 7.900,- nú kr. **5.925,-**



Rauðvínsglös 4 stk. kr. 12.900,- nú **9.675,-**



Lugt frá kr. 5.900,- nú **4.425,-**



Veggkertasjaki  
kr. 7.900,- nú kr. **5.925,-**



LSA matardiskur 27 cm, 4 stk. í pk.  
kr. 5.900,- nú kr. **4.425,-**



LSA súpuskálur, 4 stk. í pk.  
kr. 9.900,- nú kr. **7.425,-**



Bretti, kr. 4.800,- nú kr. **3.600,-**



Ljós frá kr. 13.800,-  
nú frá kr. **10.350,-**



Ilmkerti frá kr. 1.300,- nú frá kr. **975,-**



Lugt frá kr. 14.900,- nú frá kr. **11.175,-**



Vasi kr. 9.900,- , nú kr. **7.425,-**




# HEIMAHÚSIÐ



Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - [www.heimahusid.is](http://www.heimahusid.is). Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16, sunnudaga 13 - 16.


## TÖLFRÆÐI UM FÁTÆKT Á ÍSLANDI

## PRÓUN LÁGTEKJUMARKA




Fyrsta línan sýnir hin árlegu hefðbundnu lágtekjumörk. Ef þessi breyting greindi fátækt á Íslandi væri niðurstaðan sú að það hefði dregið úr fátækt í kjölfar hrunsins. Það er rangt. Hún jókst. Það sem gerðist var að tekjudreifing dróst saman og tekjur lækkuðu meira hjá fólki með háar tekjur.

## HLUTFALL FÓLKS SEM SKORTIR EFNISLEG GÆÐI



Hér má sjá hlutfall Íslendinga sem eiga mjög erfitt með að láta enda ná saman. Fyrri mælingin bendir til þess að það sé svipað hlutfall sem skortir efnisleg gæði eftir hrun og á árunum 2004-7. Það má skýra með því að fólk breytir útgjaldahegðun þegar þrengir að og horfir í hverja krónu.

## FÓLK SEM NEITAR SÉR UM LÆKNAPJÓNUSTU



Kolbeinn nefnir að hlutfall fólks sem neitar sér um nauðsynlega lækniþjónustu sé sterk vísbanding um skort. Þessi kostnaður sé sá sem fólk sleppir þegar kreppir að.

# Fátækt barna þrefaldast frá hruni

Fátækt barna hefur aukist mest í þeim löndum sem urðu verst úti í efnahagshruninu 2008. Fátækt íslenskra barna fer úr 11 prósentum 2008 í 32 prósent 2012 samkvæmt tölum UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna. Dr. Kolbeinn Stefánsson segist viss um að 30 prósent barna á Íslandi búi ekki við alvarlegan skort en segir greiningu UNICEF gefa vísbandingar um stöðu barna innan efnaminni fjölskyldna.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir

kristjanabjorg@frettabladid.is



Fátækt barna hefur rokið úr ellefu prósentum árið 2008 upp í 32 prósent samkvæmt greiningu UNICEF á fátækt barna.

„Það er ekkert rangt við greiningu UNICEF,“ segir Dr. Kolbeinn Stefánsson, félagsfræðingur hjá Hagstofu Íslands. „Aðferðin sem þau beita er leið til að átta sig á því hvað margir eru með sama eða minni kaupmátt og þeir sem voru við lágtekjumörk árið 2008.“

Það er þó ekki þannig að 30 prósent barna á Íslandi búi við alvarlegan skort, en það er miklu stærra hlutfall foreldra sem nær ekki endum saman enda skiptir miklu hvaða ár er notað til viðmiðunar.“

## Ekkert má út af bera

„UNICEF notar árið 2008 en niðurstaðan er önnur ef miðað er við 2005. Skýrasta vísbandingin sem við höfum um aukna fátækt í kjölfar hrunsins er sú að hlutfall þeirra sem eiga mjög erfitt með að ná endum saman hækkar mjög og stendur í 11,7 prósentum árið 2013. Sum í þessum hópi skortir efnisleg gæði, en hin eru sennilega í þeirri stöðu

að hlutirnir ganga upp en það má ekki mikið út af bera. Hækkar á verðlagi, óvænt útgjöld eða tíma-bundinn tekjumissir gæti verið nóg til að setja þessa foreldra í mjög erfiða stöðu.“

Kolbeinn segir Hagstofuna einnig fylgjast með skorti barna í samstarfi við UNICEF. Nú er í vinnslu lífskjáranannsókn þar sem hugað er að stöðu barna. Niðurstaðan mun birtast á fyrstu mánuðum næsta árs. „Maður á von á því að sjá breytingar í ýmsu er varðar hag barna, til dæmis tómtundaiðkun þeirra. Börn efnaminni foreldra stunda síður tómtundir en önnur.“

Í kvarðanum sem notaður er til mælinga er spurt um fatnað, tómtundir, fæðu og aðstöðu til náms og leikja. Aðeins þarf tveimur atriðum á listanum að vera ábótavant til þess að barnið teljist líða efnislegan skort.

## Brekkan brött

Í síðasta þætti fréttaskýringa-þáttarins Bresta var rætt við fjölmarga sem eiga um sárt að binda vegna fátæktar. Ein þeirra var Ása Sverrisdóttir, einstæð þriggja barna móðir. Hlutskipti hennar er dæmigert fyrir stóran hluta Íslendinga þar sem ekki má mikið út af bera til þess að komið sé í óefni. Hún skildi



STÓR RANNSÓKN Í VINNSLU Dr. Kolbeinn Stefánsson greinir frá því að í vinnslu sé viðamikil rannsókn á stöðu íslenskra barna. Þá skýrist væntanlega staða þeirra betur. Svipuð rannsókn var framkvæmd árið 2009. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

og missti atvinnu sína og skömmu síðar seig á ógæfuhliðina hjá henni. „Þá varð brekkan dálítið brött,“ sagði Ása. Meðal þess sem fjölskyldan gat ekki leyft sér var að halda afmælisveislu fyrir dóttur hennar.

Kolbeinn bendir á að ástæða sé til þess að taka allar vísbandingar um fátækt alvarlega því ekki sé hægt að mæla fátækt beint. Aðeins sé hægt að leita eftir vísbandingum um skort og gera mælingar.

„Skortur á efnislegum gæðum er kvarði til að sjá hvernig fólk hefur það raunverulega úti í samfélaginu. Það er erfitt að mæla fátækt en þessi kvarði hjálpar til við að finna út stöðu einstaklinga og barna.“

Við erum með stækkandi hóp

sem nær að halda sér á floti en það má ekkert út af bera. Þeir mega ekki veikjast, fara til tannlæknis eða tæki bila, þá er það orðið eitthvað sem gæti breytt öllu og leitt til skorts.“

## Á pari við Bandaríkin

Í nýlegri greiningu fréttamiðilsins Forbes, er greint frá stöðu þeirra landa sem urðu hvað verst úti í efnahagshruninu og sett í samhengi við barnafátækt í fjögur ár eftir hrun. Barnafátækt jókst mikið í Grikklandi, eða um 17,5 prósent, frá árinu 2008 og var hlutfallið 40,5 prósent árið 2012. Í Bandaríkjunum jókst hlutfallið aðeins um tvö prósent en er þó í 32 prósentum eins og á Íslandi.



Við erum með stækkandi hóp sem nær að halda sér á floti en það má ekkert út af bera.

Þeir mega ekki veikjast. fara til tannlæknis eða tæki bila, þá er það orðið eitthvað sem gæti breytt öllu.

Dr. Kolbeinn Stefánsson, félagsfræðingur hjá Hagstofu Íslands.



## GJAFAKORT BORGARLEIKHÚSSINS

Gefðu töfrandi stundir í jólapakkann. Kortið er í fallegum umbúðum, gildir á sýningu að eigin vali og rennur aldrei út.

MIÐASALA | 568 8000 | BORGARLEIKHUS.IS

## SVARAR ÞÚ EINHVERJUM ÞESSARA SPURNINGA NEITANDI?

- |   |                          |  |                          |
|---|--------------------------|--|--------------------------|
| 1 Eiga þau ný föt?  | <input type="checkbox"/> | 7 Eiga þau leikföng sem henta þeim?                                | <input type="checkbox"/> |
| 2 Eiga þau tvö pör af skóm sem passa?   | <input type="checkbox"/> | 8 Taka þau þátt í tómtundastarfi af einhverju tagi?                | <input type="checkbox"/> |
| 3 Fá þau ferska ávexti og grænmeti einu sinni á dag?  | <input type="checkbox"/> | 9 Eru fjárráð til að halda upp á sérstök tilefni eins og afmæli?   | <input type="checkbox"/> |
| 4 Fá þau þrjár máltíðir á dag og inniheldur ein af þeim kjöt, fisk, kjúkling eða prótein af einhverju tagi? | <input type="checkbox"/> | 10 Geta þau boðið vinum heim í heimsókn?                           | <input type="checkbox"/> |
| 5 Eru til bækur á heimilinu sem passa aldri barnanna?   | <input type="checkbox"/> | 11 Geta þau boðið vini í mat?                                      | <input type="checkbox"/> |
| 6 Eiga þau hjól eða önnur útileikföng?  | <input type="checkbox"/> | 12 Geta þau tekið þátt í skólaferðum og viðburðum á vegum skólans? | <input type="checkbox"/> |
|   |                          | 13 Hefur barnið góða námsaðstöðu?                                  | <input type="checkbox"/> |

Ef merkt er við fleiri en tvö atriði þá búa börnin þín við skort.

# DEBENHAMS

*Gerðu lífid  
skemmtilegra*

ALLT AÐ

**30%**  
AFSL.

AF ÖLLUM FÖTUM,  
SKÓM & FYLGIHLUTUM  
FYRIR DÖMUR

THE COLLECTION  
DEBENHAMS

EDITION

IORELLI

GERRY WEBER

JASPER  
CONRAN

STAR  
by  
julienmacdonald

JUST FEMALE

MAINE  
NEW ENGLAND

*Mantaray*

MEXX

OROBLU

PART TWO

principles  
BY  
BEN de LISI

redherring

RJR.

\* by SECOND FEMALE  
COPENHAGEN

sloggi

SOAKED  
IN LUXURY

TAIFUN  
COLLECTION

Tamaris®

Triumph  
INTERNATIONAL

WAREHOUSE

Gildir út sunnudag

 Finndu okkur  
á facebook

OPIÐ Í DAG FRÁ 11:00 - 21:00

DEBENHAMS SMÁRALIND  
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

ÍSLAND OG ALPJÓÐLEGIR SAMNINGAR UM VARNIR GEGN MENGUN SJÁVAR

# Virðum ekki skuldbindingar okkar

Ísland er hvergi nærri því að vera leiðandi í málefnum hafsins – öfugt við fullyrðingar stjórnvalda. Ísland á ekki aðild að fjölmörgum alþjóðasamningum er varða mengun frá skipum og framfylgir ekki öðrum sem hafa verið staðfestir. Tilvísanir í íslenskum lögum eru rangar.

Svavar Hávarðsson  
svavar@frettabladid.is



Þrátt fyrir það yfirlýsta markmið íslenskra stjórnvalda að vera leiðandi í málefnum hafsins og fyrirmynd annarra þjóða í málaflóknum, þá á Ísland ekki aðild að fjölmörgum alþjóðasamningum er varða varnir gegn mengun sjávar frá skipum.

Miklir fjárhagslegir hagsmunir fyrir Ísland geta verið í húfi, sem annars væru tryggðir með fullri aðild þess alþjóðasamstarfs sem samningarnir fela í sér. Ekkert annað virðist í vegi þess að þessum málum sé komið í sámið horf en sá kostnaður sem það útheimtir.

## Rauði þráðurinn

Ríkisendurskoðun hefur sent frá sér skýrslu til Alþingis þar sem er fjallað um aðild Íslands að, og framkvæmd á, alþjóðlegum samningum um varnir gegn mengun sjávar frá skipum. Rauði þráður skýrslunnar er sá að íslensk stjórnvöld þurfa að tryggja betur en nú að breytingar á alþjóðlegum samningum um verndun hafs gegn mengun frá skipum skili sér inn í íslenskan rétt. Þá þurfa stjórnvöld að vinna skipulega að því að staðfesta alþjóðlega samninga á þessu sviði sem ekki hafa verið staðfestir en hafa þýðingu fyrir íslenska hagsmuni. Enn fremur þurfa stjórnvöld að tryggja öflugt eftirlit með framkvæmd samninganna.

## Forysta Íslands

Íslensk stjórnvöld hafa um árabil haft að markmiði að gegna forystuhlutverki í málefnum hafsins, enda um eina mikilvægustu auðlind Íslands að ræða. Sú staðreynd liggur hins vegar fyrir að tíu alþjóðlegir samningar, viðbætur og bókanir sem tengjast Alþjóðasiglingamálafstofnuninni (IMO) og fjalla um varnir gegn mengun frá skipum hafa ekki verið staðfestir.

Ríkisendurskoðun hvetur umhverfis- og auðlindaráðuneytið til að greina mögulegar hættur vegna þessa og ekki síður að Ísland framfylgir ekki þeim alþjóðasamningum sem þó hafa verið staðfestir. „Hvort tveggja eykur m.a. hættu á að eftirliti með mengun sjávar frá skipum sé ábótavant. Þótt aðild að alþjóðasamningum krefjist fjármagns og mannafla felast einnig í henni tækifæri til að vera leiðandi í alþjóðasamstarfi um málefni hafsins og vera öðrum þjóðum fyrirmynd í umgengni við hafið, eins og yfirlýst stefna stjórnvalda kveður á um en hingað til verður ekki séð að það hafi náð fram að ganga,“ segir Ríkisendurskoðun.

## Villur í lögum og reglum

Við lestur skýrslunnar virðist hvað alvarlegast að Ísland framfylgir ekki samningum sem þegar hafa verið staðfestir. Umræddir samningar eru í stöðugri endurskoðun, og hafa margir breyst mjög mikið í gegnum árin. Þessar breytingar skila sér ekki inn í íslenskan rétt og tilvísanir íslenskra laga og reglna í þessa sömu samninga eru að hluta beinlínis rangar.

## Ímynd Íslands

Strax árið 2007 forgangsraðaði Umhverfisstofnun óstaðfestum alþjóðasamningum eftir mikilvægi og óskaði eftir að ráðuneytið upplýsti hvort og þá hvernig ætti að hefja undirbúning að staðfestingu þeirra. Því erindi var aldrei svarað.

Þýðing þessa er einfaldlega sú að ekki liggur fyrir mat á því hversu mikilvægt er fyrir Ísland að staðfesta einstaka samninga. Í svari ráðuneytisins við athugasemdum Ríkisendurskoðunar segir að stefnt sé að því að samþykka tvo viðauka Marpol-samningsins, sem IMO telur reyndar meðal mikilvægustu alþjóðasamninga á þessu sviði.

Í samhengi má nefna hér að Ísland uppfyllir þessa, og fleiri óstaðfesta samninga nú þegar að stórum hluta í gegnum tilskipanir



ALMA Í TOGI Hoffell SU 80 tók flutningaskipið Ólmu í tog árið 2011 eftir að það varð stjórnlaust úti fyrir Höfn í Hornafirði.

## PÚSUNDIR FLUTNINGASKIPA KOMA TIL HAFNAR Á ÁRI HVERJU

- Ársyfirlit Landhelgisgæslunnar sýnir að yfir 300 skip eru á sjó kringum Ísland á degi hverjum, og árið 2013 tilkynntu 2.539 flutningaskip komu sína til hafnar hér við land.
- Mengun sem rekja má til skipa kemur einkum til vegna slysa, mengandi búnaðar þeirra og losunar á úrgangsefnum í hafið. Þessi mengunarefni eru mishættuleg fyrir lífríkið. Olía og efni unnin úr henni valda mestum

umhverfisáhrifum, en önnur efni sem flutt eru sjóleiðis eru mörg hver mun skaðlegri umhverfinu. Sum þeirra safnast upp í fæðukeðjunni með þeim afleiðingum að þau ógna heilsu manna. Önnur gera fisk óhæfan til neyslu. Efnamengun breytir efnasamsetningu hafsins sem hefur áhrif á veiðar, loftslag og veðurfar. Alþjóðlegt samstarf er því afar mikilvægt og vægi alþjóðlegra samninga um vernd hafsins mikið.

Evrópusambandsins. Það hefur þó ekkert gildi á alþjóðavettvangi þar sem þeir hafa ekki verið staðfestir. Ímynd Íslands hvað þetta varðar er því lakari en hún þyrfti að vera.

Hvað aðra samninga varðar segir í svari ráðuneytisins að ekki hafi verið lögð mikil áhersla á að staðfesta nýja samninga sem tengjast vörnum gegn mengun sjávar frá skipum á undanföllum árum. „Ástæðan er fyrst og fremst sú að ráðuneytinu er kunnugt um að erfitt hefur verið að sinna sem skyldi þeim samningum sem þegar hafa verið fullgildir á þessu sviði og því hafa vaknað spurningar um hversu gagnlegt það sé að staðfesta enn fleiri samninga, sem litlar líkur séu á að hægt sé að sinna vel.“

Við þetta er að bæta að í svari ráðuneytisins segir að þátttaka í

alþjóðlegu samstarfi hefur verið skorin niður á undanföllum árum „og fyrirséð að halda þarf áfram á þeirri braut að óbreyttu. Það er því ljóst að ráðuneytinu er þröngur stakkur skorinn í þessum efnum [...]“, segir í svari.

## Alþingi illa, eða ekki, upplýst

Alþjóðastarf um varnir gegn mengun sjávar er á ábyrgð Umhverfisstofnunar, þó ábyrgð á framfylgd samninga sé á endanum ráðuneytisins. Í fljótu bragði verður þó ekki annað séð en Umhverfisstofnun hafi teygst sig frekar langt til þess að rækja þetta lögbundna hlutverk sitt. Síundurteknunum beiddum hefur verið beint til fjárveitingavaldsins um framlög til þessara verka en hvergi er hægt að finna þeim stað í fjárlög-

um um langt árabil. Þar sem þessar beiðnir skila sér ekki í fjárlagafrumvarp hvers árs má líka halda því fram að Alþingi sé illa eða ekki upplýst um þessa stöðu mála.

Ríkisendurskoðun rekur þessa sögu umleitana Umhverfisstofnunar af nokkurri nákvæmni í skýrslunni og ekki er um háar upphæðir að ræða. Ráðuneytið ber af sér blak með því að segja í sínum skýringum að tekið hafi verið, í sumum tilvikum, undir fjárlagaþeirri stofnunarinnar um styrkingu starfs á þessu sviði, en þær ekki skilað sér í fjárlög. Eftir stendur sú staðreynd að innan Umhverfisstofnunar eru aðeins þrjár sérfræðingar sem sinna málafnum hafsins og umsýslu allra alþjóðasamninga sem tengjast þessu risavaxna umhverfismáli.



## Hvenær kemur desemberuppbótin?

Desemberuppbót félagsmanna VR í fullu starfi er núna 73.600 kr. og á að greiðast ekki seinna en 15. desember.

Virðing, réttlæti og gleðilega hátíð!

Virðing  
Réttlæti

VR


## Kurteislega orðuð skammarræða

“ Ríkisendurskoðun telur mikilvægt að Ísland standi að fullu við þær alþjóðlegu skuldbindingar sem það hefur undirgengist um varnir gegn mengun sjávar frá skipum.

“ Ísland hefur heldur ekki staðfest fimm aðra samninga á þessu sviði, þ.e. um einkaréttarlega ábyrgð vegna mengunar frá olíu í eldsneytis-tönkum skipa, um skipsflök, um takmörkun á notkun gróðurhindrandi efna og/eða búnaðar á skipum, um takmörkun á losun kjölfestuvatns og um ábyrgð og bótaskyldu í tengslum við flutning hættulegra efna og eiturfefna sjóleiðis. Loks hefur Ísland ekki staðfest þrjár bókanir við samninga sem það á aðild að. Aðild að þessum samningum er t.d. mikilvæg til að lágmarka hættu á að mengandi efni eða skaðlegar lífverur berist milli hafsvæða.

“ Það getur haft neikvæð áhrif á atvinnulíf landa og ímynd þeirra ef þau framfylgja ekki þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem þau hafa undirgengist á sviði umhverfismála. Einnig getur ríki orðið bótaskyldt sé skip frá því kyrrsett í öðru ríki vegna þess að það uppfyllir ekki ákvæði staðfesta alþjóðasamninga. Þá getur skapast óvissa um viðbrögð ef skipsskaði eða mengunaróhapp verður í lög-sögu ríkja en með aðild að alþjóðasamningum tryggja þau sér rétt til ihlutunar og aðstoðar annarra aðildarríkja.

“ Ríki geta þó lent í erfiðleikum ef þau uppfylla ekki staðfesta samninga og það skaðað ímynd þeirra á alþjóðavettvangi. Varnir þeirra gegn mengun frá skipum eru t.d. veikari en ella og skip þeirra geta mætt hindrunum í höfnum annarra aðildarríkja, s.s. vegna óvottaðs mengunarvarnabúnaðar.



# Njótum frjálstra osta








Ostahúsið hefur auðgað íslenska ostamenningu með fjölbreyttu vöruúrvali frá stofnun þess 1992.

Ostahúsið sérhæfir sig í framleiðslu á smurostum, rjómaostum, ostarúllum, fylltum brieostum, pizzatoppum, gómsætum eftirrétum og gjafakörfum.



# netto

Í JÓLASKAPI



**-40%**

LÚXUS GRÍSAHRYGGUR  
PÖRUSTEIK  
**1.379**  
ÁÐUR 2.298 KR/KG



**-20%**

ÖND  
HEIL  
**1.523**  
ÁÐUR 1.903 KR/KG



ANDABRINGUR  
FRANSKAR  
**2.598**  
KR/KG



**-30%**

GÆSABRINGUR  
**2.799**  
ÁÐUR 3.998 KR/KG



**-16%**

KJÚKLINGABRINGA  
Í JÓLAAPPELSINUBARENINGUR  
**2.098**  
ÁÐUR 2.498 KR/KG



LAMBALÆRI  
BLABERJA  
**1.698**  
KR/KG



VERTU VISS UM AÐ ÞAÐ STANDI  
"YOUNG" Á RJÚPUNNI ÞINNI.  
ÞAÐ TRYGGIR ÞÉR YNGRI FUGL!

RJÚPA, SKOTLAND  
350-400 GR  
**1.398**  
KR/STK



**-46%**

GRÍSAKÓTILETTUR  
FRANSKAR, ÚRBEINADAR  
**998**  
ÁÐUR 1.849 KR/KG




KALKÚNN  
FRANSKUR  
**1.090**  
ÁÐUR 1.298 KR/KG




**-13%**

COOP KARTÖFLUR 900GR  
BÁTAR, SKIFUR OG STRÁ  
**398**  
ÁÐUR 459 KR/PK



[www.netto.is](http://www.netto.is)

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |



SMÁKÖKUR  
DELİKATESS

**499**  
KR/PK

PIPARKÖKUR  
300 G - DELİKATESS

**399**  
KR/PK



APPELSÍNUR  
FERSKAR OG FÍNAR

**-50%**

**125**  
ÁÐUR 249 KR/KG



**-2000KR**

HUMAR - 2KG  
ASKJA

**6.989**  
ÁÐUR 8.989 KR/ASKJAN



RJÚPUBRINGUR  
4 STYKKI

**1.989**  
KR/PK



**15%**

HUMAR VIP ASKJA  
800 GR

**5.948**  
ÁÐUR 6.998 KR/PK



MONSTER HIGH VÖRUR  
3 TEGUNDIR

**-17%**

**298**  
ÁÐUR 359 KR/STK



NICE & EASY PIZZUR  
4 TEGUNDIR


**-30%**

**298**  
ÁÐUR 426 KR/STK



COOP LOFTKÖKUR  
TYLSTRUP - 200 GR

**399**  
KR/PK



**Tilboðin gilda 4. - 7. des 2014**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# HYUNDAI | Kaupúni 1 EINSTÖK TILBOÐ

Þjóðum gott úrval af notuðum bílum á frábæru tilboði í desember. Komdu við hjá okkur að Kaupúni 1, Garðabæ – beint á móti IKEA.

**ALLT AÐ 80% FJÁRMÖGNUN**



**TOYOTA LAND CRUISER 150**  
Nýskr 07/2012, ekinn 97 þús.  
dísil, sjálfskiptur.  
VERÐ ÁÐUR kr. 7.680.000

**TILBOÐSVERÐ  
6.880 þús. kr.**



**TOYOTA PRIUS SOL**  
Nýskr 02/2013, ekinn 14 þús.  
bensín, sjálfskiptur. þús  
VERÐ ÁÐUR kr. 5.290.000  
**TILBOÐ 4.790 þús. kr.**



**NISSAN QASHQAI SE**  
Nýskr 05/2011, ekinn 134 þús.  
bensín, sjálfskiptur  
VERÐ ÁÐUR kr. 3.090.000  
**TILBOÐ 2.490 þús. kr.**



**KIA SPORTAGE KM CRDI**  
Nýskr 06/2007, ekinn 117 þús.  
dísil, beinskíptur  
VERÐ ÁÐUR kr. 2.090.000  
**TILBOÐ 1.590 þús. kr.**



**HYUNDAI i40 WAGON PREMIUM**  
Nýskr 05/2012, ekinn 79 þús.  
dísil, sjálfskiptur.  
VERÐ ÁÐUR kr. 4.990.000  
**TILBOÐ 4.190 þús. kr.**



**HYUNDAI i30 STYLE**  
Nýskr 11/2007, ekinn 121 þús.  
bensín, sjálfskiptur.  
VERÐ ÁÐUR kr. 1.690.000  
**TILBOÐ 1.400 þús. kr.**



**CHEVROLET LACETTI STATION**  
Nýskr 01/2011, ekinn 69 þús.  
bensín, beinskíptur.  
VERÐ ÁÐUR kr. 1.590.000  
**TILBOÐ 1.090 þús. kr.**



Kaupúni 1 – (Beint á móti IKEA)

Sími 575 1200

## Fyrsta af fimm nýsmíðum HB Granda sjósett – verða öll komin heim 2017: Venus NS sjósett í Tyrklandi

**SJÁVARÚTVEGUR** Venus NS, annað tveggja nýrra uppsjárskipa sem HB Grandi er með í smíðum í Tyrklandi, var sjósett á dögnum. Skipið verður afhent í apríl, standist áætlanir.

Skipin eru smíðuð í Celiktr-ans Deniz Insaat Ltd skipasmíðastöðinni í Istanbul, og hefur vinnu miðað ágætlega upp á síðkastið en smíði Venusar er þó enn á eftir áætlun.

HB Grandi samdi við tyrknesku stöðina um smíði tveggja

uppsjárveiðiskipa. Þau eru 80 metrar á lengd og 17 metrar á breidd og í þeim verður 4.600 kW aðalvél. Afhending seinna skipsins, Víkings AK 100, er áætluð í október.

Þá hefur HB Grandi samið við sömu skipasmíðastöð um smíði þriggja nýrra ísfisktogara sem fá munu nöfnin Engey RE, Akurey AK og Viðey RE. Tvö fyrrnefndu skipin verða afhent á árinu 2016 en Viðey RE verður tilbúin til afhendingar á árinu 2017. -shá



**VENUS** Nýju skipin eru glæsileg og til vitnis um uppbygginguna í greininni. MYND/HBGRANDI

## Greiða atkvæði um áframhald verkfalls

Atkvæðagreiðsla stendur yfir meðal félagsmanna Læknafélags Íslands um áframhaldandi verkfallsaðgerðir. Staðan á Landspítalanum grafalvarleg að mati framkvæmdastjóra lækninga. Litlar líkur eru taldar á að samið verði fyrir áramót.

**HEILBRIGÐISMÁL** Ólíklegt er að samningar náist milli Læknafélags Íslands og ríkisins fyrir áramót að mati Sigurveigar Pétursdóttur, formanns samninganefndar lækna. Lítið miðar í vandræðum milli deiluaðila. Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga á LSH, segir stöðuna grafalvarlega og þyngist dag frá degi.

Núverandi verkfallsboðun lýkur föstudaginn 12. desember. Félagsmenn læknafélagsins greiða nú atkvæði um áframhaldandi verkfallsaðgerðir og verða niðurstöður úr atkvæðagreiðslunni kunngjörðar á mánudaginn kemur. Síðasti fundur milli deiluaðila bar engan árangur og hefur ekki enn verið boðað til nýs fundar.

„Eins og við höfum útskýrt þá hafa verkfallsaðgerðirnar haft gríðarlega mikil áhrif á starfsemi spítalans og það kemur á daginn að áhrifin aukast jafnt og þétt hvern dag sem aðgerðirnar halda áfram. Þetta þrengir á spítalanum og hægir á starfsemi og gerir okkur á margan hátt erfiðara fyrir,“ segir Ólafur.

Hann segir að fjórir læknar hafi nú þegar sagt upp störfum á spítalanum frá því verkfallsaðgerðir hóf.



ÓLAFUR BALDURSSON

SIGURVEIG PÉTURSDÓTTIR

ust. Sú staða sé óásættanleg og brýnir Ólafur deiluaðila til að ná saman. „Ég hef áhyggjur af stöðunni og einnig þeim sögusögnum að fleiri kunni að segja upp störfum á næstu dögum á spítalanum. Þetta eru hörmuleg tíðindi að við séum komin í þá aðstöðu að læknar eru farnir að segja upp. Það skiptir gríðarlega miklu máli að deiluaðilar nái saman sem allra fyrst.“

Sigurveig Pétursdóttir, formaður samninganefndar

læknafélagsins segir lítið miða í átt að samningum milli deiluaðila. „Það er enn langt í land að samningar náist. Þeir fjölmörgu fundir sem við höfum átt hafa ekki skilað okkur miklu. Það má segja að í síðustu viku hafi hænuskref verið tekið í átt að samningum. Hins vegar tel ég, eins og staðan er núna, ekki líklegt að við munum ná saman á þessu ári,“ segir Sigurveig.

Ólafur segir biðlista lengjast og allt að eitt ár muni taka að vinna ofan af þeim biðlistum. „Nú þegar eru skurðstofurnar og rúmin á spítalanum nýtt allt að hundrað prósent. Eftir því sem safnast á þessa viðbótariðlistu verða fleiri og fleiri sem þurfa að bíða eftir aðgerð. Það þýðir að hlutfall þeirra sjúklinga sem þurfa á aðgerð að halda fyrir mun aðeins hækka. Við horfum því upp á mikinn vanda.“

sveinn@frettabladid.is

## 42 hælismóknir teknar til meðferðar á fyrstu þremur fjórðungum 2014: Tuttugu og fjórir fengu hér hæli

**STJÓRNSÝSLA** Samtals sóttu 112 um hæli á Íslandi á fyrstu þremur fjórðungum ársins. Umsóknir 42 voru teknar til efnismæðferðar hjá Útlendingastofnun og fengu 24 hæli eða dvalarleyfi af mannúðarástæðum.

Þetta kemur fram í bráðabirgðatölfræði sem Útlendingastofnun birti í gær um fyrstu þrjú fjórðunga ársins 2014. Veitingarhlutfall hæliss á þessu tímabili er 57 prósent, töluvert hærra en á sama tíma í fyrra þegar sextán prósent mála í efnismæðferð lauk með hælissveitingu. Það lága hlutfall er sagt skýrast að mestu af því að stórir hópar frá Ríkjum sem talin eru örugg sóttu um hæli, einkum frá Albaníu og Króatíu. Íranar eru fjölmennasti hópurinn meðal þeirra sem hafa fengið hæli eða dvalarleyfi á árinu eða tímabilinu. Úkraínunum eru hins vegar fjölmennastir meðal þeirra sem sóttu um.

Alls 96 prósent umsókna um dvalarleyfi voru samþykkt á tímabilinu sem um ræðir, eða 2.464 af 2.745. 452 einstaklingar fengu veittan íslenskan ríkisborgararétt eða 83 prósent þeirra sem sóttu um hjá Útlendingastofnun.



**ÚTLENDINGASTOFNUN** Stofnunin veitti 24 einstaklingum hæli eða dvalarleyfi á tímabilinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



BLAÐAMAÐUR MORGUNBLAÐSINS  
SETUR NÝTT ÍSLANDSMET!



# HRINGINN OG 250 KM AÐ AUKI Á EINUM TANKI

RENAULT MEGANE SPORT TOURER DÍSIL  
VERÐ FRÁ: 3.590.000 KR.

**10%** NÝR LÁNAMÖGULEIKI  
ÚTBORGUN / 359.000 KR.

(Bílinn sem blaðamaður Morgunblaðsins prófaði)



RENAULT CAPTUR DÍSIL  
VERÐ FRÁ: 3.590.000 KR.

**10%** NÝR LÁNAMÖGULEIKI  
ÚTBORGUN / 359.000 KR.



RENAULT CLIO SPORT TOURER DÍSIL  
VERÐ FRÁ: 3.090.000 KR.

**10%** NÝR LÁNAMÖGULEIKI  
ÚTBORGUN / 309.000 KR.

## DÍSILBÍLARNIR FRÁ RENAULT SLÁ Í GEGN

Dísilbílar frá Renault hafa sannarlega slegið í gegn fyrir sparneytni og hagstætt verð. Malín Brand, blaðamaður Bílalaðs Morgunblaðsins, ók á dögnum Renault Megane Sport Tourer með 110 hestafla, 1,5 l dísilvél hringinn í kringum landið og í Húnaver að auki á einungis einni 60 l tankfyllingu eða u.þ.b. 1.520 km leið. Við óskum Malín og öllum Renault eigendum til hamingju og minnum á að: **PÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT!**

[ ... ég var farin að halda að eitthvað mikið væri að aksturstölvunni, sem sífellt sagði að ég gæti ekið um 1.000 kílómetra til viðbótar miðað við aksturslag.]

Malín Brand, Bílalað Morgunblaðsins



BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is

GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.bilahusid.is  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080



1

**MÓTMÆLI Í MEXÍKÓBORG** Grímuklæddur mótmælandi biður aðra mótmælendur um að ráðast ekki á kaffihús, þar sem viðskiptavinir hafa þjappað sér saman baka til. Mótmælin í Mexíkóborg á mánudag, vegna námsmannanna 43 sem rænt var í haust, gengu að mestu friðsamlega fyrir sig, en hópur fólks gekk um og braut rúður og kveikti í fyrirtækjum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



ÁSTAND HEIMSINS



4

**SJÁLFSVÍGSÁRÁS Í SÓMALÍU** Bifreið brennur við hlið flugvallarins í Mogadishu í Sómalíu, þar sem sjálfsvígsárásarmaður varð að minnsta kosti þremur öðrum að bana í gær.



6

**MÓTMÆLI Í HONG KONG** Tjöld mótmælenda þekja enn götur í aðalverslunarhverfi Hong Kong, en leiðtogar mótmælanna tilkynntu uppgjöf sína á þriðjudag.



2

**BJÖRGUNARÆFING HERSINS Á INDLANDI** Indverski sjóherinn efndi til björgunaræfingar úti fyrir borginni Mumbaf á þriðjudag, tveimur dögum fyrir miklar hersýningar sem haldnar verða í dag til að minnast stríðsins við Pakistan árið 1971.

NORDICPHOTOS/AFP



3

**MÓTTÖKUATHÖFN Í MALASÍU** Herhljómsveit í Malasíu tekur þátt í viðhafnarmóttöku þegar forsætisráðherra Bangladess kom í heimsókn til forsætisráðherra Malasíu í gær.



5

**VOPNIN EYÐILÖGÐ Í KÓSÓVÓ** Verkamenn í Kósóvó hella bræddum málm í mót fyrir ræsislok, en málmurinn var bræddur úr meira en tvö þúsund skammbyssum og rifflum.



7

**FLÓTTAMANNABÚÐIR Í LÍBANON** Börn frá Sýrlandi sitja við tjald í flóttamannabúðum í bænum Al Faúr, skammt frá landamærum Sýrlands.




# Þurrkublaðaskiptir bætir útsýnið og eykur bjartsýni

**BETRA VERÐ**

Olíssveinarnir Þurrkublaðaskiptir, Skyndibitaskenkir, Bensín-dælir, Gluggafægir, Húddskellir og allir hinir taka vel á móti þér í desember. Slakaðu á í jólaösinni, fylltu á tankinn og nýttu þér fjölmörg tilboð sem í boði eru á næstu Olís-stöð.

**Þar sem jólasveinninn verslar, er þér óhætt!**



**BÍLAPRENNNA**  
KAUPTU SIMONIZ-ÞVOTTALÖG  
ÁSAMT HOLTS-SVAMPI OG  
FÁÐU ILMSPJALD Í KAUPBÆTI

**1.690 kr.**

Fullt verð 2.085 kr.

**olis**

Vinur í desember

Átak í munnhirðu á hjúkrunarheimilum:

## Tannburstun bjargar lífi



**MUNNHIRÐA** Kennsla í munnhirðu fyrir starfsmenn danskra hjúkrunarheimila bar góðan árangur.

Ef munnhirða yrði bætt á hjúkrunarheimilum í Danmörku væri hægt að koma í veg fyrir lungnabólgu og legu á sjúkrahúsi hjá um 500 öldruðum á hverju ári. Þar sem um 20 prósent þeirra sem lögð eru inn á sjúkrahús með lungnabólgu deyja af völdum sjúkdómsins myndi tannburstun bjarga lífi 100 einstaklinga á hverju ári. Þetta hefur Jótlandspósturinn eftir Børge Hede, yfirtannlækni í Kaupmannahöfn.

Árangur af kennslu í munnhirðu fyrir starfsmenn nokkurra hjúkrunarheimila, sem aðstoðarmenn tannlækna hafa séð um, hefur verið svo góður að ákveðið hefur verið að taka upp slíka kennslu víðar.

Sparnaður sem hlýst af færri innlögnum vegna lungnabólgu gæti numið rúmlega 20 milljónum danskra króna árlega, að sögn yfirtannlæknisins.

- ibs

Hundar liður í meðferð vegna vímuefnaneyslu:

## Hundarnir veittu hamingju

Piltum á meðferðarheimili í Bandaríkjunum sem fengu að gefa hundum fódur, bursta þá og leika við þá í frítíma sínum leið beitur en piltum sem notuðu frítímann við íþróttaiðkun og tölvuleiki. Þetta eru niðurstöður rannsóknar Lindsey Ellsworth við háskóla í Washington á áhrifum meðferðar með hundum. Þátttakendum í rannsókninni, sem voru á táningsaldri, var skipt í tvo hópa og kváðust piltarnir sem umgengust hundana finna fyrir meiri gleði en hinir.

Piltarnir sem umgengust hundana urðu að hafa hömlur á hegðun sinni svo að þeir hræddu ekki hundana. Það leiddi til þess að þeir urðu gætnari í tali og hreyfingum.

Greint er frá niðurstöðum rannsóknarinnar á vefnum forskning.no.

➔ Piltarnir sem umgengust hundana kváðust finna fyrir meiri gleði en hinir.



**GLEÐIGJAFI**  
Piltar á meðferðarheimili urðu glaðari af því að gæta hunda.

NORDICPHOTOS/GETTY

Leiðbeiningar MAST:

## Rétt hitastig á jólahlaðborði

Kaldur matur á jólahlaðborðum þarf að vera við 0-4°C og heitur matur þarf að vera a.m.k. 60°C. Þetta kemur fram í leiðbeiningum Matvælastofnunar, MAST, til veitingastaða vegna jólahlaðborða.

Í leiðbeiningunum segir jafnframt að stjórnun á hitastigi í matvælum sé áhrifaríkasta leiðin til að takmarka eða stöðva fjölgun örvera og þar með hættu á matarsjúkdómum og skemmdum.

- ibs

## Börnin í leikskólanum verða rólegri af því að iðka jóga

Bæði kennarinn og börnin í leikskólanum Öskju hlakka til jógaundanna. Jóga og núvitund færð inn í leik- og grunnskóla Hjallastefnunnar með góðum árangri. Börnin biðja foreldrana um að iðka með sér jóga.

Það er ekki bara jógakennarinn sem hlakkar til tímanna í krakkajóga í leikskólanum Öskju í Reykjavík. Krakkarnir njóta tímanna og biða spenntir eftir þeim. „Þeim finnst þetta rosalega skemmtilegt. Jóga kennir þeim ýmsar leiðir til að róa sig niður og hafa áhrif á tilfinningar sínar. Þau verða meðvitaðri um líkamann og öndunina,“ segir Aðalheiður Jensen leikskólakennari sem jafnframt er jógakennari. „Ég lærði fyrst rope-jóga og eftir það ákvað ég að hella mér út í þetta og læra krakkajóga,“ bætir hún við.

Aðalheiður getur þess að frá febrúar 2012 hafi jóga og iðkun núvitundar verið færð inn í leik- og grunnskóla Hjallastefnunnar. Með börnum á leikskólastiginu og fyrstu árum grunnskólans ganga jógaundirnar út á leik, söng og dans þar sem jógaæfingar, öndunaræfingar, núvitund og slökun eru fléttaðar inn í.

„Það hefur lítið verið í skólakerfinu sem hjálpar börnum að leita inn á við en nú er að verða breyting á. Í Bandaríkjunum er til dæmis verið að innleiða núvitund í nokkra skóla. Þar eru kennarar þjálfaðir til að stöðva kennslustund þegar þeir sjá að bekkurinn er orðinn órólegur. Þegar kennarinn slær í bjöllu vita allir að næstu 10 mínútur fara í hugleiðslu og slökun.“

Aðalheiður segir núvitund ganga út á að vera í augnablikinu, vera meðvitaður um það sem er hér og nú. „Með núvitundaræfingum hjálpar



**KRAKKAJÓGA** Aðalheiður Jensen, leikskólakennari og jógakennari, segir börnin njóta jógaundanna og biða spennt eftir þeim.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



„Pau ná svo góðri slökun að það liggur við að það sé nauðsynlegt að hafa svona stundir markvisst á hverjum degi. Þetta þyrfti að vera í öllum skólum.“

Dóra Margrét Bjarnadóttir, leikskólástýra í Öskju

um við börnum að skilja að hugsanir koma og fara og að við stjórnnum því hvernig áhrif þær hafa á okkur. Með slíkum æfingum er verið að efla þá getu að velja sér hugsanir sem gefa frá sér góða orku og gleði og leiða hjá sér hugsanir sem valda vanlíðan.“

Í krakkajóganu, sem er tvisvar í viku fjórar vikur í senn á hvorri önn, er börnunum kennt að veita andlegri og líkamlegri líðan sinni athygli og þau læra ýmsar leiðir til

að róa sig niður, að sögn Aðalheiðar. „Þeim finnst þetta svo gott að þau biðja sum foreldrana að koma með sér í jóga þegar þau eru komin heim.“

Dóra Margrét Bjarnadóttir, leikskólástýra í Öskju, er þeirrar skoðunar að jóga hafi afar góð áhrif á börnin. „Þeim finnst þetta öllum ofboðslega skemmtilegt og þau biða spennt eftir að komast í tíma. Þau ná svo góðri slökun að það liggur við að það sé nauðsynlegt að hafa svona

stundir markvisst á hverjum degi. Þetta þyrfti að vera í öllum skólum.“

Leikskólástýran segir börnin ná miklum innri friði og ró við jóga-iðkunina. „Þau verða alveg slök. Þau eru ekki komin með hömlur eins og fullorðna fólkíð og hugurinn fer ekki að reika eins og gerist stundum hjá því. Jógaundirnar gefa börnunum og miknið og það er sérstaklega gott að hafa þær núna í desember í jólastressinu.“

ibs@frettabladid.is



Silfur 925, ykkar teikning.  
Verð 19.800 kr.



www.siggaogtimo.is

Fjáröflunarátak Barnaheilla – Save the Children á Íslandi í ár er hafið:

## Áskorun og jólapeysudagar

Fjáröflunarátak Barnaheilla – Save the Children á Íslandi gegn einelti, Jólapeysan, í ár hafið. Nú er safnað fyrir Vináttu, forvarnaverkefni samtakanna gegn einelti í leikskólum en þangað má gjarnan rekja rætur eineltis, að því er segir á heimasíðu samtakanna. Jólapeysan 2014 snýst um að standast áskorun, íklædd jólapeysu.

Hægt er að skrá sig til leiks á jólapeysan.is, finna upp á áskorun og hvetja vini og vandamenn til að heita á sig. Nokkrir hafa þegar tekið áskorunum og ætla að gera ýmislegt sem er fyrir utan þægindaramma þeirra. Á síðu Barnaheilla má sjá myndskreið þar sem þessir einstaklingar lýsa því sem þeir ætla að gera og af hverju þeim finnst mikilvægt að vinna gegn einelti. Hápunktur átaksins er á Jólapeysudaginn sjálfan, þann 12. desember, en öllum er frjálst að hafa sinn jólapeysudag hvenær sem hentar þeim.

Á heimasíðu Barnaheilla segir að Vináttuverkefnið sé danskt



**VINÁTTA**  
Margrét Júlía Rafnsdóttir verkefnastjóri með efni forvarnaverkefnisins Vináttu sem safnað er fyrir í ár.

að uppruna og hafi gefið góða raun. Það byggist á nýjustu rannsóknum og miði að því að skapa aðstæður sem byggjast á umburðarlyndi, umhyggju, virðingu og hugrekki, svo einelti fái ekki þrífist. Efni til notkunar í leikskólum og fyrir foreldra hefur verið þýtt og staðfært og er nú notað í tilrauna- og aðlög-

unarskyni í sex leikskólum á Íslandi. Markmiðið er að bjóða öllum leikskólum á landinu þátttöku í Vináttuverkefninu. Haft er eftir Ernu Reynisdóttur, framkvæmdastjóra Barnaheilla, að þannig sé hægt að vinna að því að einelti fái ekki jarðveg í samskiptum hjá kynslóðinni sem er að vaxa upp.

- ibs

Jólaaggleði

á Grand Hótelu á laugardaginn kl. 12

Glæsileg dagskrá þar sem Sigríður Thorlacius og Davíð Þór Jónsson sjá um tónlist og söng og sr. Bjarni Karlsson verður með jólahugveku.

Jólahangikjöt með tilheyrandi meðlæti borið á borð. Blandaður hátíðareftirréttur, jólakaffi og konfekt.

Verðið er 3.000 kr. fyrir félagsmenn en 4.000 kr. fyrir aðra. Nánari upplýsingar og skráning á [www.parkinson.is](http://www.parkinson.is) eða í síma 552-4440. Allir hjartanlega velkomnir.



Parkinsonsamtökin á Íslandi

Jólakúla 8cm 590,-

Jólakúla 10cm 790,-

Jólakúla 10cm 790,-

# the PIER

Sunday sófi **25% afsláttur**  
áður 179.900,- **nú 134.925,-**



Jólatré 90cm  
2.990,-



Jólatré 60cm 1.590,-

**40% AFSLÁTTUR Á PÚÐUM**

**40% AFSLÁTTUR Á PÚÐUM** verð frá 1.794 kr

## JÓLAGJAFIRNAR FÁST Í THE PIER

Jólaskraut 490,-



Jólatré 2.990,-

Kertastjaki 3.490,-

Kertastjaki 990,-



Jólasveinn 1.590,-

Krukka 2.990,-



Box 3.990,-



Rugguhestur 1.990,-



A WORLD OF INSPIRATION  
the PIER  
FOR YOUR HOME

Litlir kaffibollar 490,-



Valin glös **40% afsláttur**  
frá 414,-  
glasið



Serviettu hringur 690,-



Krukka með krana 6-10L áður 9.990,- **20% afsláttur nú 7.992,-**



Litlir bollar með eða án texta. Fullkomin stærð fyrir kaffið.



Enjoy bolli 790,-



Mmm bolli 590,-



Hvítur bolli 590,-

Liggjandi hreindýr 1.590,-



Standandi hreindýr 1.990,-



FLOTT GJAFAVARA



Glært matarstell frá 390,-



Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880



Er um á Facebook

## Bensín 32 krónum ódýrara: Eldsneytisverð lækkar enn

Orkan lækkaði í gær verð á bensínlíttra um þrjár krónur og díslítrann um fjórar krónur. Atlantsólía lækkaði verðið í kjölfarið. Verð á bensínlíttra og á líttra af gasolíu er nú það sama hjá þessum félögum, eða 220 krónur og 60 aurar. Í tilkynningu Atlantsolíu kom fram að bensínverðið hafi því lækkað um tæpar 32 krónur frá því það var hæst í sumar og að það hefði lækkað um 40 krónur, ef krónan hefði ekki veikst gagnvart dollar síðan þá.

- gs

## Greining Íslandsbanka gerir ráð fyrir að peningastefnunefnd Seðlabankans lækki stýrivexti um 0,5%: Spáir að stýrivextir verði lækkaðir í tvígang

Greining Íslandsbanka spáir því að peningastefnunefnd Seðlabankans ákveði að lækka stýrivexti um 0,25 prósentustig á næsta vaxtaákvörðunarfundi sem verður 10. desember næstkomandi. Einnig spáir greiningardeildin að vextirnir verði aftur lækkaðir á vaxtaákvörðunarfundi bankans þann 4. febrúar og standi þá í 5,25 prósentum.

„Rökin fyrir lækkuninni verða að okkar mati þau að raunvextir bankans hafi hækkað meira

undanfarið en bankinn gerði ráð fyrir og aðhald peningastefnunnar aukist en ekki minnkað eftir vaxtalækkunina í nóvember,“ segir í nýrri stýrivaxtaspá deildarinnar sem kynnt var í gær. Þar er einnig tekið fram að hækkan raunvaxta hafi undanfarið verið umfram það sem staða hagsveiflunnar og nærhorfur gefi tilefni til. Einnig hafi verðbólghorfur til skemmri tíma batnað talsvert miðað við það sem gert sé ráð fyrir í verðbólguþá Seðla-

bankans. „Þá hafa verðbólguvæntingar lækkað enn frekar frá síðasta vaxtaákvörðunarfundi, og eru nú nálægt verðbólguþámiðinu, sérstaklega horft til skemmri tíma.“

Starfsmenn greiningardeildarinnar búast við að vaxtahækkunarferli hefjist á ný undir lok næsta árs og að stýrivextir Seðlabankans verði því hækkaðir um 0,25 prósentustig í nóvember 2015.

- hg



SEÐLABANKINN Stýrivextir eru nú 5,75 prósent en í byrjun nóvember voru þeir lækkaðir um 0,25 prósentustig.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



MAREL Veittur er kaupréttur á hlutabréfum á grunnverðinu 0,86 evrur á hlut.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

## Í samræmi við kjarastefnu: Fá kauprétt á hlutum Marels

Stjórn Marels hf. ákvað á þriðjudag að veita framkvæmdastjórn félagsins kauprétt á allt að 2,5 milljónum hluta í félaginu. Allir meðlimir framkvæmdastjórnar fyrirtækisins fá 225 þúsund hluti.

„Kaupréttarsamningunum er ætlað að samtvinnna hagsmunum starfsmanna og félagsins til lengri tíma,“ segir í tilkynningu fyrirtækisins til Kauphallarinnar. Þar segir einnig að ákvörðunin sé í samræmi við starfskjara-stefnu félagsins sem samþykkt var á síðasta aðalfundi Marels í mars síðastliðnum.

„Heildarfjöldi hluta sem Marel hf. hefur nú veitt starfsmönnum sínum kauprétt að er 16,9 milljónir og er þá meðtalin þessi nýja úthlutun kaupréttá.“

- hg

## UTANRÍKISVERSLUN

### Hagstæð vöruskipti

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar voru vöruskiptin í nóvember hagstæð um 7,1 milljarð króna. Útflutningur nam 50,1 milljarði en innflutningur 43 milljörðum króna. Vöruskiptin voru einnig hagstæð í október.

# Ístak Ísland verður auglýst til sölu í kringum áramótin

Vinnu við að skipta Ístaki upp í tvö sjálfstæð fyrirtæki lýkur væntanlega á næstu vikum. Landsbankinn ætlar að auglýsa Ístak Ísland til sölu í kringum næstu mánaðamót. Starfsemin í Noregi sett í söluférlu núna í desember.

Landsbankinn ætlar að auglýsa verktakafyrirtækið Ístak Ísland til sölu í kringum næstu mánaðamót. Starfsemi fyrirtækisins í Noregi verður sett í söluférlu núna í desember. Enn er unnið að því að færa rekstur Ístaks hér á landi, á Grænlandi og í Færeyjum, inn í dótturfélagið Ístak Ísland.

Þetta segir Kristján Kristjánsson, upplýsingafulltrúi Landsbankans. „Það er nú unnið við að skipta fyrirtækinu upp og það þarf að ganga frá efnahagnum og búa til fyrirtæki úr hverri einingu. Svo munum við fara að leita að kaupendum og við stefnum að því að það verði gert öðrum hvorum megin við næstu mánaðamót,“ segir Kristján.

Ístak hefur verið í eigu Landsbankans síðan danska móðurfélagið Pihl & Søn varð gjaldþrota í september 2013. Bankinn auglýsti fyrirtækið fyrst til sölu í nóvember það ár en sleit síðan formlega söluférlu í apríl síðastliðnum þegar fimmtán óskuldbindandi tilboðum var hafnað. Í haust var tekin ákvörðun um að skipta Ístaki upp í tvö sjálfstæð fyrirtæki. Ístak Ísland er annað þeirra en hitt heldur utan um starfseminna í Noregi.

„Í Noregi erum við að vinna með fyrirtækjaráðgjöf PricewaterhouseCoopers (PWC) í Ósló. Stjórn Ístaks hefur ákveðið að leita eftir sölu á rekstri félagsins í Noregi, eða mögulegum samstarfsaðilum, en það ferli fer af stað núna í desember,“ segir Kristján.

Hann segir bankann ekki hafa fengið nein viðunandi tilboð í allan rekstur Ístaks frá því formlega söluférlu var slitið.



UNNIÐ Á FULLU Landsbankinn eignaðist Ístak í september 2013 eftir að danska móðurfélagið Pihl & Søn varð gjaldþrota.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Það er erfitt að selja fyrirtækið á meðan verið er að vinna að þessum breytingum. Við höfum þó verið tilbúnir til að skoða öll tilboð með þeim fyrirvara að við þurfum að klára að skipta fyrirtækinu upp fyrst,“ segir Kristján.

Óskar Jósefsson, framkvæmdastjóri Ístaks, segir stefnt að því að Ístak Ísland verði aðskilið öðrum rekstri verktakafyrirtækisins fyrir áramót.

„Við stefnum að því en þessi mál taka langan tíma enda þarf að skoða fjölmargt í þessu,“ segir Óskar.

Spurður hvernig verkefnastaða Ístaks sé segir Óskar að veturinn verði að öllum líkindum rólegur.

„En upp úr miðju næsta ári, og til lengri framtíðar, er margt í farvatninu sem maður hefur von um að raungerist, eins og kísilverin og önnur stór verkefni en fyrirtæki eins og Ístak hefur tæknilega þekkingu og getu til að takast á við stór verkefni og þau hafa síðustu ár verið mjög takmörkuð hér á Íslandi.“

haraldur@frettabladid.is



„En upp úr miðju næsta ári, og til lengri framtíðar, er margt í farvatninu sem maður hefur von um að raungerist.“

Óskar Jósefsson, framkvæmdastjóri Ístaks

Greiningardeild Arion banka telur að leigumarkaðurinn sé að mettast:

## Verðhækkningar ekki merki um bólu

Greiningardeild Arion banka spáir að fasteignaverð hér á landi eigi eftir að hækka um sjö til átta prósent á ári á næstu tveimur árum. Verðið eigi síðan eftir að hækka um sex til sjö prósent árið 2017.


Þetta kom fram á morgunfundi greiningardeildarinnar í gær þar sem helstu niðurstöður nýrrar fasteignaskýrslu hennar voru kynntar. Samkvæmt skýrslunni, sem ber heitið Bóla eða bjartar horfur?, er ekki verið að blása í nýja bólu á fasteignamarkaði þrátt fyrir þær verðhækkningar sem hafa átt sér stað að undanfögnu.

„Enda hafa verðhækkningar á fasteignamarkaði fylgt umsvifum í hagkerfinu,“ segir í samantekt deildarinnar um skýrsluna.

Á fundinum var einnig fjallað um horfur á leigumarkaði og þeirri spurningu velt upp hvort leigumarkaðurinn væri að mettast.

„Greiningardeildin telur að teikn séu á lofti um að svo sé, en hlutfall heimila á leigumarkaði lækkaði árið 2013, í fyrsta sinn frá árinu 2007 [...] Mælikvarðar á framtíðareftirspurn gefa einnig til kynna að eftirspurn sé að fara minnkandi, enda hafa verðhækkningar verið töluverðar undanfarin ár.“

- hg



HÚSNÆÐI Á fundinum var einnig bent á að byggingarkostnaður er enn nokkuð hár í samanburði við fasteignaverð.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## VÉLASÝNING

helgina 6. og 7. des. frá kl. 10-17



Kaffi á könnunni

Sýndar verða vélar frá Casolin og Robland og allt það sem að við höfum upp á að bjóða í þjónustu við Tréiðnaðinn

Röggi ehf.

Smiðshöfða 12 • 110 Reykjavík • s: 586 8000

**ENDURSKINSVESTI Í BOÐI MS**

# LJÓS Í MYRKRINU

**MJÓLKURSAMSALAN GEFUR ENDURSKINSVESTI MERKT  
HLEÐSLU MEÐAN BIRGÐIR ENDAST. ÞEIR SEM VILJA  
SJÁST BETUR EFTIR AÐ SKYGGJA TEKUR GETA KOMIÐ  
VIÐ HJÁ MS Í REYKJAVÍK, Á SELFOSSI EÐA AKUREYRI Í  
DAG, FIMMTUDAGINN 4. DESEMBER, MILLI KLUKKAN  
16 OG 18 OG HALDIÐ ÖRUGGARI ÚT Í VETURINN.**



**HLEÐSLA** | 100%  
HÁGÆÐA  
ÍÞRÓTTADRYKKUR | MYSUPRÓTEIN



ISLENSKA SÍÐIS VAS FRIÐ 2014

Ekta skinn sem hægt er að taka af

Stillanleg hetta

Íslenskt laxaroð

2ja laga vatnshelt efni



Klæðilegt snið

Límdir saumar

Stillanlegt mitti

Vatnsheldir rennilásar á vösum

Vasi á ermi

Stillanlegar ermar

80/20 hvítur andardúnn

**CINTAMANI**

**DRESS CODE ICELAND**

[WWW.CINTAMANI.IS](http://WWW.CINTAMANI.IS)





HEIMSKAUTAFARINN

ARCTIC PROJECT  
SINCE 1989



Þann

**11. DESEMBER**

**KL. 18**

fögnum við

**25 ÁRA AFMÆLI CINTAMANI &**  
komu **HEIMSKAUTAFARANS,**  
í verslun okkar **Bankastræti 7.**

Glæsileg tískusýning,  
Dj Natalie og léttar veitingar.



Austurhraun 3 | Bankastræti 7 | Kringlan | Smáralind



Fylgdu okkur á  
Instagram  
/cintamani\_iceland



Finndu okkur á  
Facebook  
/cintamani.iceland

Misárangursríkur málflutningur skilar sér misvel:

## Býr versta fólkið í mesta þéttbýlinu?

**T**rúlega hefur fólk sem býr utan mesta þéttbýlisins sjaldan verið eins herskátt og nú, í baráttu við ímyndaða óvini. Lengst hafa þingmenn Framsóknarflokksins gengið, en þeir telja fullvíst að Alþingi samþykki vilja þeirra um að ríkið fari framvegis með skipulag á flugvallarsvæðinu í Reykjavík. Framsóknarmennirnir treysta ekki núráðandi borgaryfirvöldum. Þeir hrifsa til sín skipulagsvaldið af Reykjavík, ímynduðum óvini sínum.



Sigurjón Magnús Egilsson

sme@frettabladid.is

Flugvallarmálið er tærasta birtingarmyndin í opinberum átökum um svo margt. Þéttbýlingum þykir oft að þeim séu gerðar upp skoðanir, skoðanir sem eiga sér enga stöð í raunveruleikanum. Gengið er að því sem gefnu, að ef þéttbýlingar finna til dæmis að ákvörðun

Sigurðar Inga Jóhannssonar atvinnuvegaráðherra um flutning Fiskistofu séu þar með svarnir andstæðingar byggðar utan þéttustu byggðarinnar.

Sennilegast er einn besti málsvari dreifbýlinga Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar. Hún skrifaði nýverið: „Ég er mjög hugsí yfir þeirri þróun sem er víða á landsbyggðinni þar sem atvinnuuppbygging er í gangi. Mörg af nýju fyrirtækjunum eru ekki með stjórnunarteymi á staðnum. Þeir búa í Reykjavík eða í útlöndum og ætla ekki að taka þátt í samfélagsuppbyggingunni. Verkaþólk er héðan eða frá starfsmannaleigum erlendis. Þannig að lítið verður eftir af arðinum af fyrirtækjunum í litlu samfélögum. Hvernig má breyta þessari þróun?“ Hér er sett fram alvörumál á skýran og öfgalausan hátt.

Annað dæmi er grein sem Auðbjörg Reynisdóttir hjúkrunarfræðingur skrifaði. Hún sagði meðal annars: „Í fjárlögum sem voru samþykkt fyrir þetta ár var ákveðið að „forgangsráða fjárfunum í rekstur Landspítalans“, það var gert með því að strika líka heilsugæsluna úti á landi af fjárlögum.“ Þetta er sjónarmið. Meðal þeirra sem skrifuðu viðbrögð við greininni var Reinhard Reynisson, fyrrverandi bæjarstjóri Norðurþings: „Samsett afleiðing „sérfræðingaveldisins“ innan heilbrigðiskerfisins og þeirrar sjálfhygli sem hinn mikli meirihluti á sv-horninu gerist ítrekað sekur um þegar hagsmunir annarra landsmanna eru annars vegar.“ Þetta er tónninn sem margir kjósa að hafa í umræðunni. „... og þeirrar sjálfhygli sem hinn mikli meirihluti á sv-horninu gerist ítrekað sekur um þegar hagsmunir annarra landsmanna eru annars vegar.“ Er ekki skotið duglega yfir markið? Heldur fólk, sem þannig skrifar, að þéttbýlingarnir í höfuðborginni og nærsveitum hugsí svona?

Fólki sem svona talar, og jafnvel hugsar, væri nær að líta til Vesturbyggðar og hlusta eftir málefnalegum rökum og framsetningu bæjarstjórans þar. Mikil uppbygging er á suðurhluta Vestfjarða. Meðal annars vegna þeirrar jákvæðni og þeirrar rökfestu sem þaðan kemur. Trúlegast er ekki einn einasti íbúi hér í þéttustu byggð landsins, sem hefur nokkuð á móti uppbyggingu vega á sunnanverðum Vestfjörðum. Þvert á móti. Fólk fylgist glatt með uppganginum þar og reglulega hafa, til að mynda á Stöð 2, verið fluttar fínustu fréttir þaðan.

Þau sem stríða við vindmyllurnar verða að átta sig á að það er enginn andstæðingur í stríðinu. Þess vegna er ekkert stríð.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Fríðar gamla hreiðrið

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra og gamallahúsaáhugamaður, ákvað flestum að óvörum að fríða salinn í Nasa, sem margir kenna frekar við Sigtún eða jafnvel Sjálfstæðisflokkinn. Í áraraddir var húsið nefnt Sjálfstæðis-húsið, flokknum til heiðurs, og þar voru margar merkar samkundur í sögu Sjálfstæðisflokksins. Víst er að margir eldri flokksmenn Sjálfstæðisflokksins fagna frumkvæði forsætisráðherrans, sem hefur með valdi sínu fríðað þetta gamla hreiður Sjálfstæðisflokksins. Taugin milli Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins hefur örugglega styrkst við ákvörðun ráðherrans, þar sem ákvörðunin gerir flokksfólki mögulegt að upplifa söguna, sem er ekki minnsti vafi á að því þyki hin allra merkilegasta.

#### Sjálfsgagnryni Davíðs

Sigurður G. Guðjónsson lögmaður segir í nýrri blogg færslu: „Hvenær fer Davíð Oddsson að líta í eigin barm og greina frá sínum pólitísku axarsköftum, sem ekki eru fá, og skrifa um þau í Mogga?“ Hér skal fullrytt að það verður seint. En hvert er tilefni skrifa lögmansins? Jú, Davíð hefur skrifað að finnska ríkiskerfið tæki til sín um 60 prósent vergrar landsframléiðslu. Sem er mikið. „... hver varð breytingin á þessum hagfræðimælikvarða í stjórnartíð Davíðs Oddssonar sem forsætisráðherra? En eins og alþjóð ætti að vera kunnugt var það Sjálfstæðisflokkurinn undir forystu Davíðs Oddssonar sem leiddi Ísland inn á lendur hins Evrópska efnahags-svæðis.“



#### Steingrímur í tukhúsi?

Stjórnarandstæðingar hafa hnyklað vöðvana og sýnt er að þeir munu berjast gegn náttúrupassa Ragnheiðar Elínar Árnadóttur. Þegar ráðherra svaraði hvað gert yrði við það fólk sem þverskallast við og skoðar landið án greiðslu upplýsti hún að fólk yrði sektað. Steingrímur J. Sigfússon, sá kunnir náttúruunnandi, hefur upplýst að náttúrupassa kaupir hann aldrei og sitji í fangelsi frekar, gangi mál svo langt. Andstaðan við passann eykst greinilega hægt og bífandi og í dag virðist ótrúlegt að ríkisstjórninni tækist að koma náttúrupassanum á, svo öflug er andstaðan.

sme@frettabladid.is

### HALLDÓR



### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



KOMONO  
Winston Heritage úr  
18.990.-

HÚRRA REYKJAVÍK

HVERFISGATA 50 | 101 REYKJAVÍK | 571 7101 | WWW.HURRAREYKJAVIK.IS

## Betri stjórnarstefna er möguleg

### FJÁRMÁL



Árni Páll Arnason formaður Samfylkingarinnar

Stjórnarandstaðan hefur sameinast um breytingartillögur við fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar til að freista þess að draga úr verstu ágöllum frumvarpsins.

Ríkisstjórnin sýnir í hverju málinu á fætur öðru þann ásetning sinn að vinna í þágu hinna fáu. Ríkisstjórn ríka fólksins hefur reynst fullkomið réttnefni. Það er mikilvægt að þjóðin sjái að önnur stjórnarstefna er möguleg og að samstaða er um hana í stjórnarandstöðunni.

Við leggjum til að fallið verði frá stóru auknum álögum á almenning vegna heilbrigðisþjónustu. Ef allt er talið stefnir í að kostnaðarhlutdeild sjúklinga í heilbrigðisþjónustu – komugjöld í heilsugæslunni, greiðslubátttaka hjá sérfræðilæknum, í lyfjum, hjálpartækjum og þjálfun – hækkir um næri 2 milljarða frá því sem var í tíð síðustu ríkisstjórnar. Það er ótrúlegt að heyra stjórnarflokkana stæra sig af skattalækkunum á sama tíma og nýr 2 milljarða skattur er með þessum hætti felldur á heimilin í landinu.

Við leggjum líka til að framhaldsskólinn verði áfram opin fyrir nemendum óháð aldri. Ríkisstjórnin vill loka þessari leið fyrir fólk yfir 25 ára aldri og vísa því á margfalt dýrari einkareknar leiðir. Fólk yfir 25 ára aldri er borgarar

→ Við setjum heilbrigðismál og menntamál í forgang og sækjum kjarabætur fyrir lífeyrisþega með auknum framlögum til almannaþrygginga.

eins og aðrir og á sama rétt til að afla sér menntunar og fá að nýta tækifæri, óháð efnahag.

Allt ber að sama brunni í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar: Lögd eru gjöld á allt sem á að vera hluti opinberra þjónustu. Nýir skattar heita öðrum nöfnum: Hærrí kostnaðarhlutdeild sjúklinga, hærrí gjöld fyrir aðgang að framhaldsskólamenntun og ný gjöld fyrir að fá að ganga um náttúru Íslands.

Við þessari stefnumörkun þarf að bregðast með því að sýna alvörulokast. Við setjum heilbrigðismál og menntamál í forgang og sækjum kjarabætur fyrir lífeyrisþega með auknum framlögum til almannaþrygginga. Við viljum verja umsamin réttindi á vinnumarkaði, eins og rétt til atvinnuleysisbóta og bæta úr brýnni þörf fyrir fjárfestingu í innviðum. Þetta er betri stefna og um hana er hægt að byggja víðtæka sátt meðal þjóðarinnar.

# Lekamál – umhverfismál

Flokksráðsfundur Vinstri grænna sendi frá sér ályktun í fjölmíðlum nýlega, þar sem lýst var vandrausti á Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra vegna lekamálsins svonefnda og krafðist afsagnar hennar. Nú ætlar undirritaður ekki að leggja dóm á hið margumtalaða lekamál eða störf Hönnu Birnu í því samhengi. Í mínum huga og eflaust margra annarra er hér um mál að ræða, sem blásið hefur verið út, að því er virðist, af litlu tilefni.

## UMHVERFIS- MÁL



Ólafur Þ. Hallgrímsson pastor emiritus

hluta, heldur allt. Mun þjóðin sætta sig við eitt-hvað annað?

Uppi eru hugmyndir um byggingu a.m.k þriggja kísilmálmverksmiðja, á Bakka við Húsavík, Grundartanga og Helguvík. Einhvers staðar mun þurfa að bæta við virkjunum til að afla raforku til þessara verksmiðja. Mengun mun aukast og loftgæði versna. Staðreynd er, að stóriðjan leggur til einn stærsta hluta af útblæstri gróðurhúsalofttegunda á Íslandi í dag. Því verður ekki mótmælt með rökum. Nú ætlum við að bæta þar hressilega í. Að sjálfsögðu mun umhverfisráðherrann leggja blessun sína yfir þessar fyrirætlanir, hvað annað?

Á Reyðarfirði gætir nú mengunar í vaxandi mæli frá álveri Alcoa, flúormagn í grasi hefur mælst yfir viðmiðunarmörkum þriðja árið í röð. Fólki er ráðlagt að skola matjurtir, áður en neytt er, og dregið hefur úr berjatínslu. Á Reyðarfirði er stöðugt „eldgos“ í gangi, sagði greindur og glöggur bóndi á Héraði við mig í sumar og átti þar við mengun frá álverinu, sem farið er að gæta einnig uppi á Héraði. Ekki furða þótt brennisteinsígildin mælist há á Reyðarfirði, nú þegar gosmökkurinn frá Holuhrauni kemur þar til viðbótar.

### Vantraust á rangan ráðherra?

Alþjóð er kunnugt hvað er að gerast í Lagarfljóti, sem búið er að umbreyta með tilkomu Kárahnjúkavirkjunar, svo þar virðist lífríkið á undanhaldi sökum versnandi lífsskilyrða í Fljótinu, minnkandi gegnsæis og kólnunar. Ekki minnst ég þess að hafa séð eitt orð um umturnan Lagar-

→ Á Reyðarfirði gætir nú mengunar í vaxandi mæli frá álveri Alcoa, flúormagn í grasi hefur mælst yfir viðmiðunarmörkum þriðja árið í röð. Fólki er ráðlagt að skola matjurtir, áður en neytt er, og dregið hefur úr berjatínslu.

fljótsins frá flokksráðstefnum VG eða öðrum ályktunum. Hafi það farið framhjá mér, biðst ég forláts.

Vísindamenn um allan heim eru nú nær sammála um, að hlýnun andrúmsloftsins, sem við erum farin að sjá hrikalegar afleiðingar af í veðurfarinu, sé af mannavöldum. Víst ber okkur að axla ábyrgð í loftslagsmálum til jafns við aðrar þjóðir í stað undanþága, sem við höfum stundað fyrir okkar stóriðju, enda höfum við undirgengist það samkvæmt Kyoto-sáttmála og loftslagsráðstefnum. Það gerum við ekki með þeim áformum, sem nú eru uppi. Þetta gerir yngra fólkið sér ljóst.

Í ályktun samþ. á landsfundi Ungra vinstri grænna (UVG) á Eskifirði nú í haust, segir m.a. að UVG „leggist eindregið gegn aðför ríkisstjórnarinnar að ísl. náttúru“. Einnig segir, að „greinilegt sé, að enginn umhverfisráðherra sé í ríkisstjórn, aðeins sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sem þráði lengri starfstítl“. Hér er talað tæpitungulaust. Stundum er gott að hlusta á hina ungu. Var kannski verið að lýsa vandrausti á rangan ráðherra? Vonandi sjáum við ekki ályktun frá næsta flokksráðsfundi VG fjalla um hvalbeinagrindina á Húsavík eða byssueign lögglunnar. Framtíðin má ekki við því.

# Hærra matvöruverð heimilum til hagsbóta?

Fullt tilefni er til að setja fyrirvara við áhrif þeirra breytinga sem til stendur að gera á virðisaukaskatti og vörugjöldum. Samkvæmt útreikningum fjármálaráðuneytis eiga breytingarnar í heild að lækka vísitölu neysluverðs og þannig skila heimilunum meira ráðstöfunarfé. Fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir að skattbreytingarnar, bæði hækkanir og lækkanir, skili sér að fullu út í verðlagið. Erfitt er þó að spá um með nokkurri vissu hvaða áhrif breytingarnar munu raunverulega hafa.

## SKATTUR



Elín Björg Jónsdóttir formaður BSRB

→ Margt bendir því til að skattahækkanir muni skila sér að fullu út í verðlag en lækkanir skili sér takmarkað. Áhrifin gætu þannig orðið hækkun vísitölu neysluverðs í stað fyrirhugaðrar lækkunar.

Áhrifum gengisbreytinga á verðlag má á margan hátt líkja við fyrirhugaðar breytingar á sköttum og innflutningsgjöldum. Um utanaðkomandi áhrif er að ræða sem virka á sama hátt á alla aðila og gefa vísbendingar um hvernig skattbreytingar færast út í verðlag. Í rannsókn Rannsóknarseturs verslunarinnar frá 2011 er þetta kannað og þar kemur skýrt fram að styrking krónunnar hafi minni áhrif á verðlag en veiking hennar. Ef þessar niðurstöður eru yfirfærðar á fyrirhugaðar skattkerfisbreytingar bendir margt til þess að skattahækkanir á neðra þrepi muni skila sér mun betur út í verðlag en skattalækkanir efra þrepsins og afnám vörugjalda.

### Markmiðin bresta

Áhrif gengisbreytinga skila sér samkvæmt sömu rannsókn best í verðlagningu matvara. Veiking krónunnar skilar sér að fullu og styrking skilar sér að tveim-

ur þriðju hlutum. Verð matvöru hækkar því í fullu samræmi við gengishækkanir en lækkanir skila sér ekki nema að tveimur þriðju. Þegar kemur að heimilistækjum og byggingavörum skilar veiking krónunnar sér að fullu en áhrif af styrkingu eru mun minni.

Því eru sterkar vísbendingar um að hækkanir skili sér hratt út í verðlag en lækkanir mun síðar. Þar sem fyrrgreindar skattbreytingar virka á margan hátt svipað og gengisbreytingar gefur samanburðurinn sterkar vísbendingar um raunveruleg áhrif skattbreytinganna á verðlag.

Margt bendir því til að skattahækkanir muni skila sér að fullu út í verðlag en lækkanir skili sér takmarkað. Áhrifin gætu þannig orðið hækkun vísitölu neysluverðs í stað fyrirhugaðrar lækkunar. Um leið bresta markmið breytinganna um aukið ráðstöfunarfé til heimilanna og það eina sem eftir stendur er hærra matvöruverð. Það er því fullt tilefni til að hafa efasemdir um að fyrirhugaðar skattbreytingar muni koma heimilunum til góða.

citroen.is

# HAGKVÆMASTI KOSTURINN

• LÆGSTA VERÐIÐ
• HLIÐARHURÐIR BEGGJA VEGNA
• FELLANLEGT SKILRÚM
• SPARNEYTINN

## BESTA VERÐIÐ

**CITROËN NEMO VAN 1,3 DÍSL 6 HURÐA**  
 VERÐ FRÁ: 2.063.745 KR. ÁN VSK  
 VERÐ FRÁ: 2.590.000 KR. MEÐ VSK

## CITROËN NEMO ER HAGKVÆMASTI KOSTURINN

CREATIVE TECHNOLOGIE

Citroën Nemo er með lægsta verðmiðann á markaðnum. Gerðu samanburð og veldu hagkvæman og lipran sendibil sem uppfyllir allar þínar kröfur. Nemo er með sparneytinni díslvél og er vel búinn staðalbúnaði. Hliðarhurðir beggja vegna auðvelda hleðslu og hægt er að flytja lengri hluti með því að fella niður skilrímið. Kauptu hagkvæman Citroën Nemo, við aðstoðum þig með fjármögnun.



Nýir og notaðir bílar: Sóludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.  
 Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



# Enn eiga aldraðir og öryrkjar að herða sultarólina

Í nýjustu breytingartillögum meirihluta fjárlaganefndar gefur að líta alls konar aukningu framlaga til hinna ýmsu málaflokka. Því ber að fagna og margir eru vel að því komnir og sér í lagi Landspítalinn sem fær aukna fjárveitingu. Þetta mun vera gert vegna þess að tekjur næsta árs verði meiri en áætlað var í fyrstu gerð fjárlaga fyrir árið 2015. Nú lítur þetta allt sem sagt betur út í fjárlagagerðinni.



**Jóna Valgerður Kristjánsdóttir**  
formaður Landssambands eldri borgara

Pegar okkur í Landssambandi eldri borgara voru kynntar fjárlagatillögurnar í haust var gert ráð fyrir 3,5% hækkun á lífeyri almanna-

trygginga. Við minntum á það að á þessu ári hefðum við fengið 3,6% hækkun á meðan launahækkunir á þessu ári væru umtalsvert meiri. Við ættum því inni leiðréttingu. Í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins í desember 2013 var samið um hækkun launa um 2,8%, en þó hækkðu lægstulaun um 9.750 krónur. Þannig var hækkun þar í raun 5,6% en ekki 2,8%

eins og haldið er fram í umræðunni. Að ekki sé nú talað um einstaka hópa sem hafa fengið mun meiri hækkunir í nýgerðum kjarasamningum.

Nú er þess getið í greinargerð með

breytingartillögum meirihluta fjárlaganefndar að í raun hafi hækkun bóta almennatrygginga 2014 verið meiri en kjarasamningar ársins. Samt sé ekki áætlað að leiðrétta það! Þvílík góðsemi! Síðan kemur rúsinan í pylsuendanum: Vegna þess að verðlagshorfur næsta árs gera ráð fyrir lækkandi verðbólgu þá er hægt að lækka bætur almennatrygginga frá því sem áætlað var. Þær verða því ekki hækkadar um 3,5% eins og fyrst var áætlað, heldur um 3%.

## Forkastanlegt

Allt er þetta vegna þess að nú eru svo góðar horfur í verðlagismálum á næsta ári. Ætli það sé alveg gleymt að framlag sjúkratrygginga til

ýmissa hjálpartækja eins og öryggishnapps lækkaði þannig að hækkun notenda varð 89%. Kostnaður notenda í heilbrigðiskerfinu lækkaði á þessu ári, t.d. komugjöld um 20%. Niðurgreiðsla vegna heyrnartækja og tannviðgerða aldraðra hefur ekkert hækkad síðan 2006. Maturinn er að hækka vegna hækkunar virðisaukaskatts og aldraðir fá engar mótvægisáðgerðir vegna þeirrar hækkunar. Við höfum lagt til að færa lyf úr hærri þrepi virðisaukaskatts í það lægra sem væri þá samskipt mótvægisáðgerð fyrir þá sem nota mest af lyfjum, en lyfjanotkun eykst yfirleitt með aldri. Ekki var orðið við því samkvæmt þeim tillögum sem fyrir liggja.

→ **Pegar betur árar en gert var ráð fyrir þá ættu þessir hópar að njóta þess með einhverri hækkun, en ekki lækkun.**

Meðan stór hópur aldraðra og öryrkja nær ekki endum saman um hver mánaðamót, er það forkastanlegt að leggja slíka tillögu fram eins og að draga úr þeirri lágmarks-hækkun sem átti að koma á næsta ári til lífeyrisþega. Þegar betur árar en gert var ráð fyrir þá ættu þessir hópar að njóta þess með einhverri hækkun, en ekki lækkun. Ég skora á þingmenn að draga þessa breytingu til baka fyrir 3ju umræðu fjárlaga.

## Allir snjallir!

Á dögnum var Foreldradagur Heimilis og skóla haldinn í fjórða sinn og að þessu sinni var yfirskriftin „Allir snjallir“. Yfirskrift Foreldradagsins vísar í snjalltækjanotkun í samfélaginu sem vissulega er orðin hluti af menningu okkar og nær til allra aldurshópa.



**Anna Margrét Sigurðardóttir**  
formaður Heimilis og skóla

### Litlu snillingarnir

Þau börn sem eru í fyrstu bekkjum grunnskólans hafa allt sitt líf alist upp við tilvist snjalltækja. Ekki er óalgengt að heyrja foreldra eða ömmur og afa dást að því hve barnið á öðru ári sé leikið á spjaldtölvu heimilisins og órana um hvaða snillingur fram-tíðar séu þar á ferð. En öllum nýjungum og tækni þurfa líka að fylgja reglur og viðmið. Samfélagið þarf að komast að niðurstöðu um skynsamlega notkun því knýjandi þörf er á sameiginlegum viðmiðum um snjalltæki í skólum landsins svo koma megi á satt og vinnufriði. Rannsóknir segja okkur að þar sem foreldrar og börn eru í góðum tengslum eru meiri líkur á að börn fari að settum reglum og virði viðmið samfélagsins. Fyrst og síðast er það á býrgöð foreldra að takast á við hegðun barna sinna. Foreldrasáttnámi Heimilis og skóla er öflugt tæki fyrir foreldra til að sameinast um grundvallarviðmið og fara saman að reglum samfélagsins.

### Samstaða er mikilvæg

Skólasamfélagið þarf í heild sinni að tala saman og móta stefnu sem allir geta farið eftir. Í Brekkuskóla á Akureyri var haldið málþing sl. vor þar sem allir aðilar skólasamfélagsins voru kallaðir til og reynt var að komast að sameiginlegri niðurstöðu um notkun snjalltækja. Málþing sem þetta er til fyrirmyndar fyrir aðra skóla landsins. Í Sæmundarskóla gilda skýrar reglur en nemendur mega nota snjalltæki í tíma með leyfi kennara og nota má tæki í frímínútum en ekki taka myndir. Við brot á reglum er tækið tekið af nemanda og afhent í lok skóladags. Snjalltæki hjóða upp á ótrúlega möguleika í skólastarfi

### SAMFÉLAG

→ **Skólasamfélagið þarf í heild sinni að tala saman og móta stefnu sem allir geta farið eftir.**

og margir skólar eru vel tækjum búnir. Framþróunin verður ekki stöðvuð heldur ber okkur að nýta snjalltæknina skynsamlega í leik og starfi.

### Eignarréttur og vinnufriður

Eins og að framan er getið hafa margir skólar sett sér reglur um snjalltækjanotkun en árekstrar eru tíðir því oft og tíðum er dansað eftir hárfinni línu og ekki alltaf ljóst hvort viðbrögð séu rétt eða röng. En sitt sýnist hverjum og sumir hafa þá skoðun að gera megi snjalltæki upp-tæk af nemendum ef þau valda truflun í skóla eða eru notuð á meiðandi hátt. En öllum ber að virða lög og friðhelgi einkalífs og eignarréttur er í gildi bæði fyrir börn og fullorðna. Börn eru varin af íslenskum lögum og ekki má brjóta á réttindum barna þegar fullorðnum einstaklingum finnst það henta. Vera má að stjórnmöld þurfi að skoða hvort tilefni sé til að breyta lögum í þá veru sem er t.d. í Svíþjóð en þar eru heimildir til upptöku tækja af þessu tagi rýmri en hér á landi.

### Samráð um viðmið

Um þessar mundir vinna Heimili og skóli og SAFT að því að kalla saman ýmsa hagsmunaaðila í samráðshóp sem mun taka saman viðmið um notkun snjalltækja í skólum. Þar munu eiga sæti fulltrúar foreldra, nemenda, kennara og annarra sem tengjast skólasamfélaginu. Heimili og skóli og SAFT stefna að því að kynna þessi viðmið á alþjóðlega netöryggisdeginum, 10. febrúar á næsta ári. Samfélagið kallar eftir skýrum reglum og við erum að bregðast við því ákalli. Upptaka af Foreldradeginum og ráðstefnunni Allir snjallir er aðgengileg á heimasíðu Heimilis og skóla, heimiliogskoli.is og á saft.is.

## Var frjálshyggja fyrir hrun?

Þótt ýmislegt á Íslandi hafi borið keim af frjálshyggju á árunum fyrir hrun, t.d. lækkun skatta, einkavæðing ýmissa ríkisfyrirtækja og sjálfbær sjávarútvegur, er ljóst að sjónarmið félagshyggju urðu æ meira áberandi. Látum nægja hér að benda á nokkur dæmi því til staðfestingar.

### Ríkið þandist út

Þótt skattar á einstaklinga og fyrirtæki hafi lækkað jafnt og þétt á árunum fyrir hrun, jukust skatttekjur hins opinbera um tæpan fimmtung á einungis tíu árum. Samhliða auknum skatttekjum jukust umsvif ríkis- og sveitarfélaga verulega. Þá jókst laga-setning um helming og eftirlitsstofnanir urðu dýrari, fjölmennari og umsvifameiri en nokkru sinni fyrr. Með öðrum orðum, bákníð þandist út og frjálshyggjan lét í minni pokann fyrir víðtækri félagshyggju.

### Ríkisábyrgð á börnum

Hér á landi sem erlendis var til staðar bein eða óbein ríkisábyrgð á innistæðum. Af þessu tóku mats-fyrirtækin mið og gáfu börnunum hærri einkunn því tryggja sem ríkisábyrgðin var. Slík ríkisábyrgð eykur áhættuþegun bankanna og stuðlar að lánsfjárbólgu. Nákvæmlega þetta gerðist á Íslandi sem og um mestallan hinn vestræna heim. Þar sem ríkisábyrgð á einkafyrirtækjum gengur í berhogg við grundvallarhugmyndir frjálshyggju, gefur augaleið að ríkisábyrgð á bankainnistæðum eða börnum yfirleitt er

### STJÓRNSÝSLA



**Guðmundur Edgarsson**  
málvísindamaður

andstæð frjálshyggju af hvaða lagi sem er.

### Kárahnjúkavirkjun

Margir telja að bygging Kárahnjúkavirkjunar hafi valdið því hagkerfið hafi ofhitnað. Þeir hinir sömu telja að við þessa framkvæmd hafi gífurlegt magn af erlendum gjaldreyri flætt inn í landið og þar með hafi möguleikar bankanna til enn frekari umsvifa í skjóli væntanlegrar ríkisábyrgðar aukist til muna. Hvað sem hæft er í því er það óhagleg staðreynd að bygging Kárahnjúkavirkjunar var ríkisframkvæmd og sú stærsta sinnar tegundar í sögu landsins. Að benda þessa risaframkvæmd ríkisins við frjálshyggju er því ófugmæli hvað sem mönnum kann að þykja um verkefnið að öðru leyti.

### Heimatilbúinn lóðaskortur

Á skjön við markaðslögmál setti R-listinn lóðaframboð í Reykjavík í frost í heilan áratug. Þessi frysting leiddi til slíkrar umframsþurnar eftir lóðum að húsnæðisverð á gjörvöllu höfuðborgarsvæðinu fór upp úr öllu valdi. Þótt nágrannasveitarfélög in hafi boðið út talsverðan fjölda af lóðum hafði það lítið að segja til mótvægis þar sem höfuðborgarsvæðið allt er eitt markaðssvæði og Reykjavík, sem langstærta sveitarfélagið, allsráðandi hvað varðar verðmyndun á fasteignamarkaði. Í kjölfarið tók fólk á sig meiri húsnæðisskuldur sem gerði svo kreppuna öllu verri við að eiga en ella hefði verið.

## Skipulagsvald sveitarfélaga og flugvöllurinn í Vatnsmýrinni

Umræða um flugvöllinn í Vatnsmýrinni og skipulagsvald sveitarfélaga tók kipp þegar nokkri þingmenn Framsóknarflokksins fluttu tillögu um að færa skipulagsvaldið yfir flugvallarsvæðinu til Alþingis. Mér sýnist þetta vera skynsamleg tillaga, einkum með tilliti til sögunnar. Ég er hér einkum að hugsa til tveggja tilvika sem verið hafa mikið í fréttum undanfarin ár.

### Teigskógsmálið

Málið snertir lífæð Vestfjarða, vegasamband til vesturs og suðurhluta Vestfjarða. Auk þess er um að ræða samgöngur innan sveitarfélagsins, t.d. akstur skólabarna.

Hér er um að ræða grunnþjónustu í Reykhólasveit fyrir utan tengingu við umheiminn. Í fjölda ára hafa framkvæmdir við veg um sk. Teigskóg tafist vegna „fordóma“ í stofnunum ríkisins. Ég nota hér orðið fordóma vegna þess að skógurinn sem um ræðir er ekki merkilegt fyrirbæri sem skógur, hefur ekkert verndargildi, samanber ályktun skógræktarmanna á Vestfjörð-

### STJÓRNSÝSLA



**Sveinn Hallgrímsson**  
eftirlaunaþegi

um. Hvernig stendur á því að skipulagsvaldið í þessu máli er ekki hjá sveitarfélaginu? Það er ekki einu sinni hjá Alþingi. Það er hjá stofnun í Reykjavík! Hver færði skipulagsvaldið frá sveitarfélaginu til stofnunar í Reykjavík? Og hvers vegna?

### Grímsstaðir á Fjöllum

Frægt var þegar kínverski athafnamaðurinn Núbó vildi kaupa Grímsstaði á Fjöllum. Núbó ætlaði að hefja þar framkvæmdir og koma á ýmiss konar starfsemi, m.a. í ferðaþjónustu.

Núbó var meinað að kaupa Grímsstaði og hefja þar framkvæmdir, vegna þess að hann hafði ekki heimilisfestu á Evrópska efnahagssvæðinu. Sveitarfélag á Norður- og Austurlandi sameinuðust um að gera eigendum Grímsstaða tilboð í jörðina. Mér skilst að samkomulag hafi náðst um kaupin. Ætlunin var að leigja athafnamanninum Núbó jörðina svo hann gæti hafið framkvæmdir við sköpun starfa á svæðinu. Hvað gerðist? Í stað þess að innanríkisráherrann fyrrverandi

→ **Eigum við að hafa leikreglurnar með sama hætti áfram?**

liðkaði til fyrir sveitarfélaginu á Norður- og Austurlandi var frumkvæði sveitarfélaga stöðvað! Vinna við verkefnið kostaði sveitarfélögin fyrirhöfn og fjármagn. Skipulagsvaldið var tekið af sveitarfélaginu!

Þetta eru tvö nýleg dæmi um að stofnanir í Reykjavík hrifsi skipulagsvaldið úr höndum sveitarfélaga. Eigum við að hafa leikreglurnar með sama hætti áfram?

Hér mætti svo nefna þriðja dæmið, miðhálandið og sk. Þjóðlendur. Ég man að þegar lögin um Þjóðlendur var samþykkt, höfðu þingmenn Framsóknarflokksins haft miklar efasemdir um ágæti þess. Þeir hafi að lokum samþykkt að stöðja lögin, gegn því að skipulagsvaldið yrði hjá sveitarfélaginu. Mér skilst að nú sé að hluta til búð að færa skipulagsvaldið til Reykjavíkur. Sé þetta rétt eru þetta svik við fólk utan Reykjavíkursvæðisins. Enn eitt dæmið um að skipulagsvaldið sé tekið af sveitarfélaginu.

## AF NETINU

### Hlægilegur náttúrupassi




Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, ætlar alla leið með náttúrupassan—einnmitt nú þegar sam-tök helst aðila í ferðaþjónustu hafa snúist gegn þeirri leið. Vilja frekar gistináttagjald.

Þetta er mikill dómgreindarbrestur hjá Ragnheiði Elínu. Náttúrupassinn felur í sér að nú verða Íslendingar skattlagðir sérstaklega ef þeir vilja skoða náttúruperur í landi sínu. Það verður aldrei samþykkt af almenningi.

Vonandi stöðva Framsóknarmenn þessa fásinnu. Tveir glæsilegustu formenn Framsóknarflokksins sem jafnframt voru þekktir náttúruvinnendur, Eysteinn Jónsson og Steingrímur Hermannsson, hefðu aldrei látið sér detta í hug að taka þátt í slíkri gjalddöku á Íslendinga, fyrir að njóta landsins.

<http://blog.pressan.is>

Stefán Ólafsson



Síminn 


## Settu saman jóladagskrána með Sjónvarpi Símans

[siminn.is/thjonusta/sjonvarp](http://siminn.is/thjonusta/sjonvarp)

### Þú átt frábæra fjölskylduskemmtun í vændum

Sjónvarp Símans er þægileg leið til að njóta alls þess besta í sjónvarpinu þínu um jólin. Þú stjórnar dagskránni heima í stofu og með Sjónvarp Símans appinu geturðu nýtt Frelsi, Tímaflakk og ABC Studios hvar og hvenær sem er. Hægt er að hafa appið í gangi í allt að fimm snjalltækjum í einu á sama þráðlausa netinu.

### Þú getur meira með Símanum



Ath, að skilmálar Apple heimila ekki leigu á myndefni með smáforriti í Apple tækjum. Unnt er að leigja myndefni gegnum önnur tæki (Android eða myndlykil) og nálgast síðan efnið í Apple tæki. Sjá nánar um skilmála þjónustunnar á [siminn.is](http://siminn.is)



# Að heila ofbeldisreynslu

Það væri draumur að búa í samfélagi þar sem ekkert ofbeldi þrífist. Því miður er staðreyndin þó sú að mörg okkar verða fyrir því á lífsleiðinni að vera beitt ofbeldi. Það hefur oftast mikil áhrif á tilfinningalífið, sjálfsmyndina og tengslin við aðra.

## KYNBUNDIÐ OFBELDI



Sandra Sif Jónsdóttir jógakennari og meistaranemi í heilbrigðisvísindum við Háskólann á Akureyri

→ Það þarf að læra að umbreyta sársaukanum svo hann nái ekki tókum á okkur og komi í veg fyrir að við njótum lífsins í góðum tengslum við okkur sjálf og aðra.

einhver standi við bakið á okkur. Við erum öll tilfinningaverur og þörfumst kærleika og umhyggju.

Þeir sem hafa orðið fyrir ofbeldi þurfa á miklum stuðningi að halda. Þeir þurfa að vita að þeir eru ekki einir á báti og að einhver er tilbúinn til að veita þeim stuðning. Þeir þurfa að finna samkennd og nauðsynlegt er að ábyrgðinni á ofbeldisverkinu sé ekki velt yfir á þolandann. Þetta ættum við sem samfélag, sem vinir og sem fjölskylda að gera óháð því hvers kyns ofbeldisverkið var, óháð aðstæðum, óháð geranda og þolanda, óháð því hverju þolandinn klæddist, hvað hann gerði og svo framvegis. Að valda einhverjum sársauka án óþvingaðs samþykkis þess sem fyrir verður tekur sér bólfestu í huga og líkama og getur valdið ómældum skaða.

Með því að sýna þolendum stuðning og samkennd stuðlum við að heilun þeirra. Við eflum þá til að takast á við eigin reynslu, lifa án sektarkenndar og sjálfsásökunar. Það þarf oft meira til en ég tel að hér sé gott að byrja.

## Hvernig getum við hjálpað?

Polandi ofbeldis gerir best í því að standa með sjálfum sér og forðast sjálfsásakanir. Hann verður að læra að færa ábyrgðina yfir á gerandann þannig að sjálfíð nái sér að fullu og sjálfíð grói sára sinna.

Þetta eru góð ráð en hvernig getum við sem samfélag hjálpað þeim sem orðið hafa fyrir ofbeldi til að takast á við erfiða og sára reynslu? Þótt svarið geti hljómað einfalt er það ekki alltaf jafn auðvelt í framkvæmd. Eitt af því sem einkennir okkur mannfólkið er þörfin fyrir stuðning, það að vita að einhverjum er ekki sama og að

# Hvers virði er sérfræðipækking?

Sérkennarar hér á landi búa við þá einkennilegu stöðu að hafa sérhæft sig í sérkennslufræðum án þess að njóta lögverndunar starfsheitis. Félag íslenskra sérkennara hefur um árabil unnið að því að fá lögverndun á starfsheitinu sérkennari eða sérkennslufræðingur fyrir þá sem hafa lokið framhaldsnámi í sérkennslufræðum til viðbótar við B.Ed.-nám í grunn- eða leikskólafræðum, eða kennsluréttindanam á þessum stigum.

Markmið meistaranáms í sérkennslufræðum er að efla þekkingu kennara á sérþörfum nemenda og auka færni þeirra í því að vinna á vettvangi sem sérkennslufræðingur sem er allt í senn, sérkennari, ráðgjafi og stjórnandi í framkvæmd skóla án aðgreiningar. Þannig eiga sérkennarar að vera sérfræðingar í kennslu barna með ýmiss konar sérþarfir og í að ráðleggja starfsfólki skóla hvernig best sé að vinna með slík börn og skapa námsaðstæður við hæfi. Sérkennarar þurfa einnig að kunna að leggja fyrir margvísleg skimunar- og greiningarpróf til að kortleggja námsvanda nemenda. En þar sem starfið er ekki lögverndað er skólastjórum í sjálfsveld sett hvort þeir ráða kennara með framhaldsmenntun í sérkennslufræðum eða ekki til að starfa sem sérkennarar í sínum skóla.

Leik-, grunn- og framhaldsskólar á Íslandi eru fyrir alla eða án aðgreiningar samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun frá árinu 2006. Kveðið er á um það í lögum um leik- og grunnskóla að nemendur

## MENNTUN



Sædis Ósk Harðardóttir



Anna-Lind Pétursdóttir



Aldís Ebba Eðvaldsdóttir

fyrir hönd Félags íslenskra sérkennara

með sérþarfir eigi rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum skólum án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis og eigi rétt á sérstakri aðstoð og þjálfun sem fara skal fram undir handleiðslu sérfræðinga.

Í öllum almennum skólum eru nemendur með sérþarfir, en það eru þeir nemendur sem teljast eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika og/eða fötlunar, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur, nemendur með þroskaröskun eða geðraskanir. Þetta er því sérstaklega viðkvæmur hópur nemenda sem þurfa sérhæfðan stuðning til að fá jafngild tækifæri til náms á við aðra nemendur.

## Sýni faglegan metnað

Í reglugerð um nemendur með sérþarfir er kveðið á um að unnin sé sérhæfð áætlun um stuðning í námi í samræmi við metnar sérþarfir og að þessir nemendur fái sérstakan stuðning í samræmi við þær. Sá stuðningur skal veittur af sérkennurum eða öðrum sérmenntuðum fagaðilum. Þar er átt við þá sem hafa sérmenntun til þess að veita sérstakan stuðning í námi

og sinna ráðgjöf til kennara. Mikilvægt er að umsjón með slíkum sérstuðningi sé í höndum sérmenntaðs starfsfólks sem hefur þekkingu á sérþörfum nemenda og þeim úrræðum sem þarf til að gefa nemendum jafngild tækifæri til náms. Í rannsókn Amalíu Björnsdóttur og Kristínar Jónsdóttur (2010) kom í ljós að 83% skólastarfsfólks voru sammála því að umsjónarkennarar hefðu ekki þann undirbúning sem þarf til að sinna öllum börnum.

Skólastjórnendur, almennir kennarar og foreldrar barna með sérþarfir – svo ekki sé minnst á börnin sjálf – reida sig á sérhæfingu sérkennara til að sinna þörfum þessa viðkvæma hóps. Sérhæfð og vonduð vinnubrögð með gagnreyndum aðferðum geta skipt sköpum varðandi framtíðarhorfur þessara einstaklinga. Störf sérkennara eru afar fjölbreytt og ábyrgð þeirra er mikil. Þeir vinna að framgangi náms án aðgreiningar, skólastefnu sem byggist á faglegu réttlæti og fjölbreytileika sem viðurkenndri staðreynd. Með því að yfirvöld samþykki lögverndun starfsheitisins sérkennari eru þau ekki einungis að viðurkenna sérsvið þeirra og meta nám þeirra að verðleikum, heldur einnig að stuðla að betri framkvæmd stefunnar um skóla án aðgreiningar.

Í ljósi þessa hvetur Félag íslenskra sérkennara skólastjórnendur hvort sem er í leik- eða grunnskólum til að ráða kennara með framhaldsmenntun í sérkennslufræðum til að sinna sérkennslu, og sýna þannig faglegan metnað skólans í verki.

## Nú hringja börnin og senda SMS fyrir 0 kr.

Börn viðskiptavina í RED áskrift geta hringt ótakmarkað innanlands og sent SMS fyrir 0 krónur í alla og fá 50 MB gagnamagn í hverjum mánuði.\*

Skráðu börnin í RED Young í síma 1414 eða í næstu verslun Vodafone.

**Vodafone**

Góð samskipti bæta lífið



\*RED áskrift kostar frá 5.990 kr./mán. Með RED áskrift fylgja tvær RED Young áskriftir án endurgjalds fyrir börn yngri en 18 ára. Nánar á Vodafone.is.

# Barnaföt fyrir káta krakka

Íslensk hönnun | Ofið úr sérvallinni Pima bómull

## Barnið vex en brókin ekki

Í samstarfi við Rauða krossinn tókum við á móti notuðum fötum frá Lín Design. Við bjóðum þér 20% afslátt af nýrri vöru. Rauði krossinn kemur notaðri vöru áfram til þeirra sem þarfnast hennar.

 Rauði krossinn

**Mjúki**  
jólapakkin



**Náttföt**  
2.990 - 3.990 kr



**Náttgalli**  
2.990 kr

**Húfa**  
1.590 kr

**Samfella**  
1.990 kr



**Pils**  
1.990 kr

**Samfella**  
1.990 kr



**Peysa**  
2.690 kr



**Buxur**  
1.990 kr



**Kjöll**  
4.390 kr

**Krakkar**  
Hlustið á sögurnar á [lindesign.is](http://lindesign.is)



Sendum frítt

[lindesign.is](http://lindesign.is)

**Lín**  
DESIGN

# ELSA, ANNA OG ÓLAFUR



**Frozen púsl 160 stk**  
Verð: 1.699.-



**Frozen púsl 100 stk**  
Verð: 1.699.-



**Frozen Lúdo**  
Verð: 3.899.-



**Frozen Dómínós**  
Verð: 2.999.-



**Frozen Stimplasett**  
Verð: 2.799.-



**Frozen föndur skartgripir**  
Verð: 2.799.-



**Frozen föndur armbönd**  
Verð: 2.799.-



**VILDARKLÚBBUR  
EYMUÐSSON**



**MUNDU EFTIR GJAFAKORTI  
PENNANS EYMUÐSSON!**

Vöruúrval er mismunandi





**Frozen hárbókin**  
Vildarverð: 2.999.-



**Óvættafór 17  
Myrkraríkið**  
Vildarverð: 2.699.-



**Nikký og baráttan  
um bergmálstréð**  
Vildarverð: 3.329.-



**Leyndarmál Lindu**  
Vildarverð: 3.599.-



**Tröllostrákurinn  
eignast vini**  
Vildarverð: 3.499.-



**Ekki á vísan að róa**  
Vildarverð: 3.499.-



**Fuglaþrugl og Naflakraft**  
Vildarverð: 2.999.-



**Hafnfirðinga  
brandarinn**  
Vildarverð: 3.899.-



**Síðasti galdrameistarinn**  
Vildarverð: 3.799.-



**Maðurinn sem  
hataði börn**  
Vildarverð: 3.799.-



**Dóra Landkönnuður  
1000 Límmiðar**  
Vildarverð: 2.969.-



**Nála - Riddarasaga**  
Vildarverð: 2.999.-

Austurstræti 18  
Skólavörðustíg 11  
Laugavegi 77  
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd  
Kringlunni norður  
Kringlunni suður  
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31  
Keflavík - Sólvallagötu 2  
Akureyri - Hafnarstræti 91-93  
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2  
Vestmannaeyjum - Bárugötu 2  
Flugstöð Leifs Eiríkssonar



540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

# Er Vatnsmýrin í miðbæ Reykjavíkur?

Oft heyrir maður því haldið fram að Vatnsmýrin sé í miðbæ Reykjavíkur. Ég hef áhuga á að skoða hér hvort þetta sé rétt fullyrðing. Hún kemur kannski til af því að flest fólk höfuðborgarsvæðisins býr í úthverfum og er eðlislægt að skilgreina borg út frá eigin (bíla) umhverfi. Ég gerði þetta sjálfur þar sem ég er allinn upp í Hvassaleiti – ágætu dæmi um úthverfaskipulag, sem er ekki í miðbænum. Miðbær og úthverfaskipulag eru ólíkir hlutir.

## SKIPULAG



Ólafur Þórðarson  
arkitekt og listamaður

Við nánari skoðun á byggðarmynstri sést vel að eiginlegt miðbæjar-skipulag er í raun í kvosinni og upp Laugavegin og í nærliggjandi götum, s.s. Skólavörðustíg og ýmsum hlutum Vesturbæjar. Þau eru mörg millisvæðin en ég set fram smá útskýringarmynd (MYND 1) til að sýna ílanga legu sjálfs miðbæjarins.

Áhugaverðast finnst mér að skoða (labba eða hjóla) leiðina sem tengir Lækjartorg við Hlemm

→ Þegar komið er að BSÍ blasir við nýlega útfært en berangurslegt svæði sem hefur í raun lítið sem ekkert með miðborg að gera, en er meira skylt kappakstursbrautum og bílastæðaflæmum og þjónustu við bíla fram yfir gangandi, en sinnir þó hjólandi að einhverju leyti.

annars vegar og svo leiðina Lækjartorg að BSÍ hins vegar.

Önnur leiðin er borgarskipulag, þar sem fjölbreytileiki, smágerð byggð og þétt er alla leið. Mikil er af fólki á ferð í erindagjörðum og stærðargráður byggðar, almennt séð, eru víðeigandi, mótar skýrar borgargötumyndir og viðheldur þjónustu við gangstétt og þar fram eftir götum. Þessi leið tengir saman borgarhluta með gangvænni þéttri blandaðri byggð. Hún endar einnig í grófum dráttum þar sem við tekur úthverfaskipulag eftirstríðsáranna austur fyrir og upp um fyrrum sveitir. „Ég lít til að mynda þannig á að austan Rauðarárstígs sé Reykjavík varla eiginleg borg heldur meira og minna slitrótt samansafn úthverfa.“ (Ó.Þ. Mbl. 21.12.1997)

## Lækjartorg-BSÍ

Hin leiðin, sem liggur í grófum dráttum að BSÍ, liggur fyrst í gegnum borgarskipulag öðrum megin götunnar, þ.e. Lækjargötu. Þá tekur við Tjörnin og svo Sóleyjargata þar sem er garður öðrum megin og tiltölulega dreift skipulag húsa austan megin götu. Byggðarmynstur er í grófum dráttum áþekkt Hlíðunum eða á Melunum. Lítil sem engin þjónusta eða búðir eru á þessari leið, en Hljóm-skálagarður og Tjörnin gegna sínu ágæta hlutverki að vera andsvar borgarbyggðar. Þegar komið er að BSÍ blasir við nýlega útfært en berangurslegt svæði sem hefur í raun lítið sem ekkert með miðborg að gera, en er meira skylt kappakstursbrautum og bílastæðaflæmum og þjónustu við bíla fram yfir gangandi, en sinnir þó hjólandi að einhverju leyti.

## Sviðuð vegalengd

En þegar göngu okkar lýkur við Hlemm eða BSÍ getum við mælt leiðirnar og borðið saman vegalengdina. Í ljós kemur að Lækjartorg-Hlemmur eru 1,2 km í ríkulugu borgarumhverfi.

Leiðin að BSÍ er afar ólík og alls ekki „miðbær“ nema á takmörkuð-



MYND 1 Reykjavík og lega miðbæjar; borgarkjarninn í rauðu og dökkbláu. Aðlæghverfi og eiginlegt borgarmynstur í ljósbláu. MYND: ÓLAFUR ÞÓRÐARSON 2013.



MYND 2 Reykjavík – miðbær; Mögulegar tengingar úr miðbæjar-skipulagi Reykjavíkur yfir í Vatnsmýri, þ.e. suður yfir Hringbrautina. 1,2 km eru svona rúmlega 20 mínútna labba án hindrana fyrir meðalmanneskju. MYND: ÓLAFUR ÞÓRÐARSON 2013.

um kafla þ.e. fyrstu 250 metrana næst Lækjartorgi. Þessi leið, sem er nærri jafnlöng öllum miðbæjar-kjarnanum er einnig um 1,2 km, en liggur beint í burtu frá miðbænum sem er mjór og ílangur.

Þrjár aðrar mögulegar tengingar eru frá miðbænum í Vatnsmýrina. Ein er Njarðargata. Hún er með ansi laglegri þéttari húsabyggð efst á Skólavörðuholtinu, enda þrýði Reykjavíkur á póstkortum. En brött er hún að fara sem bein tenging og vegna legu landsins ekki aðgengilegasta leiðin í miðbænn. Barónsstígur er önnur möguleg tenging sem vert er að skoða – miðborgarumhverfið sem slíkt er að mestu norðan við Sundhöllina og/ eða Austurbæjarskólann.

Fjórða tengingin er Snorra-braut. Þegar ég sleit barnskónum tengdist hún með hringtorgi við Miklubraut og þaðan beint ofan í Vatnsmýri. Í dag liggur Snorra-braut beint í hraðbrautarlaufu og þá upp á Bústaðaveg. Þessi mannvirki koma í veg fyrir viðburðaríka beina gangandi borgartengingu frá Vatnsmýri yfir á mið-

bæjarsvæðið sem við Snorra-braut má segja að sé í og fyrir norðan Mjólkursamsöluna gömlu og Austurbæjarbíó.

## Niðurstaða

Með þessari samantekt er ég að sýna fram á að Vatnsmýrin er ekki í miðbæ Reykjavíkur og byggð þar yrði sem sagt ekki í miðbæ Reykjavíkur. Ég dreg af ofangreindu þá ályktun að fullyrðing sé beinlínis röng. Bæði er töluverður spotti að miðbænum (1,1-2 km) og ýmsar hindranir landfræðilegar og í formi mannvirkja, sem ekki styðja þessa tegund borgartengingar. Ég fæ ekki séð að hægt sé að tengja saman Vatnsmýrina og miðbænn með „borgargötum“ nema til komi niðurri á bæði nýlegum mannvirkjum og róttækum en vel ígrunduðum breytingum á gömlum grónum hverfum. Hins vegar mætti vel færa rök fyrir því að Vatnsmýrin yrði í úthverfaklassa Reykjavíkur, rétt eins og Hlíðarnar og Melahverfin sitt hvorum megin við svæðið.



BREYTT OG STÓRGLÆSILEG

# DORMA

Full verslun af nýjum og spennandi vörum á jólatilboði!

NATURES HEILSURÚM Á JÓLATILBOÐI

NATURES REST – heilsurúm



JÓLATILBOÐ  
69.900  
120x200 CM

Stærð: 120x200 cm

Dýna, botn og lappir. Fullt verð 79.900

ÞÚ SPARAR 10.000 kr.

NATURES COMFORT – heilsurúm



JÓLATILBOÐ  
111.120  
140x200 CM

Stærð: 140x200 cm

Dýna, botn og lappir. Fullt verð 138.900

ÞÚ SPARAR 27.780 kr.

NATURES LUXURY – heilsurúm



JÓLATILBOÐ  
135.920  
160x200 CM

Stærð: 160x200 cm

Dýna, botn og lappir. Fullt verð 169.900

ÞÚ SPARAR 33.980 kr.

# DORMA

– býður góða nótt

DORMA Holtagörðum, Reykjavík ☎ 512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri ☎ 558 1100

Húsgagnahöllinni, Reykjavík ☎ 558 1100

# Um jólin og hamingjuna

Senn koma jólin. Þau hafa mismunandi merkingu fyrir okkur öll og reynsla okkar af undirbúningi þeirra er misjöfn. Þær tilfinningar sem við tengjum við jólin markast af ýmsum þáttum s.s. uppeldi okkar, væntingum annarra til okkar á þessum tíma og því miður, fjárhag.

Jólin hafa í vaxandi mæli verið klædd í stórkostlegan búning markaðssetningar. Verslanir fara lúmskar leiðir til að hafa áhrif á viðhorf okkar á því hvað sé „tilvalin“ jólagjöf. Bæklingar streyma inn á heimili okkar og undir fyrir-sögninni „Jólagjöfin í ár“ eru falleg verðmerkt húsgögn og fatnaður, sem ein og sér kosta tugi þúsunda króna. Ekki má gleyma börnunum, sem fá sinn eigin dótubækling með völdum leikföngum á verðbili sem kaupmenn telja hæfa jólagjöfum.

Þar að auki hafa líkamsræktarstöðvarnar nýtt þessa hátíð í markaðssetningu. Úrvalið er fjölbreytt: bæði er hægt að skrá sig í

## SAMFÉLAG



Edda Björk Þórðardóttir  
doktorsnemi í  
lýðheilsuvísindum

átaksnámskeið fyrir jólin til að fyrirbyggja jólakílóin eða komast í jólakjólinn og síðan eru sérstök námskeið til að koma sér í form eftir jólin.

Og ekki má gleyma jólahreingerningunni. Hver veit hvaðan hún kom. Jesúbarnið fæddist í fjárhúsi og enginn var að stressa sig á að allt væri tipp topp og hreint á þeirri stundu.

Það er því engin furða að þessi árstími valdi landsmönnum áhyggjum, samviskubiti og/ eða streitu.

## Hamingjan

Í öllu þessu jólaáreiti er því nauðsynlegt að loka augunum um stund og hugsa um hvað það er sem veitir okkur raunverulega hamingju. Því hamingjan er ekki eitthvað sem gerist án okkar fyrirhafnar, heldur þurfum við markvisst að rækta það sem færir okkur hana.

Rannsóknir hafa sýnt að peningaeýsla í hluti eykur ekki hamingju okkar, heldur eyðsla í eitt-

→ Í jólastressinu er ágætt að bæta á verkefnalistann sinn að taka tíma á hverjum degi til að hugsa um það jákvæða í lífi okkar.

hvað sem felur í sér upplifun eða samveru, t.d. að fara á tónleika, út að borða eða að rækta áhugamálin sín. Dýrir jólapakkar eru því ekki uppskriftin að jólagleði okkar eða barna okkar; heldur skemmtilegar samverustundir með þeim sem við elskum.

Rannsóknir hafa líka sýnt að ef við leggjum okkur fram við að einblína á það jákvæða í kringum okkur eykst bæði hamingja okkar, þakklæti og bjartsýni.

Í jólastressinu er ágætt að bæta á verkefnalistann sinn að taka tíma á hverjum degi til að hugsa um það jákvæða í lífi okkar. Rannsóknir hafa sýnt að það eitt og sér eykur hamingju fólks. Og þegar við erum hamingjusöm smitum við aðra af þeirri gleði sem tengist jóluum; sem er eflaust dýrmatasta jólagjöfin sem við getum gefið.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## GLÆPAKVENDI

Fyrirsætan Cara Delevingne hefur fengið hlutverk í ofurglæpahyskismyndinni *Suicide Squad*. Hún mun leika hlutverk Enchantress en aðrir leikrar í myndinni eru Tom Hardy, Will Smith, Margot Robbie og Jared Leto en hann mun leika Joker.

# 20% afsláttur

af öllum vörum frá fimmtudegi til laugardags



rolobarnafataverslun

Róló barnafataverslun

Glæsibæ

- Sími 894 8060
- www.rollo.is



# BETRA BLÓÐFLÆÐI, ÞREK OG ÚTHALD

**GENGUR VEL KYNNIR** Rauðrófu-, „extrakt“ er fyrir alla sem vilja viðhalda góðri heilsu. Rauðrófan eykur blóðflæðið og stuðlar að betri heilsu og líðan.

Rauðrófan eykur framleiðslu á efninu nitric oxide sem bætir blóðflæðið og hefur jákvæð áhrif á blóðþrýsting, kólesteról, hjarta- og æðakerfi líkamans, þvagblöðru, ristil, nýru og lifur. Almennt séð framleiðir líkaminn nóg af þessu efni ef við hreyfum okkur reglulega og borðum holla fæðu. Með aldrinum, auknu álagi, minni hreyfingu og lélegu mataræði minnka birgðir efnisins í líkamanum. Rauðrófuhylkin geta stuðlað að aukningu á framleiðslu þessa efnis.

## FRÁBÆR ÁRANGUR

Kristbjörg Jónsdóttir er 51 árs. Hún er lærður matartæknir og hefur starfað sem dagmóðir og í eldhúsi Landspítalans við sérfaði. „Ég hef alltaf spáð mikið í hollt mataræði og bætiefni og prófað margt í tengslum við það.“

Alla tíð hef ég verið mjög hand- og fótökld, sérstaklega á veturna. Þegar ég sá rauðrófuhylkin frá Natures Aid auglýst ákvað ég að prófa þau þrátt fyrir að hafa áður prófað samsvarendi vöru í öðru formi sem ekki virkaði fyrir mig. Ég fann strax mikinn mun enda létu áhrifin ekki á sér standa.“

## BLÓÐFLÆÐIÐ MEIRA OG ORKAN BETRI.

Ég tek alltaf 2 hylki í hádeginu og finn mikinn mun á hand- og fótökldanum. Sem dagmóðir vinn ég með börn allan daginn og það reynir mikið á að vera að lyfta þeim. Því hef ég oft verið slæm af vöðvabólgu en eftir að ég byrjaði að taka rauðrófuhylkin hefur bólgan batnað mikið.

Ég kenni líka Zumba Fitness þrisvar í viku og ef ég kenni tvöfaldan tíma tek ég 2 hylki fyrir tímenn. Á þann hátt finnst mér ég hafa betra úthald og vera fljótari að jafna mig. Ég er einnig að æfa hlaup og tók þátt í mínu fyrsta hálfmaraboni í haust. Áður en ég lagði af stað tók ég 2 hylki og fann greinilega hvað orkan var meiri og blóðflæðið betra á hlaupunum.

Nánari upplýsingar á: [www.gengurvel.is](http://www.gengurvel.is)

Útsölustaðir: Flest apótek, heilsubúðir, verslanir og líkamsræktarstöðvar.



**BETRI AF FÓT- OG HANDKULDA** Kristbjörg hefur alla tíð verið mjög fót- og handköld. Hún finnur mikinn mun eftir að hún fór að taka rauðrófu-, „extrakt“.

## TVÖ HYLKI Á DAG

„Ég tek alltaf 2 hylki í hádeginu og finn mikinn mun á hand- og fótökldanum.“

## BETRA ÚTHALD

„Mér finnst ég hafa meiri orku og betra úthald og vera fljótari að jafna mig.“



## TÆKIFÆRISGJAFIR

TILBOÐ



Hnífaparatóskur – 12 manna  
14 tegundir  
Verð frá kr. 24.990

Tékk  
KRISTALL

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

## Gerðu gæða- og verðsamanburð

Jólagjafirnar í ár...

Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu

Reverie

REVERIE 3E Essential með IQ care heilsudýnu 2x90x200 cm  
Verð aðeins kr. 399.900.-

REVERIE 7S Supremem með IQ-Care heilsudýnu 2x90x200 cm  
Verð aðeins kr. 499.900.-



20-50% afsláttur  
Dömu- og herrasloppar  
Mikið úrval  
Frábær jólagjöf



20% afsl.

Vinsæli viðhaldskoddinn  
Verð áður kr. 19.900.-  
Verð nú aðeins kr. 15.920.-



20% afsl.

Frábær jólagjöf  
IQ-CARE heilsukoddinn  
Verð áður kr. 14.900.-  
Verð nú aðeins kr. 11.920.-



Sængurverasett  
20-50% afsláttur  
Frábær jólagjöf

12 mán.  
vaxtalaugar  
greiðslur\*

Svefn & heilsa  
★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233  
Baldurnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150  
www.svefn.is Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

**OptiBac**  
probiotics

Góð melting styrkir ónæmiskerfið  
**Stjórnaðu bakteríu-  
flórinni með OptiBac**



Fæst í apótekum og heilsuþúðum

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**  
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**  
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**  
Sölumenn:  
**Bryndis Hauksdóttir**,  
bryndis@365.is, s. 512 5434  
**Kolbeinn Kolbeinsson**,  
kkolbeins@365.is, s. 512 5447

**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...  
Það er bannað að trúsömvað  
borgum eftir hær hött.



**NÝTT** María Kristín Jónsdóttir vöruhönnuður hefur bætt við fylgihlutalínu sína, Stöku. Ópið hús verður á vinnustofu hennar í Gasstöðinni á Hverfisgötu 115, fimmtudaginn 11. desember.  
MYND/GVA



Leðurjakkar  
Leðurbuxur  
Leðurpils  
Leðurljólar

Stærðir 34-46

**TUZZI**  
KRINGLUNNI  
SÍMI 5688777

# STAKA STÆKKAR

**ÍSLENSK HÖNNUN** Íslendingasögurnar, landnámsmenn og óþekktur ættbálkur sem hefst við á hálendi Íslands er innblásturinn á bak við Stöku, fylgihlutalínu úr leðri eftir vöruhönnuðinn Maríu Kristínu Jónsdóttur.

Upprunalega hugmyndin á bak við Stöku kemur úr Íslendingasögum en hefur þróast út í ættbálk sem hefst við á hálendi Íslands. Ættbálkurinn er mitt hugarfóstur, heimur sem ég nota til að vinna út frá en ég bý til hluti fyrir þetta fólk," útskýrir María Kristín Jónsdóttir vöruhönnuður en fylgihlutalína hennar, Staka, vakti athygli þegar hún kynnti hana á HönnunarMars fyrir tveimur árum. Síðan þá hefur bæst við línuna sem samanstendur af hálstau og armböndum úr leðri.

„Ég ímynda mér að ættbálkurinn eigi margt skylt við landnámsmennina en lífi í nútímanum. Þetta fólk er í mikilli snertingu við náttúruna, það þarf meðal annars að kljást við náttúruhamfarir og sækja sjálft innblástur í umhverfi sitt. Ég nota leður því það er hráefni sem var mikið notað á öldum áður," útskýrir María Kristín en leðrið sem hún notar er unnið á vistvænan hátt.

„Ég fæ leðrið hjá litlu framleiðslufyrirtæki í Svíþjóð sem stundar vistvæna framleiðslu. Þau byggja á gömlum

hefðum við vinnsluna og allt leður frá þeim er til að mynda krómfrítt. Króm er annars mikið notað í leðurvinnslu en er alls ekki gott fyrir menn né umhverfið.“

Á HönnunarMars í ár sýndi María Kristín nýja hluti sem hún hefur nú þróað enn frekar og er von á þeim á markaðinn fyrir júl.

„Ég valdi nokkra hluti sem ég vann áfram, einfaldaði framleiðsluna og útfærði í svart og koníakslitað leður. Þessir hlutir munu fást í Sparki á Klapparstíg, í Mýrinni og fljótlega munu fleiri sölustaðir bæta við," segir María Kristín. Þá verður einnig opið hús á vinnustofu Maríu Kristínar þann 11. desember en hún hefur komið sér fyrir ásamt fleiri hönnuðum í Gasstöðinni, Hverfisgötu 115.

„Við fluttum inn í október, í litla húsið fyrir framan lögreglustöðina. Þetta er frábært hús og skemmtileg staðsetning. Hér eru mörg fjölbreytt verkefni í gangi og fólk getur kíkt til okkar frá klukkan 16, þennan fimmtudag.“

Forvitnast má um Stöku á Facebook.  
■ heida@365.is

## INNBLÁSTUR

„Ég ímynda mér að ættbálkurinn eigi margt skylt við landnámsmennina en lífi í nútímanum. Þetta fólk er í mikilli snertingu við náttúruna, það þarf meðal annars að kljást við náttúruhamfarir og sækja sjálft innblástur í umhverfi sitt.“

**5000 kr. dagur í Flash**



Allar peysur  
**5.000 kr.**  
margar gerðir

Túnikkur áður 14.990  
**nú 5.000 kr.**  
margar gerðir

**FLASH**

Laugaveg 54,  
sími: 552 5201

Sjá fleiri myndir á 



- VISTVÆN** Leðrið fær María Kristín frá litlu framleiðanda í Svíþjóð sem vinnur hráefnið á vistvænan hátt.
- ÓÞEKKTUR ÆTTBÁLKUR** María Kristín vinnur út frá ímynduðum ættbálki sem hefst við á hálendi Íslands.
- VEKUR ATHYGLI** Staka vakti athygli þegar María Kristín kynnti fyrstu vörurnar á HönnunarMars 2014. Síðan þá hefur línun stækkað og nýjar vörur koma á markaðinn fyrir júl, meðal annars í Sparki og í Mýrinni.



***Vertu flott  
um jólin***



**COSMO**  
Kringlunni



**Smart fót, fyrir smart konur**

My Style tiskuhús

Stærðir 38-54

Bæjarlind 1-3  
201 Kópavogur  
s: 571-5464

**Jólamarkaðurinn**

Kláraðu öll jólainnkaupin á sama stað

**Hvar?**  
Veislusal Sprettis, Garðabæ

**Hvenær?**  
Sunnudaginn 14. des  
á milli klukkan 13.00 og 18.00

Á staðnum verður fjöldinn allur af söluaðilum með vörur á gjafaverði bara fyrir þig!

Gjafavara, bökunarvörur, jólaskraut, handverk, tiskufatnaður, barnavörur, glervörur, skartgripir, kókubasar, jólatréssala, jólatónlist, listakonur og menn og spákona.

**Jólagjöfin í ár**

**Betra blóðflæði betri heilsa**

Blóðrásin flytur súrefni og næringarefni til frumna líkamans



**Rauðrófukristall**

NEOGENE LABS  
**Super Beets**  
THE CIRCULATION SUPERFOOD  
ultra-concentrated beetroot crystals

Eftir fertugt framleiðir líkaminn **50% minna Nitric Oxide**. SUPERBEETS örvar Nitric Oxide framleiðslu strax. Betra blóðflæði, allt að **30%** æðaútvíkkun, **30%** meiri súrefnisupptaka, réttur blóðsykur, **20%** meira þrek orka og úthald. Nitric Oxide hefur áhrif á og bætir: Blóðþrýsting, kólesteról, hjarta-æða- og taugakerfi, þvagblöðru, lifur, nýru, ofnæmiskerfi, astma, lungnaþembu.  
**Bætt ris hjá körlum, aukin kynörvun kvenna.**  
Nitric Oxide er uppistaðan í rislyfjum Fæst í Apótekum og heilsubúðum



**SJÓLIÐI** Kátur sjóari á vor- og sumarsýningu Dior í París 2011.



**VINIR** Í jakka í bresku fánalitunum og bláum sari með vinkonu sinni, Önnu Wintour, árið 1993. Wintour átti stóran þátt í því að endurreisa feril Galliano eftir að hann féll í ónáð.



**GYÐINGLEGUR** Galliano með höfuðfat sem líkist því sem rétttrúaðir gyðingar bera. Á tiskusýningu í París í mars 2004.

# NÝR GALLIANO

**FERILLINN AFTUR Á FLUG** Það var settlegur John Galliano sem afhenti Önnu Wintour verðlaun á bresku tiskuverðlaunahátíðinni í vikunni. Tiskuhönnuðurinn hefur nú snúið aftur í sviðsljósið eftir að hann féll í ónáð árið 2011 fyrir fordómfull ummæli.



Galliano stimplaði sig inn í tiskuheiminn á ný með fallettri ræðu á bresku tiskuverðlaunahátíðinni á mánudaginn. Hönnuðurinn var í raun ólíkur sjálfum sér, skegglaus og í látlausum smóking. Hann þakkaði sönnum vinum sínum stuðninginn í gegnum erfitt tímabil í sínu lífi, þá sérstaklega Önnu Wintour, ritstjóra bandaríska Vogue, en henni afhenti hann einmitt verðlaun fyrir framúrskarandi afrek í heimi tiskunnar.

Galliano er fæddur á Gíbraltar en hóf feril sinn í London og lítur á sig sem Breta. Hann starfaði í fjöldamörg ár sem listrænn stjórnandi Givenchy og síðar Dior í París þar til hann var rekinn þaðan með skömm árið 2011. Það sem varð Galliano að falli voru fordómfull ummæli um gyðinga og Asíubúa en fyrir þau var Galliano dæmdur til að greiða sex þúsund evrur í sekt.

Galliano hefur síðan farið í áfengis- og fíkniefnameðferð og þykir nú sem nýr maður. Hann hefur snúið aftur í sviðsljósið, fengið uppreisn æru og starfar sem listrænn stjórnandi tiskuhússins Margiela.



**SETTLEGUR** Galliano var skegglaus og í klassískum klæðum þegar hann afhenti verðlaun á bresku tiskuverðlaunahátíðinni á mánudaginn. Hér er hann með fyrirsætunni Naomi Campbell.



**HÁLFKLÆDDUR** Galliano er sjaldnast hræddur við að sjökkera fólk. Svona klæddur fór hann á svið eftir tiskusýningu í París í október 2007.



**SÍGAUNI** Á sýningu í París í janúar 2011 þar sem sígaunar voru hönnuðinum hugleiknir.

**LÍÐSFORINGI** Á sýningu Dior í janúar 2007 var Galliano undir áhrifum frá óperunni Madame Butterfly. Sjálfur kom hann fram sem Pinkerton líðsforingi.

**FYRIRMENNI** Galliano á há-tiskusýningu Dior í París í janúar 2010.



# Litlu jólin í Tískuhúsi Zik Zak!

40-50% afsláttur af völdum yörum dagana 4-7. desember!

# ZIK ZAK

T Í S K U H Ú S



Leikhópurinn Sómi þjóðar frumsýnir á morgun leikverkið MP5 í Tjarnarbíói. Verkið er beint innlegg í umræðu samtímans og er útlekking leikaranna Tryggva Gunnarssonar og Hilmis Jenssonar á byssumálinu umtalaða. Aðeins verða þrjár sýningar á verkinu.

„Við erum hérna í geimstöð í framtíðinni þegar fremstu þjóðir heims eru búnar að safna saman rjómanum af vísindasamfélaginu og senda út í geim til að vinna að lausnum á helstu vandamálum jarðarinnar,“ segir Tryggvi Gunnarsson, annar höfunda og leikara leiksýningarinnar MP5 sem frumsýnd verður í Tjarnarbíói á morgun, beðinn að segja í stuttu máli frá verkinu. „Við látum það hins vegar liggja á milli hluta í hvaða ástandi jörðin er enda er það ekki það sem verkið fjallar um.“

Hvað fjallar það þá um? „Verkið fjallar um hvaða áhrif það hefur að vopnvæðast í litlu, afmörkuðu og fríðsömu samfélagi,“ segir Tryggvi. „Og eins og nafnið gefur til kynna þá erum við beinlínis að fjalla um byssumálið svokallaða sem allir ættu að kannast við úr fréttum.“

Þannig að þið hafið bara verið að vinna þetta síðustu vikurnar? „Við hérna í Sóma þjóðar, sem að þessu sinni eru aðallega ég og Hilmir Jensson, vildum skoða hversu hratt leikhúsið gæti brugðist við því sem er í samfélagsumræðunni. Leikhúsið er yfirleitt svolítið svifaseint að bregðast við svona málum. Það þarf að sækja um styrki og svo er valið úr umsóknum og það tekur oft alveg heilt ár. Svo tekur annað ár að setja upp

sýninguna og þá ertu orðinn tveimur árum of seinn eins og endurspegladist best í því þegar leikhúsin fóru að fást við hrúnið, það tók alveg tvö, þrjú ár. MindCamp setti reyndar upp eina sýningu í Borgarleikhúsinu beint ofan í hrun en annars var leikhúsið svolítið seint.

Við vildum athuga hvort við gætum ekki fundið vinnuáferð til þess að tala um eitthvað sem brennur á okkur og samfélaginu akkúrat núna.

Þannig að við förum bara út á gólf, engin ritskoðun, og gerðum það sem okkur finnst ofboðslega skemmtilegt og er akkúrat það sem við vildum sjá í leikhúsi þannig að við ákváðum að skrifa, æfa og gera allt samtímis og segja já við öllum hugmyndum. Þannig enduðum við úti í geimi í framtíðinni og ákváðum að vera ekkert að setja neitt í undirtexta heldur bara fjalla beint um málefnið.“

Tryggvi segir þá Hilmir leggja miklu áherslu á það að nota hómor til að koma skilaboðunum áleiðis. „Enda er allt þetta byssumál náttúrulega bara eins og einhver South Park-þáttur,“ segir hann.

„Við höfðum smá áhyggjur af því að við værum orðnir of seinir þegar sagt var frá því að ákveðið hefði verið að skila byssunum, en svo lásúm við



MP5 „Við vildum athuga hvort við gætum ekki fundið vinnuáferð til þess að tala um eitthvað sem brennur á okkur og samfélaginu akkúrat núna,“ segir Tryggvi Gunnarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

betur og sáum að þau skil áttu að fara fram „við tækifæri“ og svo segir lögreglan að hún þurfi þessar byssur út af ISIS. Þá varð okkur ljóst að þetta máli væri engan veginn búið og sýn-

ingin ennþá relevant.“ Frumsýningin fer fram í Tjarnarbíói annað kvöld klukkan 20 og einungis verða tvær sýningar í viðbót, þann 12. og 15. desember.

fridrikab@frettabladid.is

„Eins og nafnið gefur til kynna þá erum við beinlínis að fjalla um byssumálið svokallaða.“

## NOTAÐIR BÍLAR Í MIKLU ÚRVALI



► Tilboð: 8.490.000 kr.

**Toyota Land Cruiser VX AWD** FDM35  
Skráður janúar 2012, 3,0 dísil, sjálfskiptur  
Ekinn 87.000 km.  
Ásett verð: 9.490.000 kr.

### FERÐAFJÖR

Kaupu notaðan bíl af Brimborg og þú átt möguleika á að vinna **400.000 KR.** GJAFABRÉF FRÁ WOW<sup>air</sup>\*

Hvert myndir þú fara?



► FINNDU BÍLINN ÞINN Á [NOTADIR.BRIMBORG.IS](http://NOTADIR.BRIMBORG.IS)



► Tilboð: 3.390.000 kr.

**VW Passat Highline** JKR84  
Skráður mars 2012, 1,4i bensín/metan, sjálfskiptur  
Ekinn 54.000 km.  
Ásett verð: 3.690.000 kr.



► Verð: 5.090.000 kr.

**Ford Kuga Titanium AWD** UYF23  
Skráður júní 2014, 2,0TDCi dísil, beinskjöttur  
Ekinn 25.000 km.



ODDNÝ EIR OG STEINAR BRAGI Höfundar kvöldsins eru ekki af verri endanum.



## Oddný Eir og Steinar Bragi í Gunnarshúsi

Á höfundakvöldi í Gunnarshúsi í kvöld verða bækur Ástarmeistarinn og Kata í kastljósinu.

Húsráð Gunnarshúss stendur fyrir vikulegum höfundakvöldum í Gunnarshúsi fram að jólum. Á hverju fimmtudagskvöldi mæta tveir höfundar og spjalla um bækur sínar, lesa aðeins úr þeim, og síðan gefst áhorfendum kostur á að spyrja líka. Meiningin er að lyfta jólabókavertíðinni aðeins upp úr fari hinna hefð-

bundnu upplestrarkvölda og gefa hverri bók og hverjum höfundi meiri tíma.

Í kvöld mæta þau Oddný Eir Ævarsdóttir og Steinar Bragi, lesa upp og svara spurningum Höllu Oddnýjar Magnúsdóttur um nýttkomnar bækur sínar, Ástarmeistarinn og Kötú. Allir velkomnir á meðan stólar leyfa.

### Notice

The Embassy of India will move its premises on Friday, the 5th December 2014. Kindly note that there will be no issuance of Visa or any other Consular Services on that day.

Normal services will be resumed at our new address at Túngata 7, 101 Reykjavík w.e.f Thursday the 9th of December 2014.

On Monday the 8th of December Visas for emergency purposes only will be issued.

Skoðaðu úrvalið á

[NOTADIR.BRIMBORG.IS](http://NOTADIR.BRIMBORG.IS)

Notaðir bílar - Brimborg

Sölueldir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030  
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040  
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



# ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN

TILNEFNINGAR 2014

## FRÆÐIBÆKUR OG RIT ALMENNS EFNIS



★★★★★  
„Þessi bók er mikið elju- og afreksverk. Brautryðjendaverk sem er sérstök ánægja að lesa.“  
SÖLVI SVEINSSON / MORGUNBLAÐIÐ

„Frábærlega falleg bók!“  
KOLBRÚN BERGPÓRSDÓTTIR / KILJAN

„Feykilega metnaðarfullt ...  
Glæsilegt verk.“  
EGILL HELGASON / KILJAN

„Stórbrotið verk, einstakt  
í djúpstæðum fróðleik og myndir  
af náttúrunni svo magnaðar  
að sálin heillast.“  
VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR



*Sveitin í sálinni* fjallar um horfinn heim í Reykjavík – heim sem var lifandi veruleiki þúsunda Reykvíkinga langt fram eftir 20. öld.

Margir bæjarbúar voru aðfluttir úr sveit og höfðu með sér á mölina viðhorf og venjur úr áttögunum. Ýmsum þeirra þótti sjálfsagt að halda áfram dálitlum búskap en flestir létu sér nægja að stunda matjurtarækt, þar sem kartöflur voru í öndvegi.

Rakið er í glöggum texta og rúmlega 550 forvitnilegum ljósmyndum hvernig ásýnd Reykjavíkur tók stakkaskiptum á 20. öld.

Þetta er fróðleg og skemmtileg saga sem varpar ljósi á vöxt og þróun höfuðborgarinnar þar sem saman fléttuðust fornir hættir og ný viðhorf.

# „Þessa bók má ekki selja“

BÆKUR ★★★★★

## Þrjú sneru aftur

Guðbergur Bergsson

JPV

Titill þessarar nýjustu skáldsögu Guðbergs Bergssonar vísar í að minnsta kosti tvær áttir – kannski þrjár. Í sögunni birtast þrjú útlandingar, tveir Bretar og Þjóðverji, allir koma þeir í heimsókn á söguviðið, afskekktan íslenskan sveitabæ, og allir snúa þeir aftur sem gamlir menn. Titillinn vísar líka til dularfullrar skáldsögu sem ekki finnst í neinum spjaldskráum bókasafna en er lesin upp til agna í sögu Guðbergs. Bókin sú heitir

Þrjú sneru aftur og fjallar um hrakninga skipbrotsmanna. En þar með eru möguleikar titilsins ekki tæmdir. Lesandi gæti alveg skilið sumar persónur sögunnar þannig að þær snúi aftur (eða gangi aftur) persónur úr fyrri bókum Guðbergs. Líkt og í mörgum öðrum bókum sínum er hann meðal annars að skrifast á við sjálfan sig, skrifa sig og verk sín inn í nýjan tíma og tengja

hann við eldri verk. Hlandblautur afinn í sögunni sem eyðir stærstum hluta ævinnar á dívan minnir t.d. meira en lítið á karlfauskinn Tómas Jónsson.

Söguviðið er líka kunnuglegt. Bærinn sem er í sögumiðju stendur við sjó, stutt frá litlu þorpi. Þar hefst sagan í kreppunni miklu og við fylgjum fjölskyldunni á bænum allt til samtímans þegar allur búskapur er fyrir bí

annar en túristaútgærd. Umfram allt er það þó aðferð bókarinnar sem ber sterk einkenni höfundarins.

Mörg merktustu verka Guðbergs eru táknsögur, allegoríur, þar sem afmarkaður og innilokaður heimur er látinn endurspeglja stærra samhengi. Svo er einnig í þessari sögu. Hér er sögð saga aldar eða tæplega það þar sem fjölskyldan á

bænum stendur sem hluti fyrir heild íslensku þjóðarinnar. Við fylgjumst með því hvernig fjölskyldan stækkar en klofnar jafnóðum, börn fæðast föðurlaus og eru yfirgefin af mæðrum sínum, og ekki síst fylgjumst við með því hvernig umheimurinn mótir þetta örsamfélag, allar breytingar koma að utan, frá erlendum gestum, hermönnum, túristum.


**GUÐBERGUR BERGSSON**

„Sterkasta og merkilegasta bók Guðbergs í langan tíma, bók sem kallar á mann aftur til frekari umhugsunar, íhugunar og greiningar,“ segir Jón Yngvi um bókina Þrjú sneru aftur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Saman við þessa stóru sögu fléttast þroskasaga þriggja barna, fyrst tveggja stúlkna, systradætra sem alast upp á bænum og svo stráksins sem kemur fyrst sem gestur en verður hluti af fjölskyldunni. Lýsingin á þroska þeirra og menntun er merkileg og margræð. Gamla konan á bænum kennir þeim undir próf upp úr kennslubókum frá Ríkisútgáfu námsbóka sem fá í sögunni sess menningar sem ekki verður metin til fjár, á forsiðu þeirra stendur: „Bók þessa má ekki selja“. Þessar bækur

og úrvinnsla Guðbergs á sagnaminninu um hina fróðu gömlu konu eru meðal þess áhugaverðasta í bókinni og ekki einfalt að skera úr um hvort þar sé bullandi írónía eða bláeygasta einlægni á ferð.

Þrjú sneru aftur hefur marga af stærstu kostum Guðbergs sem skáldsagnahöfundar, en líka suma af göllunum. Tákn-sagan eða allegorían býður heim þeirri hættu að persónurnar í henni verði einhliða og sögumaður sýnir þeim kulda sem stundum jaðrar við fyrirlitningu. Hann á

það líka til að þusa, þus og nöldur getur verið skemmtilegt og Guðbergur hefur fyrir löngu gert það að listgrein en það virkar ekki alltaf.

Það breytir hins vegar ekki því að þetta er sterkasta og merkilegasta bók Guðbergs í langan tíma, bók sem kallar á mann aftur til frekari umhugsunar, íhugunar og greiningar.

Jón Yngvi Jóhannsson

**NIÐURSTAÐA:** Táknsaga um íslenska þjóð á tuttugustu öld sem ber mörg bestu einkenni höfundarins.

## Hörðustu pakkarnir fást hjá Advania

### Far- og spjaldtölva

Dell Inspiron 7347

Verð: 179.990 kr.

### Fartölvutaska

Bogart 13V

Verð: 8.990 kr.

### Leðurtaska

Tiding Vintage

Verð: 26.990 kr.

### Heyrnartól - þrjú litir

Jabra Revo Stereo

Verð: 29.990 kr.

### Heyrnartól

Urbanears Plattan - margir litir

Verð: 10.490 kr.

### Gerðu sjónvarpið snjallara

Xtreamer Wonder

Verð: 24.990 kr.

### Fartölva

Dell Inspiron 3531

Verð: 54.990 kr.

### Merktu hluti - Finndu þá

Chipolo - Margir litir

1 stk - verð: 3.990 kr.

3 stk - verð: 8.990 kr.

**Kíktu til okkar í kaffi – við tökum vel á móti þér í verslunum okkar**

Guðrúnartúni 10, Reykjavík

Mánudaga til föstudaga frá 8 til 17

Tryggvabraut 10, Akureyri

Mánudaga til föstudaga frá 8 til 17

[advania.is/jol](http://advania.is/jol)

**advania**  
Welcome to IT



# MEST SELDA BÓKIN!

„BESTI GLÆPASAGNA-  
HÖFUNDUR NORÐURLANDA“

Adresseavisen 24.11.2014

1.

Metsölulisti  
Eymundsson



„Yrsa kann það sem mestu máli  
skiptir, að fylla lesandann  
spennu og óvissu, gróðursetja  
í honum hrylling og skelfingu.“



ÞÓRUNN HREFNA SIGURJÓNSDÓTTIR, FRÉTTATÍMANUM

VERÖLD





# JÓLABÆKURNAR



Gildir 4.-7. desember. Með fyrirvara um prentvillur og myndbrenslu. Allt úrval í Smáralind, Holtagörðum, Kringlunni, Garðabæ og Skeifunni. Minna í öðrum verslunum.




EINFALT AÐ  
SKILA EÐA SKIPTA

Skilamið  
Þessi vara er keypt  
HAGKAUP og færst  
skilið eða skipt.  
HAGKAUP  
HAGKAUP

# Á FRÁBÆRU VERÐI



ALLIR TITLAR FÁST Í SMÁRALIND, KRINGLUNNI, HOLTAGÖRÐUM, GARÐABÆ OG SKEIFUNNI. MINNA ÚRVAL Í ÖÐRUM VERSLUNUM



**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla



Á ÆFINGU Nanna María, Hanna Dóra, Garðar Thor og Kristinn fara yfir sína þætti Sálumessunnar undir næmu eyra stjórnandans.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Minnast Mozarts á miðnæturtónleikum

Óperukórinn í Reykjavík efnir til minningartónleika upp úr miðnætti í kvöld í Langholtskirkju.

„Þetta er tíunda árið sem ég stjórn tónleikum á dánarstund Mozarts. Það er mikið búið að æfa og allt orðið slípað,“ segir Garðar Cortes, stjórnandi Óperukórs Reykjavíkur. Fjórir einsöngvarar koma fram með kórnum í nótt í Langholtskirkju, Nanna María Cortes, Hanna Dóra Sturludóttir, Garðar Thor Cortes og Kristinn Sigmundsson.

Eins og fyrri ár er það Sálumessa Mozarts sem verður flutt á þessum hátíðlegu næturtónleikum.

„Nú eru 223 ár frá því Mozart kvaddi þennan heim. Við minnumst hans og þökkum honum og svo minnumst við líka íslensks tón-

“ Og svo minnumst við líka íslensks tónlistarfólks sem hefur fallið frá á árinu.

Garðar Cortes

listarfólks sem hefur fallið frá á árinu, ekki bara atvinnufólks heldur líka annarra sem hafa lagt líf sitt í tónlistina og gert okkur ríkari með söng og hljóðfæraleik,“ segir Garðar.

Langholtskirkja verður opnuð klukkan hálf tólf í kvöld og tónleikarnir hefjast klukkan hálf eitt.

-gun

# FIMMTUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

4. DESEMBER 2014

### Tónleikar

**19.30** Aðventutónleikar Sinfóníuhljóm-sveitar Íslands í Hörpunni í kvöld þar sem hljómsveitarverk og konsertar eftir Johann Sebastian Bach eiga fastan sess. Brandenburgarkonsertarnir teljast til höfuðverka barokktímans og hafa í gegnum tíðina verið áfúsugastir á tónleikadagskrám, bæði hjá hlustendum og flytjendum. Það á jafnt við um tví-konsertinn sem er í ítöskum stíl en hann er meðal þekktustu og dádustu verka tónskáldsins. Einleikshlutverkin verða í höndum konsertmeistarar Sinfóníuhljóm-sveitarinnar, Sigrúnar Eðvaldsdóttur og Nicola Lolli.

**20.00** Hacker Farm, KRAKKBOT og Trouble troða upp í Mengi í kvöld. 2.000 krónur inn.

**20.00** Við klingjum inn aðventuna með jólatónleikum Vocal Project, Poppkórs Íslands í Hörpu sem ásamt sérstökum heiðursgesti, hinum eina sanna Páli Óskari, er hin fullkomna uppskrift að einstöku jólastuði og stemningu með dassi af kósýheitum. 4.500 krónur inn.

**20.00** Kvinnakór Hafnarfjarðar heldur jólatónleika í kvöld í Víðistaðakirkju í Hafnarfirði. Gestir tónleikanna er Karlaóráinn Prestir. Stjórnendur eru Erna Guðmundsdóttir og Jón Kristinn Cortez. Hljóðfæraleikarar eru Antonía Hevesi, Jónas Þórir og Krístrún H. Björnsdóttir. Miðaverð er 2.500 kr.

**20.00** Morning Bear er sviðsnafn tónlistarmansins Johns Runnels, sem kemur frá Denver, Colorado. Hann treður upp á Hlemmur Square í kvöld. Frítt inn.

**20.00** Í tilefni af útkomu geislaþlötunnar 525 efnir Gunnar Gunnarsson píanóleikari og organisti til tónleika í Fríkirkunni í kvöld. Þar kemur hann fram með djasstrítt, sem auk hans er skipað þeim Ásgeiri

Ásgeirssyni á gítar og Þorgrími Jónssyni á kontrabassa. Þeir félagar munu leika útsetningar Gunnars á íslenskrá sálmatónlist, þá sömu og er að finna á plötunni nýju, en ekki er ólíklegt að eldra efni fái að hljóma líka, því nýverið komu einnig fyrstu tvær plötur Gunnars, Skálm og Stef út í nýrri og breyttri útgáfu.

**21.00** Hinir árlegu jólatónleikar Borgardætra á Rósenberg. Á efnisskrá eru jólalög úr ýmsum áttum, gamanmál og almenn skemmtilegheit. Verð 5.300 krónur. Athugið að Rósenberg tekur við borðapöntunum í síma 551-2442.

**21.00** Adam Evalds treður upp ásamt Quest á Rúbín í kvöld.

**21.00** Rafmagnaðir tónleikar á Húrra. Fram koma Einar Indra, Mosi Musik og Tanya & Marlon. 1000 krónur inn.

**22.00** Tónlistarmaðurinn Gímaldín heldur tónleika á Ob-La-Di-Ob-La-Da í kvöld.

**23.50** Óperukórinn í Reykjavík ásamt sinfóníuhljómshveit halda tónleikana Mozart á miðnætti í Langholtskirkju. Einsöngvarar eru Nanna María Cortes, Hanna Dóra Sturludóttir, Garðar Thor Cortes og Kristinn Sigmundsson. Stjórnandi er Garðar Cortes.

### Tónlist

**20.30** Myndbandið við lagið Silens með Young Karin verður frumsýnt á Kexi Host-eli í kvöld. Magnús Leifs leikstýrði myndbandinu. Bjór í boði og svo verða Emmsjé Gauti og Unnsteyn með DJ sett.

**21.00** DJ Speigill spilar á Frederiksen Ale House í kvöld.

**21.00** DJ Davíð Roach þeytir skífum á Húrra.

**21.00** Trúbadorarnir Alexander & Guðmann spila á English Pub í kvöld.

**21.00** DJ Styrmir Dansson spilar á Bar Ananas í kvöld.

**21.00** DJ King Agzilla spilar á Prikinu í kvöld.

**21.00** DJ Gísli Galdur þeytir skífum á Kaffibarnum.

**21.00** Laundry Acoustic Band frá Austur-riki treður upp á Dillon í kvöld.

### Bækur

**17.00** Hinn árlegi jólafundur Kvenréttindafélags Íslands og Kvinnasögusafns Íslands verður haldinn í Þjóðarbókhö- unni í dag. Steinar Bragi mætir og les upp úr skáldsögu sinni Kötur, Kristín Steins- dóttir les upp úr skáldsögunni Vonarland- ið og Björk Þorgrímsdóttir og Valgerður Þóroddsdóttir lesa upp úr Kónur á ystu nöf og fleiri meðgönguljóðum.

**17.00** Velkomin á tilnefningahátíð Fjöruverðlauna, bókmenntaverðlauna kvenna í dag. Hátíðin verður haldin í Borgarbókasafninu í Tryggvagötu. Dóm- nefndir tilnefna bækur í þremur flokkum: fagurbókmenntir, barna- og unglingsbók- menntir, fræðibækur og rit almenns eðlis. Fjöruverðlaunin hafa verið veitt árlega frá árinu 2007. Tilgangur Fjöruverðlaunanna er að stuðla að aukinni kynningu á ritverkum kvenna og hvetja konur í rithöf- undastétt til dáða.

**20.00** Næsta Höfundakvöld í Gunnarhúsi er í kvöld. Þá mæta þau Oddný Eir Ævarsdóttir og Steinar Bragi, lesa upp og svara spurningum Höllu Oddnýjar Magnúsdóttur um nýútkomnar bækur sínar. Allir velkomnir á meðan stólar leyfa, aðgangur 500 kr.

### Fyrirlestrar

**16.30** Í dag verða tveir fyrirlestrar í stofu 101 í Odda í fyrirlestraröð Miðaldastofu Háskóla Íslands um Landnám Íslands. Er eitthvað að marka staðháttalýsingar í fornsögum? Getur Landnáma líka verið heimild um landnámið?

**17.00** Streitustúdíó er nýjung á Íslandi. Þetta er samstarfsverkefni Streituskólans og Hörpu með það að markmiði að gera nýjustu þekkingu á streitu og áhrifum hennar á líf okkar og heilsu aðgengilega. Þátttakendur hlusta á fyrirlestur um streitu og fá tækifæri til að hitta sér- fræðinga Streituskólans sem sjá um fræðsluna. 3.500 krónur inn.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is



## STRÁKARNIR VELJA JACK AND JONES



**JACK & JONES®**  
KRINGLUNNI / SMÁRALIND

FACEBOOK.COM/JACKANDJONESICELAND



INSTAGRAM @JACKANDJONESICELAND



STRENGJASVEITIN „Við ætlum að spila jólakonsertinn eftir Corelli, Haydn- og hugguleg jólalög,“ segir Helga.

## Dásamlegt að fá að umgangast ungt fólk

Strengjasveit Helgu Þórarinsdóttur leikur jólatónlist á Bókasafni Seltjarnarness síðdegis í dag.

Jólaandi mun ríkja í Bókasafni Seltjarnarness síðdegis í dag þegar strengjasveit Helgu Þórarinsdóttur kemur þar fram klukkan 17.30. Sveitin er skipuð nemendum og kennurum úr Tónlistarskóla Seltjarnarness.

Helga lenti í alvarlegu slysi fyrir tveimur árum, hlaut mænuskaða og lamaðist. Áður hafði hún verið leiðandi víóluleikari Sinfóníuhljómshveitar Íslands í þrjátíu ár og auk þess kenndi hún við Tónlistarskóla Seltjarnarness. Nú helgar hún sig kennslunni.

„Ég á vinkonu sem sagði við mig: „Þú bara verður að fara að vinna.“ Ég hélt kannski að það vildi enginn fá mig en svo náttúrliga var þetta kannski mín besta lækning. Það er dásamlegt að fá að umgangast ungt fólk. Líka gaman og gefandi

“ Ég hélt kannski að það vildi enginn fá mig en svo náttúrliga var þetta kannski mín besta lækning.

að vera í tónlistinni þótt ég geti ekki spilað.“

Strengjasveitin ætlar að spila verk eftir Bach, Haydn og Corelli ásamt nokkrum jólalögum.

Tónleikarnir eru fastur liður í dagskrá bókasafnsins og hluti af samstarfsverkefni safnsins og Tónlistarskóla Seltjarnarness undir heitinu Tónstafir. Aðgangur er ókeypis.

„Bækurnar eru bara færðar til og sófar og stólar settir í staðinn, mjög kósi,“ segir Helga.

-gun



## Eftir að hafa verið hluti af fjölskyldunni í áraraðir vitum við að allt getur gerst

ÞESS VEGNA ER **F PLÚS** VINSÆLASTA FJÖLSKYLDUTRYGGINGIN Á ÍSLANDI

Best er auðvitað að fyrirbyggja slysin. En eins og við vitum eru nánast engin takmörk fyrir því óvænta sem getur komið upp á. F plús veitir víðtæka tryggingavernd sem sniðin er að

breytilegum þörfum fjölskyldunnar á hverjum tíma. Njótum lífsins áhyggjulaus með F plús fjölskyldutryggingu. **VÍS - þar sem tryggingar snúast um fólk.**

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS

**VÍS**



# NIDUR BREKKU FER



HERRASKÍÐASKÓR  
ROSSIGNOL ALIAS 80

37.990 KR.



DÖMUSKÍÐI  
MEÐ BINDINGUM  
ROSSIGNOL UNIQUE 2

84.990 KR.



HJÁLMUR  
ROSSIGNOL TOXIC

11.990 KR.



SNJÓBRETTI  
ROSSIGNOL MYTH EÐA  
ROSSIGNOL CURCIUT

57.990 KR.



HERRASKÍÐI  
MEÐ BINDINGUM  
ROSSIGNOL PURSUIT 13

84.990 KR.



DÖMUSKÍÐASKÓR  
NORDICA CRUISE 55

29.990 KR.



HJÁLMUR  
K2 THRIVE

15.990 KR.



SKÍÐAGLERAUGU  
UVEX

FRÁ 7.990 KR.



SNJÓBRETTASKÓR  
NORTHWAVE SUPRA EÐA  
NORTHWAVE DIME

26.990 KR.

20% PAKKAFLÁTTUR EF KEYPT ERU SKÍÐI  
OG SKÓR EÐA BRETTI, BINDINGAR OG SKÓR  
ROSSIGNOL, NORDICA, K2, BLIZZARD, NORTHWAVE  
DRAKE, UVEX OG FLEIRI FRÁBÆR MERKI

ÚTILÍF

síðan 1974


SKÍÐAELDIN ER Í GLÆSIBÆ

utilif.is

## LÍFIÐ

FACEBOOK VIKUNNAR

## Beyoncé, Hollywood og Interstellar



Alma Goodman

If you or someone you know is spending the holidays in LA and needs a place to stay we're renting out our apartment in the heart of Hollywood.. Message me if you're interested!



Una Stefánsdóttir

Það er fátt jafn falllegt og að sjá 1 og hálf árs gömul börn dansa við Dave Brubeck... kv. tónlistarkennarinn á ungbarnaleikskóla #djassuppeldi #djasseldi #kennumþeimvel #djassdans #nomorelatibær



Tobba Marínósdóttir

HVAR ER BÍÓNSÍ? Og JZ fáðu þér þína eigin afmælisviku!! Djöf ætla ég að vona að hann steli ekki þönderinu mínu eins og þegar Ben „Smámaður“ Stiller mætti í þitt afmæli Björk Eiðsdóttir en talandi um bjúttíps afhverju er Ben með allt hárið sitt? #klipping #stærrihauslengirþigekki



Valur Gunnarsson

Interstellar in brief: Last people of Earth go in search of an inhabitable planet. Find Iceland. Keep on moving



Fyrir röð tilviljana raðaðist laugardagskvöldið upp í pottþéttan pakka: Dirty Burger á Miklubraut, Gaukar í Borgarleikhúsinu og Geirmundur á Kringlukránni, þegar góðir vinir hittust óvænt í leikhúsinu... Besti borgarinn í borginni, næstbesta leiksýningin og svo dansmaster Íslands með „Ég er kominn heim“. Margar góðar setningar í Gaukum. „Maður skilur ekki við sömu manneskju og maður tók saman við.“ (Síðasta sýning í kvöld!) En mikill svakalegur skiptibókamarkaður er þarna á Kringlukránni.



RYAN HEMSWORTH Framleiðir takta fyrir hina nýju bylgju rappara. NORDICPHOTOS/GETTY

## Plötusnúður á uppleið spilar á Sónar

Enn stærra nafn verður tilkynnt í dag fyrir hátíðina.

Kanadíski plötusnúðurinn og takt-smiðurinn Ryan Hemsworth mun koma fram á tónleikahátíðinni Sónar Festival í Hörpu 14. febrúar. Hemsworth er rísandi stjarna í heimi raftónlistarinnar en hann hefur framleitt lög fyrir fjölda rappara svo sem Deniro Farrar, Sole og The Underachievers ásamt því að endurhljóðblanda lög frá ýmsum frægum tónlistarmönnum.

Þá framleiðir hann sína eigin takta og er talinn vera í fremstu röð framsækinnar klúbba- og raftónlistar í heiminum. Hemsworth framleiðir oft takta fyrir rappara sem eru hluti af hinni nýju bylgju óhefð-

bundinna og öðruvísi rappara. Ekki er reyndar búið að tilkynna um komu Hemsworth af hálfu Sónar Festival en fram kemur á plakatinu fyrir komandi Evróputúr Hemsworths að hann muni stoppa í Reykjavík og spila á hátíðinni 14. febrúar.

Aðstandendur Sónar staðfesta þetta í samtali við Fréttablaðið en Hemsworth verður tilkynntur formlega í dag. Þá verður einnig tilkynnt nafn í tónlistarheiminum sem er að sögn aðstandenda Sónar gríðarstórt. Mun það eflaust verða raftónlistaráhugamönnum á landinu til mikillar gleði. -þj

## Þrjú lög spiluð á Degi íslenskrar tónlistar

Dagur íslenskrar tónlistar verður haldinn á morgun.

Dagur íslenskrar tónlistar verður haldinn hátíðlegur á föstudag. Af því tilefni munu helstu útvarpsstöðvar landsins spila þrjú íslensk lög samtímis kl. 11.15.

Íslendingar geta því sameinast við viðtækin og sungið lög til heiðurs íslenskri tónlist. Markmiðið er að fá sem flesta til að kveikja á útvarpinu kl. 11.15 og syngja með. Tilvalið er að safnast saman á sal þar sem slíkur er til afnota til að allir geti sameinast í söng.

Lögin sem urðu fyrir valinu í ár eru lag Sigfúsar Halldórssonar, Litla flugan, við texta Sigurðar Elíassonar, Reyndu aftur, lag og texti eftir Magnús Eiríksson og Þannig týnist tíminn, lag og texti eftir Bjartmar Guðlaugsson. Dagur og gítargrjú laganna eru aðgengileg á Facebook-síðu Syngjum saman!.

Þátttakendur eru hvattir til



BJARTMAR GUÐLAUGSSON Lagið Þannig týnist tíminn eftir Bjartmar verður flutt á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

þess að taka sönginn sinn upp á myndband og senda á Facebook-síðu Syngjum saman! í kjölfar viðburðarins.

Dagur íslenskrar tónlistar og verkefnið Syngjum saman! eru haldin fyrir tilstuðlan hagsmunasamtaka tónlistarinnar undir formerkjum Samtóns.

## Hvetur börn til þess að hafa trú á sér

Sædis Sif Jónsdóttir gaf nýverið út barnabókina Draumálfurinn Dísa, en bókinni er ætlað er að hvetja börn til þess að hafa trú á sér og draumum sínum.

Sædis Sif Jónsdóttir gaf á dögunum út barnabókina Draumálfurinn Dísa. Kveikjan að bókinni vaknaði eftir að fyrsti sonur Sædisar kom í heiminn. Þegar hann fór að stálpast fór hún að horfa á barnaefni og lesa barnabækur í auknum mæli.

„Upphaflega var ég að hugsa um mín börn, af því að ég vildi að þau vissu að ég myndi trúa á þau og þeirra drauma. Svo langaði mig til þess að hvetja önnur börn til þess að trúa á sig og sína drauma.“

Bókin segir söguna af draumálfinum Dísu sem er óhrædd við að láta sig dreyma og hvetur vini sína tvo, bræður Manna og Danna sem eru kóngulær, til þess að hafa trú á sér. „Af því að ég er svolítið mikil draumóramanneskja sjálf leit ég að vissu leyti á mig sem draumálfinn. Kóngulærnar eru synir mínir, þeir eru litlu prakkararnir í kringum draumálfinn,“ segir Sædis, sem á synina Manúel Jón og Daníel Ísak.

Manúel Jón átti sinn þátt í því að skapa draumálfinn Dísu en hún var sköpuð að hluta út frá teikningu eftir hann. „Það var svolítið þannig að ég var alltaf að teikna eitthvað á blað. Hann var duglegur að fylgjast með mér af því að hann elskar að teikna með mér og tók eftir því að ég var alltaf að teikna það sama. Eitt kvöldið kemur hann með teikningu til mín og þetta er fyrsti draumálfurinn sem hann gerði.“

Sædis og myndskreytari bókarinnar, Alyssa Erin, notuðu teikningu Manúels Jóns sem fyrirmynd að Dísu. Sædis útskrifaðist sem markþjálfari fyrir rúmu einu og hálfu ári. Það var í október eftir námskeiðið Konur til athafna hjá Sigrúnu Lilju



MÆDGIN Sædis er hér með sonum sínum, Manúel og Daníel, en þeir veittu henni innblástur við gerð bókarinnar. MYND/STÚDÍOLINNEN

Guðjónsdóttur, eiganda Gyðju Collection, sem Sædis fylltist krafti og ákvað að kyla á hugmyndina. „Ég fór á námskeið hjá Sigrúnu Lilju og fékk svaka kraft úr námskeiðinu og fór strax í þetta eftir það. Námskeiðið var í október og ég dreif bara í þessu.“

Þegar Sædis hafði samband við bókaforlög tjáðu þau henni að hún væri of sein til þess að koma

bókinni út á þessu ári en þá ákvað hún að taka málin í sínar hendur og gefa bókina út á eigin spýtur. Hún hefur því séð um alla markaðssetningu og dreifingu á bókinni sjálf. Draumálfurinn Dísa fæst meðal annars í verslunum Eymundsson.

gydaloo@frettabladid.is



DRAUMÁLFURINN Dísa er byggð á teikningu eldri sonar Sædisar. MYND/ALYSSAERIN

27.11.2014 → 03.12.2014



## LAGALISTINN

1	Hozier	Take Me To Church
2	Ásgeir Trausti	Stormurinn
3	Jón Jónsson	Gefðu allt sem þú átt
4	Ed Sheeran	Thinking Out Loud
5	Amabadama	Gaia
6	George Ezra	Blame It On Me
7	Kaleo	All The Pretty Girls
8	Dotan	Home
9	Sam Smith	I'm Not The Only One
10	Helgi Björnsson	Ég fer á Land Rover frá Mývatni á Kópasker

Skýringar ► Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ★ Nýtt á lista Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Þátttakendur í Lagalistanum Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2 og K100.5. Auk þess er tekið mið af sölu og spilun á Tónlist.is og spilun á Spotify. Verðslanir í Tónlistanum Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, Samkaup, Kaupfélag Skagfirðinga, Lucky Records, Vefverslun Record Records, N1 og tonlist.is



## TÓNLISTINN

1	Skálmöld	Með vættum
2	Ymsir	Fyrir börnin
3	Ymsir	SG jólaögin
4	Ymsir	Pottþétt jóla (2014)
5	Raggi Bjarna	80 ára
6	Páll Rósinkranz og Margrét Eir	If I Needed you
7	Gissur Páll	Aría
8	Páll Rósinkranz	25 ár
9	Mannakorn	Í núinu
10	AmabAdamA	Heyrðu mig nú



JÓLAVÖRURNAR KOMNAR




# RAFVÖRU MARKAÐURINN

LÁGVÖRUVERÐSVERSLUN VIÐ FELLSMÚLA

## MIKIÐ ÚRVAL AF HANGANDI LJÓSUM



9.995KR



11.995KR



13.995KR



7.995KR



9.995KR

## BETRA VERÐ



STÓRIR  
19.995KR

LÍTLIR  
12.995KR



9.995KR



19.995KR



14.995KR



12.995KR



STÓR  
6.995KR

LÍTLIR  
3.995KR



14.995KR




8.995KR



STÓR  
7.495KR

LÍTLIR  
5.995KR



12.995KR



**RAFVÖRU MARKAÐURINN**  
Fellsmúli • 108 Reykjavík • S:585-2888

**OPIÐ ALLA DAGA**  
Mánudaga - Föstudaga: 9-18  
Laugardaga: 10-16  
Sunnudaga: 12-16

# Hæstánægður með dómanna

Revolution Inside the Elbow of Ragnar Arnarsson Furniture Painter gekk vel í New York.

„Ég er mjög sáttur með þessa dóma, þeir voru margir alveg frábærir. Það er auðvitað þannig að það eru alltaf skiptar skoðanir um öll verk en þetta verk fékk alveg frábæra dóma,“ segir Ívar Páll Jónsson, höfundur söngleiksins Revolution Inside the Elbow of Ragnar Arnarsson Furniture Painter sem frumsýndur var í Minetta Lane Theater í New Yorkborg í ágúst.

Tónlistinni í söngleikum var meðal annars líkt við Radiohead

og David Bowie í dómum. „Tónlistin sjálf fékk alveg rosalega góða dóma undantekningalaust, það var ekki einn einasti neikvæður dómur þannig að þetta er allt saman mjög jákvætt og gott.“

Sýningin stóð yfir tvo mánuði og segist Ívar sáttur með það en hann er nú kominn í fæðingarorlof, sem stoppar hann þó ekki í tónlistargerðinni. „Ég er alltaf að semja og það eru einhver örlög sem ég get ekki flúið. Svo á ég eftir að ákveða hvað ég geri úr

„Ég er alltaf að semja og það eru einhver örlög sem ég get ekki flúið. Svo á ég eftir að ákveða hvað ég geri úr því sem ég er að framleiða, það má vera annar söngleikur eða hljómplata kannski. Það er aðeins að gerjast hjá mér.“

Því sem ég er að framleiða, það má vera annar söngleikur eða hljómplata kannski. Það er aðeins að gerjast hjá mér.“



BERGUR OG ÍVAR Bergur Þór Ingólfsson, leikstjóri og Ívar Páll.

MYNDÚR EINKASAFNI

## Töff í svörtu

Alessandra Ambrosio sendir fingurkoss til áhorfenda að englasíð.



NORDICPHOTOS/GETTY



## Íburðarmikið

Sýningin er alltaf stórglæsileg og í ár var öllu tjaldað til.

## Jólalegt

Doutzen Kroes í fallegu setti.

# LEYNDARMÁL VICTORIU Í LONDON

Það er svo sannarlega mikið um að vera í London þessa dagana, en á þriðjudagskvöld var sýning undirfatamerkisins Victoria's Secret haldin þar í fyrsta sinn. Að venju var sýningin íburðarmikil og í ár voru sýndir tveir „milljónollara“-brjóstahaldarar. Tónlistaratriðin voru ekki af verri endanum, fram komu Taylor Swift, Ed Sheeran, Ariana Grande og Hozier.



## Stórglæsileg

Candice Swanepoel skemmti sér vel á sviðinu.



## Gyllt og glæsileg

Fyrirsætan Behati Prinsloo skartaði þessum glæsilegu gylltu vængjum.



## Snjóhvítt

Jasmine Tookes var jólaleg í hvítu setti.



KRAUMUR Frá verðlaunaathöfninni í fyrra. Á meðal þeirra sem fengu tilnefningu í ár eru Ólöf Arnalds, Grísalappalísu, ADHD og Ben Frost.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Kraumslistinn fyrir 2014 tilkynntur

Verðlaunin afhent í lok mánaðar til þeirra tónlistarmanna sem skara fram úr.

Kraumsverðlaunin, plötuverðlaun Kraums tónlistarsjóðs, verða afhent í sjöunda sinn í ár. Þess vegna hefur Kraumur birt 20 platna úrvalslista verðlaunanna, svokallaðan Kraumslista, yfir þau verk sem þykja hafa skarað fram úr í íslenskri tónlist á árinu. Síðar í mánuðinum verða verðlaunin sjálf svo afhent.

Kraumslistinn er valinn af tíu manna dómnefnd sem skipuð er fólki sem hefur margvíslega reynslu af því að hlusta á, vinna með og fjalla um íslenska tónlist.

### Dómnefndin

Formaður dómnefndar er Árni Matthíasson en auk hans skipa ráðið:

Benedikt Reynisson  
Elísabet Indra Ragnarsdóttir  
María Lilja Prastardóttir  
Ólafur Halldór Ólafsson  
Ragnheiður Eiríksdóttir  
Trausti Júlíusson  
Valdís Thor  
Pórunn Edda Magnúsdóttir

### Plötur eftir eftirfarandi tónlistarmenn eru tilnefndar

AdHd	Ólöfu Arnalds
Önnu Þorvaldsdóttur	Pink Street Boys
Ben Frost	Russian Girls
Börn	Sindra Eldon
Grísalappalísu	Singapore Sling
Heklu Magnúsdóttur	Skakkamanage
Kippa Kaninus	Skúla Svennis
Low Roar	Anthony Burr &
M-Band	Yungchen Lhamo
Oyama	Úlf Kolka
Óbó	Póri Georg

- þj

2014 Jólín 2014 Jólín 2014 Jólín 2014 Jólín 2014 Jólín 2014 Jólín 2014 Jólín 2014 Jólín 2014 Jólín 2014

Þísmas Míóil Júl 2014




HOLME GAARD

ROYAL COPENHAGEN

GEORG JENSEN



R O S E N D A H L



*Jólín eru komin hjá okkur*



**KÚNÍGÚND**

Laugavegi | Kringlunni

**SAMBÍÓINN**

LOS ANGELES TIMES ★★★★★

NEW YORK POST ★★★★★

EMPIRE ★★★★★

TIME OUT LONDON ★★★★★

VARIETY ★★★★★

**ALFABAKKA**

THIS IS WHERE I LEAVE YOU KL. 8 - 10:20

MÖRGÆSIRNAR FRÁ MADAGASCAR KL. 2D: KL. 5:50

MÖRGÆSIRNAR FRÁ MADAGASCAR KL. 3D: KL. 6:20

DUMB AND DUMBER TO KL. 5:40 - 8 - 10:20

INTERSTELLAR KL. 5:40 - 8:30 - 9:30

INTERSTELLAR VIP KL. 5 - 8:30

ALGJÖR SVEPPI KL. 5:40

JOHN WICK KL. 8 - 10:20

**EGILSHÖLL**

THIS IS WHERE I LEAVE YOU KL. 5:40 - 8 - 10:20

INTERSTELLAR 4K KL. 8

INTERSTELLAR KL. 6:30 - 10

MÖRGÆSIRNAR FRÁ MADAGASCAR KL. 2D: KL. 5:50

THE RAILWAY MAN KL. 8 - 10:30

ALGJÖR SVEPPI KL. 5:40

**KRINGLUNNI NÚMÉR 5-ETI**

INTERSTELLAR KL. 5:30 - 9

THE RAILWAY MAN KL. 8 - 10:20

AFINN KL. 5:40

VIKINGO KL. 6 - 8 - 10

**KEFLAVÍK**

THIS IS WHERE I LEAVE YOU KL. 10:30

THE HUNGER GAMES KL. 8

DUMB AND DUMBER TO KL. 8

VIKINGO KL. 10:20

**AKUREYRI**

THIS IS WHERE I LEAVE YOU KL. 8

INTERSTELLAR KL. 8:30

ALGJÖR SVEPPI KL. 6

VIKINGO KL. 10:20

TRYGGÐU PÉR MIÐ A SAMBÍÓIS

**SMÁRA BÍÓ HÁSHÖLA BÍÓ**

MOCKINGJAY KL. 5 - 8 - 10:45

MOCKINGJAY LUXUS KL. 5 - 8 - 10:45

MÖRGÆSIR ISL. TAL. 2D KL. 3:15 - 5:30

MÖRGÆSIR ISL. TAL. 3D KL. 3:15 - 5:30

MÖRGÆSIR ENSKT. TAL. 3D KL. 8

DUMB AND DUMBER KL. 3:30 - 6 - 8 - 10:20

GONE GIRL KL. 10:15

**HÁSHÖLA BÍÓ**

MOCKINGJAY KL. 6 - 9 - 10:30

DUMB AND DUMBER KL. 5:30 - 8 - 10:30

MÖRGÆSIR ISL. TAL. 2D KL. 5:15

MÖRGÆSIR ISL. TAL. 3D KL. 5:30

ST. VINCENT KL. 8

NIGHTCRAWLER KL. 8

GRAFIR OG BEIN KL. 10:30

**LAUGARÁS BÍÓ**

POWERSÝNING KL. 10:00

MOCKINGJAY

**LAUGARÁS BÍÓ** Sýningartímar

HUNGER GAMES: MOCKINGJAY 5:30, 7, 10(P)

MÖRGÆSIRNAR 2D 5

DUMB & DUMBER TO 5:30, 8, 10:20

NIGHTCRAWLER 8, 10:30



**MEGHAN TRAINOR** Jennifer Lopez kom Trainor til aðstoðar á AMA-hátíðinni. NORDICPHOTOS/GETTY

## Fékk ástarráð frá Lopez

Meghan Trainor segir að Jennifer Lopez hafi gefið henni góð ráð í ástamálanum á American Music Awards í síðasta mánuði.

„Ég hitti Jennifer Lopez á AMA-hátíðinni og hún var ótrúlega svöl. Hún var frábær, alveg eins og ég vonaðist eftir,“ sagði söngkonan. „Ég sagði við hana: „Hvernig færðu menn til að tala við þig og þaðra við þig?“ Vegna þess að ég er listmaður núna þá á ég í vandræðum með þetta. Hún sagði: „Vertu mjög vandlát og vertu meðvítuð um hvers virði þú ert. Að þú ert æðisleg og að þú þurfir að setja þér háleitt markmið“,“ sagði Trainor og var mjög sátt við hin góðu ráð.



**CHRIS ROCK** Frumsýnir nýju myndina sína um helgina.

## Chris Rock í opinskáu viðtali

Grínistinn Chris Rock, sem frumsýnir nýju myndina sína, Top Five, um helgina í Bandaríkjunum, er í opinskáu viðtali við tímaritið New York þar sem hann segir skoðun sína á ýmsu, eins og óeirðunum í Ferguson. „Við vitum nú þegar hvernig svörtu fólk líður varðandi atburðina í Ferguson – það er hneykslað, í uppnámi, og líður eins og það hafi verið svikið af kerfinu. Ef ég væri fréttamaður í Ferguson myndi ég spyrja hvítt fólk spurningar sem engum dytti í hug, og þá myndum við vera með ótrúlegustu viðtöl allra tíma.“

Þá segist hann hafa óbeit á hugtakinu „racial progress“ eða „kynþáttarlegar framfarir“. „Þetta er bull. Hvítt fólk var klikkað einu sinni. Núna er það ekki jafn klikkað. Það að segja að svörtum hafi farið fram er eins og að segja að þeir hafi átt skilið það sem kom fyrir þá áður.“

## Ofsótti meirihlutinn

**BAKPANKAR** Frosta Logasonar

Það er algengt í umræðuhefð okkar nú á dögum að eldheitt hugsjónafólk missi sig í það sem kallað er pólitísk rétt-hugsun. Þeir sem eru hvað heitastir í því að reyna að hafa áhrif á ríkjandi og jafnvel íhaldssöm viðhorf samborgara sinna fá oft í hausinn ásakanir um öfgar og ofstopa.



**PARNA** á milli er jú þunn lína og hættan á að málefnaleg skoðun verði að pólitískri rétt-hugsun er vissulega til staðar. Þessar ásakanir eiga því oft rétt á sér, en stundum alls ekki.

**PÓTT** ótrúlegt megi virðast tel ég sjálfur að slíkar ásakanir eigi einmitt ekki rétt á sér þegar til dæmis hinn kristni meirihluti kvartar undan ofsóknum í sinn garð fyrir það eitt að fá hingað til lands heimsfrægan hommahatara. Fá hann til þess að predika fyrir troðfullri Laugardalshöll með heilbrigðisvottorð frá biskupi Íslands og þar með íslensku ríkiskirkjunni eins og hún leggur sig.

**SÚ** samkoma vildi meina að hún yrði fyrir barðinu á ósanngjarnri pólitískri rétt-hugsun. Rökrétt, ekki satt?

**ÞAÐ** er líka mjög krúttlegt þegar glaðlyndur lögreglumaður vælir undan hinni pólitísku rétttrúnaðarkirkju vegna þess að hann fær ekki að vera byssuglaður, íhaldsamur rasisti í friði. Fallet líka hvað honum fannst það frábær hugmynd að skrifa grein sem hann taldi vera svo langt út fyrir boxið að hún hlyti að færa viðmið normsins út á jaðar hinnar framsæknu hugsunar og gera samfélagið okkar miklu betra á eftir. Hún átti að skapa samúð með þjáðum meirihlutahópum. Þá segi ég eins og skáldið, fyrirgefðu á meðan ég æli.

**ÞAÐ** er nefnilega þannig að þeir sem vilja saka aðra um pólitíska rétt-hugsun þurfa eðli málsins samkvæmt að geta útskýrt í hverju sú meinta rétt-hugsun felst. Sumir virðast ekki gera sér grein fyrir þessu og telja jafnvel um leið að hommafóbia þeirra og rasismi geti í einhverjum tilfellum talist til heilbrigðrar afstöðu. Slíku fólki veitir sennilega ekki af góðri messu í pólitísku rétttrúnaðarkirkjunni.

## Sumarsmellir í skammdeginu

TÓNLIST ★★★★★

**Heyrðu mig nú**

AmabAdama

RECORD RECORDS

Það er varla hægt að tala um „reggí-endurreisn“ á Íslandi, því það er ekki eins og það hafi verið til einhverjar reggíhljómsveitir hér á landi fyrir aldamót.

AmabAdama er nýjasta viðbótin í þessa reggí...reisn (?) sem hófst fyrir rúmum áratug með tímamótaplötu Hjálma, Hljóðlega af stað. Hljóðheimur fyrstu plötu sveitarinnar, Heyrðu mig nú, er nokkuð frábrugðinn þeim sem aðdáendur Hjálma eða jafnvel Ojba Rasta hafa vanist. Þær sveitir sækja ef til vill meira í gulltímabil tónlistarstefnunnar sem kennd er við Jamaíku um miðbik 8. áratugar síðustu aldar, líkja eftir hráum gítartaktinum, þykkum bassalínunum og skreyta með tilkomumiklum lúðrahljómi – jafnvel ákveðnu dub-fikti í tilfelli Ojba Rasta.

AmabAdama sækir í „dancehall“-afbrigði stefnunnar þar sem Magnús Jónsson, eða Gnúsi Yones, er í hlutverki talandi plötusnúðarins, eða rapparans. Þær Steinunn Jónsdóttir og Salka Sól Eyfeld syngja svo og rappa á víxl og gera það vel. Á þetta sérstaklega við um



AMABADAMA

smellina tvo sem verða líklega vinsælustu lög ársins 2014 á Íslandi, Gaia og Hossa hossa. Miðað við vinsældir laganna hljóta Íslendingar að geta gert ráð fyrir því að einhver lagahöfundur sitji nú sveittur að semja næsta reggísmell fyrir sumarið 2015; tvímælaust besta leiðin til að geta kveikt í vindlum með einum góðum Jónasi, sé eitthvað að marka síðustu sumur.

En, Heyrðu mig nú! Þessi fyrsta breiðskífa AmabAdömu er mjög frambærileg. Það er helst að í áður nefndum smellum, sem og í lögnum Það sem þú gefur og Hermenn, beri á „óverpróðuseruðu“ reggísánda, sem er reyndar einkennandi fyrir danshallarstefnunna. Eldorado, Babylonkirkja og



Óráð eru hægari, með hrárra gítarriffi og frjálslegri notkun á lúðrum til að stækka hljóðheiminn – allt mjög gott.

Boðskapur plötunnar er líka svo jákvæður, ekki slæmt í skammdeginu og jólastressinu. Hugsum um að lifa lífinu lifandi, verum góð hvert við annað og gleymum ekki þeim sem minna mega sín. Heimurinn hefur alla burði til að vera betri staður og allt það. Hei, af hverju ekki? Eitt samt: Eldorado er (aðeins of) keimlíkt laginu Baldursbrá með Ojba Rasta.

Björn Teitsson

**NIÐURSTAÐA:** Frambærileg fyrsta breiðskífa sem hefur að geyma helstu sumarsmelli ársins en önnur lög leynd einnig á sér.

## Kósí að taka upp í þynnkunni með pabba

Bitter & Resentful með Sindra Eldon & The Ways er komin út á vegum Smekkleysu.

Tónlistarmaðurinn Sindri Eldon hefur nú gefið út fyrstu formlegu sólóplötu sína ásamt hljómsveit sinni The Ways á vegum Smekkleysu.

„Það hafði eiginlega enginn annar áhuga,“ segir Sindri og hlær. „Ég var svolítið fúll út í Smekkleysu af því að þeir skitu fyrir nokkrum árum. Ég var mjög reiður út í þá en þeir hafa nú reyndar reynt mér ágætlega, ég ákvað að gefa þeim séns. Það hefur gengið betur heldur en með Slugs en ég held að þeir hafi líka alveg vitað upp

á sig skömmina og verið til í að gera betur.“

Platan, sem heitir Bitter & Resentful var tekin upp í Studio Paradís og í Studio Tónaslóð með Danna Pollock og föður Sindra, Þór Eldon.

„Pabbi tók upp gítarinn og sönginn. Uppi í Tónaslóð eru alls konar gítarar, magnarar og effektar liggjandi út um allt ásamt hágæða söngupptökugræjum. Það var ótrúlega næs, maður var oft hangandi úti á Granda með pabba í þynnkunni að drekka kaffi og taka upp gítar. Það var bara mjög kósí.“



**SINDRI ELDON** Hefur gefið út sína fyrstu formlegu sólóplötu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**BÍÓ ★ PARADÍS** HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

Whiplash ..... 17.45, 20.00, 22.15

Turist ..... 17.45

White God ..... 17.45, 20.00, 22.15

Clouds of Sils Maria ..... 20.00

20.000 days on Earth ..... 22.30

**TURIST**

**Barnaheill** Save the Children á Íslandi

Vissir þú að... holl og góðfæra stúlar að líkalegu heilbrigði sem börn eiga rétt.

# Pakkar sem passa þér og þínum!

*Vild*

Áskrifendur 365 fá allt að 50% afslátt hjá fjölda fyrirtækja og verslana.



**0 KR.**  
Internet og heimasími fylgir völdum pökkum  
Fullt verð: 3.490 kr.

## Fjölskyldu-pakkinn

## Skemmti-pakkinn

## Sport-pakkinn

## Stóri pakkinn

	3 stöðvar	6 stöðvar	9 stöðvar	14 stöðvar
	<p><b>3</b> Fersk sjónvarpsstöð með erlent gæðaeefni í bland við íslenska dagskrá.</p> <p><b>Krakka Stöðin</b> Talsett barnaeefni frá morgni til kvölds og Krakkabíó alla daga kl. 19.00.</p> <p><b>BRAVO</b> Tónlist í bland við íslenska dagskrá allan sólarhringinn.</p>	<p><b>SPORT</b> Fréttir, vönduð íslensk dagskrárgerð, þættir frumsýndir daglega og spennandi bíómyndir fyrir alla aldurshópa.</p> <p><b>3</b> Erlent gæðaeefni í bland við íslenska dagskrá.</p> <p><b>G</b> Sígidir innlendir og erlendir þættir.</p> <p><b>b</b> Frábærar kvikmyndir allan sólarhringinn.</p> <p><b>Krakka Stöðin</b> Talsett barnaeefni frá morgni til kvölds.</p> <p><b>BRAVO</b> Tónlist í bland við íslenska dagskrá allan sólarhringinn.</p>	<p><b>SPORT</b> Meistaradeildin, NBA, Domino's-deildin, undankeppni EM 2016, FA-bikarinn, Enski deildabikarinn, Evrópudeildin, Formúla 1, MotoGP, spænska deildin, þýski handboltinn, UFC og Gunnar Nelson, box o.fl.</p> <p><b>SPORT 2</b> Allir ensku leikirnir í beinni og Messan með Gumma Ben.</p> <p><b>MUTV</b> Spjallþættir, viðtöl, glæsilegustu mörkin o.fl.</p> <p><b>Chelsea</b> Allt um Chelsea á einni og sömu stöðinni.</p> <p><b>LFC</b> Flottustu mörkin, viðtöl, samantektir o.fl.</p> <p><b>SPORT 2 3 5</b> Þrjár hliðarrásir Stöð 2 Sport</p> <p><b>BRAVO</b> Tónlist í bland við íslenska dagskrá allan sólarhringinn.</p>	<p><b>SPORT</b> Fréttir, vönduð íslensk dagskrárgerð, þættir frumsýndir daglega og spennandi bíómyndir fyrir alla aldurshópa.</p> <p><b>SPORT</b> Íþróttamfjöllun og beinar útsendingar frá stærstu íþróttaviðburðum í heimi.</p> <p><b>SPORT 2</b> Allir ensku leikirnir í beinni og Messan með Gumma Ben.</p> <p><b>3</b> Erlent gæðaeefni í bland við íslenska dagskrá.</p> <p><b>G</b> Sígidir innlendir og erlendir þættir.</p> <p><b>b</b> Frábærar kvikmyndir allan sólarhringinn.</p> <p><b>Krakka Stöðin</b> Talsett barnaeefni frá morgni til kvölds.</p> <p><b>BRAVO</b> Tónlist í bland við íslenska dagskrá allan sólarhringinn.</p> <p><b>SPORT 2 3 5</b> Þrjár hliðarrásir Stöð 2 Sport</p> <p><b>MUTV</b> Spjallþættir, viðtöl, glæsilegustu mörkin o.fl.</p> <p><b>Chelsea</b> Allt um Chelsea á einni og sömu stöðinni.</p> <p><b>LFC</b> Flottustu mörkin, viðtöl, samantektir o.fl.</p>
		<b>MARAPON</b> Gerir þér kleift að horfa á heilu þáttaraðirnar, frá upphafi til enda.		<b>MARAPON</b> Gerir þér kleift að horfa á heilu þáttaraðirnar, frá upphafi til enda.
